

24

Áhugaleikfélögin standa fyrir haustsýningum



26

Lögfræðingur og læknir sem stunda sjálfsþurftarbúskap



28–29

Afkastageta aukin um 40% og fullvinnsla eykst

# Bændablaðið

19. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 7. október ● Blað nr. 596 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Mikill kraftur í uppbyggingu Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Verið er að auka afköst verksmiðjunnar um 40% og starfsmönnum verður fjölgað. Þá er nú aukin áhersla lögð á fullvinnslu á skepnufóðri og kalkþörungum til manneldis, auk þess sem ný kalkþörungaverksmiðja er í burðarliðnum í Súðavík. – *Sjá bls. 28–29.* Mynd / Hörður Kristjánsson

### Blikur á lofti í framleiðslu og sölu á tilbúnum áburði:

# Samdráttur í framleiðslu í Evrópu og gríðarlegar hækkanir í sjónmáli

### – Bændur hvattir til að kalka tún til að draga úr þörf á áburðargjöf næsta vor og innflytjandi kallar eftir aðkomu ríkisins

**Stærstu framleiðendur á tilbúnum áburði í Evrópu hafa margir hverjir dregið mjög úr framleiðslu á tilbúnum áburði á undanförnum vikum og mánuðum – og sumir stöðvað alveg framleiðsluna. Ástæðan er að verð á jarðgasi hefur hækkað gríðarlega á einu ári, en úr því er unnið ammonium sem er eitt grunnhráefnið í framleiðslu á tilbúnum áburði. Blikur eru því á lofti um alla Evrópu varðandi framboð og verð á tilbúnum áburði fyrir næsta ár.**

Árleg kaup bænda á tilbúnum áburði er stór útgjaldaliður í búrekstrinum og eru áburðarsalar sammála um að búast megi við að verðið muni hækka verulega frá síðasta ári. Þeir segja að ekki sé tímabært að gefa neitt út um það enn að skortur sé yfirvofandi.

*Hækkun á ammonium nú orðin 137 prósent*

Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), sér um innkaup á áburði norska framleiðandans Yara fyrir íslenska bændur.

„Eins og staðan er núna er ekki raunhæft að kaupa áburð eða festa verð. Ég get ekki sagt til um það hvenær það verður, en hækkun á ammonium samkvæmt síðustu tölum er 137 prósent,“ segir Elías en SS er meðal umfangsmestu áburðarsala á Íslandi.



Hækkanir á gasi og hráefnum munu valda miklum hækkunum á áburði.

„Við erum í góðu samstarfi við Yara og hafa þeir fullvissað okkur um að við munum fá nægan áburð fyrir vorið. Þessar hræringar valda Yara og norskum bændum verulegum áhyggjum og eru hvorugum hagfelldar. Lokun verksmiðja vegna gríðarlegrar verðhækkunar á hráefni – og sérstaklega á gasi er engum til góðs að mínu mati. Við höfum hvatt bændur til að kalka túnin og bæta sýrustig jarðvegs, en það er langhagstæðasta aðgerðin sem bændur geta farið í til að geta dregið úr áburðargjöf, því með réttu sýrustigi í kringum 6 til 6,5 þá nýtast áburðarefnin best,“ bætir Elías við og segir haustið góðan tíma til að kalka túnin.

*Stjórnvöld þurfa að milda höggið*

Elías hefur skrifað hugleiðingar sínar inn á vefinn yara.is, þar sem hann tekur dæmi um 86 prósenta verðhækkun á NPK áburði, frá því í október á síðasta ári. Á sama tímabili er dæmi um 135 prósenta hækkun á köfnunarefni.

„Því er alveg ljóst að bændur geta ekki einir tekið á sig þær verðhækkanir sem fram undan eru á áburði. Hækkun á áburði og öðrum rekstrarvörum mun að lokum koma fram í vöruverði til neytenda. Það eru því rík rök fyrir því að hið opinbera komi að því að milda það högg sem fram undan er með fjárstuðningi við bændur. Fordæmi er til að mynda fyrir stuðningi við kölkun en fleira þarf að koma til.

Við þessar aðstæður skiptir einnig miklu máli að bændur grípi til þeirra aðgerða í tíma sem mögulegar eru í stöðunni. Mikilvægt er að leita leiða til að draga úr notkun á tilbúnum áburði á næsta ári vegna þeirra miklu hækkana sem nú blasa við. Við þessar aðstæður er mikilvægt að nýta allan húsdýraáburð sem bændur hafa aðgang að til að draga úr notkun á tilbúnum áburði í vor,“ segir Elías á vefnum.

Jóhannes Baldvin Jónsson hjá Líflandi og Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni taka í sama streng og Elías.

„Við fylgjumst grannt með stöðunni í gegnum okkar birgja og á mörkuðum, en vegna mikilla hækkana halda kaupendur að sér höndum og markaðurinn því í sögulegu frosti sem stendur. Verð hafa þegar hækkað mikið en spurning hvert veturinn mun leiða okkur,“ segir Jóhannes.

„Eins og staðan er í dag sjáum við líka þessar hækkanir á hráefnum og einnig að verð á tilbúnum áburði er mun hærra nú en fyrir ári síðan. Eftirspurnin hefur ekkert minnkað, aukist ef eitthvað er og á sama tíma hefur kostnaðurinn aukist. Við höfum ekki fengið upplýsingar um yfirvofandi skort,“ segir Úlfur.

*Orsakir liggja víða*

Ástæða hinna miklu verðhækkana á jarðgasi í Evrópu má rekja til þess að mjög hefur dregið úr dreifingu á því, en Rússar framleiða og dreifa stærstum hluta þess sem fer á Evrópumarkað. Yara hefur gefið það út að það muni leita fanga til annarra heimshluta til að geta annað eftirspurninni í Evrópu.

Elías segir að vandamálið sé ekki bara tengt dreifingu á jarðgasi – og að hráefni til áburðarframleiðslu hafa hækkað gríðarlega – heldur einnig til vandamála tengt skipaflutningum þar sem skortur sé á skipum og mikil hækkun á flutningsverði.

„Framleiðslan stendur ekki undir þessum orkuhækkunum. Því er spurningin, þegar að framleiðsla fer af stað aftur, hvort framleiðendur geti uppfyllt þarfir markaðarins. Önnur breyta í þessu er að Kínverjar, sem hafa verið stórir útflutningsaðilar á áburði í Asíu og Indlandi, hafa nú ákveðið að öll áburðarframleiðsla verði notuð heima fyrir, sem skapar gríðarlegan óróa á heimsmarkaði,“ segi Elías. */smh*

FRÉTTIR

## Um 60 þúsund fjár í Skaga- og Húnahólfi:

# Varnarlína við Blöndu var lögð niður 2018

## – Bændur kalla eftir endurskoðun á þeirri ákvörðun

**Varnarlína við ána Blöndu var lögð niður þann 1. febrúar 2018. Það var gert að tillögu Matvælastofnunar og með því var Húna- og Skagahólf gert að einu varnarhólfi sem er merkt nr. 9. Samtals eru um 60 þúsund fjár innan hólfsins, sem skiptast gróflega þannig að um 20 þúsund fjár eru í Skagahólfi og um 40 þúsund í Húnahólfi.**

Í ljósi þeirrar umræðu sem nú á sér stað um útbreiðslu riðu á svæðinu hafa bændur kallað eftir því að þessi ákvörðun verði tekin til endurskoðunar.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er ráðherra falið að ákveða, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, hvaða varnarlínum skuli haldið við og ef nauðsyn krefur hvort setja eigi upp nýjar varnarlínur. Breytingar hafa nokkrum sinnum verið gerðar á varnarlínum.

Í mars árið 2017 kom út skýrsla um endurskoðun á varnarlínum vegna sauðfjársjúkdóma. Í skýrslunni leggur héraðslæknir umdæmisins til að varnarhólfin Húnahólf og Skagahólf verði sameinuð því áin Blanda, sem skilur hólfin að, er engan veginn nægur farartálmi fyrir sauðfé. Þá vantaði ristarhlið við báðar Blöndubrýrnar og sjúkdómsstaða í báðum hólfum væri hin sama.




Eins og sjá má á þessu korti eru bæði Húnahólf og Skagahólf með sama númer (9) eftir að varnarlína við Blöndu var aflögð 2018. Hugmyndir Halldórs Runólfssonar, fyrrverandi yfirdýralæknis, um niðurskurð, snerta eldi á um 60 þúsund fjár og kostnaður ríkisins gæti numið um 6 milljörðum króna.

### *Skortur á fjármagni til viðhalds og endurbóta á girðingunni*

Meginrökin fyrir því að leggja niður varnarlínu við Blöndu var skortur á fjármagni til viðhalds og endurbóta á girðingunni. Bændur á svæðinu mótmæltu harðlega áformum um niðurfellingu á Blöndulínu á sínum tíma. Niðurstaða nefndarinnar sem vann að tillögum um endurskoðun á varnarlínum var í samræmi við kröfur bænda. Nefndin lagðist gegn því að línan yrði lögð niður, en lagði jafnframt til að tryggt yrði fjármagn til að gera línuna fjárhelda og viðhalda henni.

Í ummælum nefndarinnar er á það bent að sjúkdómastaða í varnarhólfunum tveimur væri ólík. Riða hafi þannig greinst síðast í Húnahólfi árið 2007 en hafði greinst árið 2016 í Skagahólfi, ári áður en skýrslan kemur út. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu nefndarinnar fór það þannig að Blöndulína var lögð niður og hólfin sameinuð með innleiðingu á nýrri reglugerð 1. febrúar 2018.

### *Landinu skipt upp í 25 varnarsvæði*

Landinu er nú skipt upp í 25 varnarsvæði með svonefndum varnarlínum sem ýmist eru girðingar eða náttúrulegar hindranir. Um tíma voru varnarlínurnar 29 talsins og aukalínur innan svæða. Upphaflegur tilgangur þessa fyrirkomulags var sá að varna útbreiðslu sauðfjársjúkdóma sem borist höfðu til landsins með innflutningi á karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933, garna- og mæðuveiki. Varnarhólfin voru liður í aðgerðum sem ráðist var í til að útrýma sjúkdómum og það tókst hvað mæðiveikina varðar. Ekki tókst jafnvel upp með garnaveikina sem enn er til staðar. Bólusetning hefur dregið mjög úr tíðni garnaveiki á liðnum árum og henni útrýmt á nokkrum svæðum. /MÞÞ

Riðuveiki er ólík mörgum öðrum smitsjúkdómum í sauðfé að því leyti að um breytt prótein er að ræða en ekki vírus. Riðuveiki er talin hafa borist til landsins með enskum hrúti sem fluttur var inn frá Danmörku að Veðramóti í Skagafirði árið 1878. Veikin breiddist í allar áttir með hrútum undan þeim enska, en hún virtist ekki smitandi í fyrstu. Útbreiðslan var hæg um Norðurland fyrstu 75 árin, en varð að smitfaraldri sem óð yfir stóran hluta landsins yfir tveggja áratuga skeið. Svo hröð útbreiðsla hafði ekki sést í öðrum löndum. Tjón varð líka stórfelldara en menn áður þekktu, 10–15% dauðföll voru algeng árlega á fullorðnu fé og stundum meira. Riðuveiki hefur lagst á ýmsar tegundir dýra í öðrum löndum, en sauðfé er eina dýrategundin hér á landi sem vissa er um að hafi tekið sjúkdóm í þessum flokki, þ.e. TSE, sem er smitandi heilasjúkdómur.

# Bændur í Kinn og Útkinn komnir heim

## – Mjólk tókst að bjarga á öllum bæjum

**Bændur í Kinn og Útkinn eru komnir heim eftir að rýmingu var aflétt á þriðjudagskvöld. Allri mjólk tókst að bjarga á kúabúunum sex.**

Eftir gríðarlega úrkomu á Norðurlandi var hættustigi almannavarna lýst yfir í Kinn og Útkinn í Suður-Þingeyjarsýslu aðfaranótt sunnudags vegna skriðuhættu. Rýma þurfti tólf bæi í Útkinn og Kinn um helgina, en talið er að tugir skriða hafi fallið á svæðunum og nokkrir bæir urðu innlyksa.

Á þriðjudaginn var komið að þolmörkum hjá kúabændum varðandi geymslu mjólkur. Mjólkurbíll Auðhumlu sótti mjólkina á þriðjudaginn á öll sex kúabúin í Kinn og Útkinn, fyrir utan Björg en þangað var ófært. Ökuleið var svo rudd í gegn þangað í gær á miðvikudegi og mjólkinni bjargað.

### *Ræktarlögn á kafi í vatni og aurbleytu*

Var þyrla Landhelgisgæslunnar notuð til að hjálpa til við rýmingu og fengu bændur aðstoð björgunarsveita til að komast í aðkallandi bústörf eins og mjaltir.

Samkvæmt upplýsingum frá Hermanni Karlssyni, aðalvarðstjóra í aðgerðarstjórn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, var ekki tilkynnt um tjón á húsakosti né ollu skriður skaða á búfé bænda en ræktarlönd eru mörg hver á kafi í vatni og aurbleytu.

### *Mjólkurtjón ekki bætt*

Jóna Björg Hlöðversdóttir, bóndi á Björgum og fyrrverandi formaður Samtaka ungra bænda, segir að fjölskyldan hafi haldið til á Húsavík frá aðfaranótt sunnudags og á meðan rýming stóð yfir. „Við fengum að fara heim í mjaltir í fylgd björgunarsveita, enda bannað að fara inn á svæðið. Systir mín og mágur sáu um mjaltir og gjafir en við fengum einnig að fara til að sækja föt og annað sem við þurftum á að halda. Undir venjulegum kringumstæðum hefði mjólkurbíll átt að sækja þriggja daga mjólk til okkar á þriðjudaginn, en það var ekki mögulegt því hér eru erfiðustu aðstæðurnar. Hefði mjólkurbíllinn ekki komist til okkar í dag hefði þurft að hella mjólkinni niður og það tjón hefði ekki verið bætt,“ segir Jóna, en hún telur að um þrjú þúsund lítrar hafi verið í stútfullum tankinum á Björgum þar sem 40 mjólkandi kýr eru.


Jóna Björg Hlöðversdóttir, bóndi á Björgum, og sonurinn Hlöðver Þór Jónuson. Myndir / Aðsendar

### *Aurinn liggur á fjölda túna*

Að sögn Jónu hafa aðstæður lítið breyst frá helginni, áfram hefur haldið að rigna eitthvað, þótt það sé mun minna en um helgina.

Hún segir að það hafi staðið frekar tæpt með eina skriðuna sem teygði sig mjög nærri bænum, en fólk var við mjaltir þegar sú skriða féll. „Sauðféð var úti – og er reyndar enn þá. En það var fjarri fjallinu og því ekki í hættu beinlínis af henni. Við höfðum hins vegar áhyggjur af þeim ef það myndi koma eitthvert flóð í Skjálfandafljóti. Hins vegar er mest allt á floti hjá okkur á túnunum, ýmist undir vatni eða aurbleytu og leðju. Aurinn og leðjan nær alveg yfir fjölda túna og svo eru slettur á öðrum.

Við erum hins vegar bjartsýn á framhaldið og engan bilbug á okkur að finna þegar við fáum loksins að fara heim. Tækin til að koma þessu í samt lag eru til þannig að það verður bara ráðist í verkin eins fljótt og hægt er. Tilfinningatjónið er hins vegar erfitt að bæta, því ásýndin umhverfis bæinn er auðvitað gjörbreytt.

Svo þarf að meta margt upp á nýtt varðandi hættusvæði og annað með tilliti til þess að það bendir ýmislegt til að veðurfar sé breytt í ljósi loftslagsbreytinga, með þessum óhemjumiklu rigningum.“ /smh


Svona voru aðstæður við bæinn Björg í Útkinn á mánudaginn. Mynd / Landhelgisgæslan


Kýrnar kætast þegar bændur og björgunarsveitarmenn koma á bæinn.


LOPI
Þú færð íslensku
ullarsængurnar
á Lopidraumur.is

FRÉTTIR

### Stress í lambakjöti:

# Aðbúnaðurinn skiptir sköpum

## – fyrir fjárflutninga í sláturhús og einnig á staðnum

**Í samstarfsverkefni sem unnið hefur verið að hjá Matís á undanförnum árum – og hefur þann tilgang að afla þekkingar sem mun nýtast til að tryggja gæði íslensks lambakjöts – hefur komið í ljós að aðbúnaður og fóðrun sláturlamba heima á bæjum fyrir flutninga hefur meira um það að segja hvort stress komi fram í kjötinu, en sjálfur flutningurinn í sláturhúsið.**

Sama má segja um rag, vigtun og ómmælingar skömmu fyrir flutning sem líka hefur neikvæð áhrif. Nýlegar rannsóknir benda til að hvíld og fóðrun á sláturstað skipti einnig sköpum varðandi kjötgæðin.

Guðjón Þorkelsson og Óli Þór Hilmarsson, starfsmenn Matís, segja að ljóst sé að meðferð fyrir og eftir slátrun hefur áhrif á kjötgæðin, það er hvort lömbin séu þreytt, örmagna eða stressuð við slátrun. „Það hefur komið fram í okkar rannsóknum og sýnatökum að flutningurinn sjálfur veldur ekki stresseinkennum í kjöti heldur sé það fyrst og fremst öll meðferð fyrir flutninga. Einnig virðist flutningslengdin ekki skipta máli," segir Guðjón. „Þar sem ekki hefur verið hugað að fóðrun og vatnsbúskap gripanna fyrir flutninga hefur stundum borið á stresseinkennum," bætir Guðjón við.

„Það hefur líka komið í ljós í nýlegum rannsóknum okkar að það geti skipt sköpum á sláturstað að aðbúnaðurinn sé góður og nýlegar niðurstöður okkar benda til að þar sem til dæmis fóðrun er í lagi, séu miklar líkur á að það verði einnig í lagi með kjötið," bendir Óli Þór á.

*Um dýravelferðarmál líka að ræða*

„Þetta er að sjálfsögðu dýravelferðarmál. Bændur, flutningsaðilar, réttarstjórar og annað starfsfólk í sláturhúsum hafa lengi verið meðvitaðir um þetta.

Í rannsókninni er þetta sett í samhengi við reglugerðir um meðhöndlun sláturdýra í sláturhúsi og við vernd dýra við aflífun, túlkun og útfærslu þeirra.

Stress fyrir slátrun hefur mikil áhrif á kjötgæði. Kjötið verður dökkt, þurrt, seigt og geymist illa. Þess vegna er verðfellt ef stress finnst í nautakjöti," segir Guðjón.

*Einföld sýrustigsmæling*

Guðjón segir að hægt sé að finna stress í kjöti með einfaldri sýrustigsmælingu í vöðva daginn eftir slátrun. Eðlilegt sýrustig eigi að vera frá 5,4–5,8. Kjöt með hærra sýrustig sé flokkað sem stresskjöt.



Guðjón Þorkelsson og Óli Þór Hilmarsson, starfsmenn Matís, að störfum við sýnatökur á Blönduósi.

„Í rannsókninni núna í haust var verið að kanna hvort þetta eigi við fyrir lambakjöt eða hvort viðmiðunargildið eigi að vera hærra, til dæmis eins og í nautakjöti þar sem miðað er við 6,0.

Við veljum kjöt með mismunandi sýrustigi og frystum það og mælum svo rýrnun, lit, bragðgæði og skurðkraft til að kanna hvort þessir þættir breytist með vaxandi sýrustigi. Síðan vonumst við til að geta lagt til viðmiðunargildi fyrir sýrustig til að túlka þær mælingar," segir hann.

*Stressið minnkað aðeins*

Á undanförnum árum hafa starfsmenn Matís staðið að sýrustigsmælingum í sláturtíð. Haustið 2016 var gerð stór rannsókn á vöðvum 800 skrokka af lömbum frá fjórum ræktunarbúum.

„Niðurstaðan varðandi stress þá var að um tíu prósent hryggvöðvanna var stresskjöt með sýrustig hærra en 5,8. Það var of hátt hlutfall sem þurfti að lækka verulega með fræðslu, ráðgjöf og eftirliti.

Í fyrrahaust var sýrustigið mælt í lambakjöti í þremur sláturhúsum frá 22 bæjum, jafnframt því sem gátlistar voru fylltir út. Þá var níu prósent kjötsins að meðaltali stresskjöt ef miðað er við sýrustig 5,8 en 1,4 prósent ef miðað er við 6,0.

Nokkrir bæir skáru sig úr með ekkert stresskjöt á meðan aðrir bæir voru með frekar hátt hlutfall," segir Guðjón. Hann segir að ástandið hafi þannig skánað en hægt sé að bæta það enn þá meira.

Það skipti máli varðandi velferð lambanna, gæði kjötsins, ímynd greinarinnar og markaðsmálin.

Aðilar að verkefninu um rannsóknir á gæðum íslenska lambakjötsins, eru auk Matís; RML, Landbúnaðarháskóli Íslands, Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands, Fjallalamb og SAH afurðir. /smh

# Vaxtarrými er nýr viðskiptahraðall á Norðurlandi

## – Fyrsta verkefni regnhlífarsamtaka nýsköpunar á Norðurlandi

**Átta nýsköpunarteymi af Norðurlandi taka þátt í nýjum viðskiptahraðli á Norðurlandi sem heitir Vaxtarrými og hófst 4. október og stendur yfir í átta vikur.**

Markmið Vaxtarrýmisins er að hjálpa teymunum að vaxa hratt á þessum átta vikum og á þeirra forsendum. Dagskráin er sérhönnuð með þarfir þátttökuteymanna í huga. Teymin hitta reynslumikla leiðbeinendur, frumkvöðla, fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja á Norðurlandi og víða, sitja vinnustofur og fræðslufundi og mynda sterkt tengslanet sín á milli.

Hraðallinn fer að mestu leyti fram á netinu en jafnframt hittast teymin fjórum sinnum meðan á hraðlinum stendur á vinnustofum á völdum stöðum á Norðurlandi.

*Vaxtarrými fyrsta verkefni Norðanáttar*

Vaxtarrými er fyrsta verkefni nýstofnaðra regnhlífarsamtaka nýsköpunar á Norðurlandi undir heitinu Norðanátt, en að þeim koma Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Eimur, Nýsköpun í norðri, nýsköpunarmiðstöðin Hraðið og ráðgjafarfyrirtækið RATA. Stuðningsaðili Vaxtarrýmis er Fallorka.

Norðanátt byggir á hringrás árlegra viðburða þar sem frumkvöðlar fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, vaxa og ná lengra. Hringrásin samanstendur af lausnamóti, vinnusmiðju, viðskiptahraðli og fjárfestamóti.

*Stoðkerfið verði alltaf tilbúið fyrir góða hugmynd*

Sesselja Barðdal er framkvæmdastjóri Eims og segir hún að Norðanátt hafi fengið styrk úr Lóunni, nýsköpunarsjóði stjórnvalda fyrir landsbyggðina. „Verkefnið hlaut styrk upp á sjö milljónir, en verkefnið felst í því að á hverju ári verði röð viðburða, það er lausnamót, frumkvöðlasmiðja, viðskiptahraðall og fjárfestahátíð.

Verkefnið gengur út á að sama hvaða tíma árs ars þú færð hugmynd þá sé stoðumhverfið tilbúið með verkfæri til að þróa hugmyndina áfram og alltaf sé í boði frekari framþróun á hugmyndinni.

Styrkurinn verður nýttur til að keyra átta vikna hraðalinn Vaxtarrými nú í haust og í framhaldi af því verður haldin fjárfestahátíð," segir Sesselja.



Icelandic Eider sérhæfir sig í fullvinnslu æðardúns og þróun á útivistarvörum. Um er að ræða sjálfbærar vörur þar sem dúnninn fellur til af villtum fuglum og til hreinsunar er notast við jarðvarma af svæðinu.



Austan Vatna framleiðir Chimicurrisósur og fullvinnur kjötafurðir.

*Alþjóðleg fyrirmynd*

Að sögn Sesselju byggir Vaxtarrýmið á alþjóðlegri fyrirmynd en þó klæðskerasniðin að þörfum frumkvöðla og fyrirtækja á Norðurlandi. „Það býður upp á metnaðarfullan vettvang til vöruþróunar og góðan undirbúning fyrir fjármögnun. Þátttakendur fá tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki og vaxa með vindinn í bakið," segir hún. /smh

## Þátttakendur í Vaxtarrými eru eftirfarandi:

**Mýsköpun**
Mýsköpun snýr að tilraunaræktun á smáþörungum til að þróa og framleiða spirulina duft sem fæðubótarefni.

**Plastgarðar**
Plastgarðar þróa heyrúllupoka sem hægt er að nota ár eftir ár og skapa þannig hringrásarhagkerfi landbúnaðarplasts.

**Íslandsþari**
Íslandsþari hyggst nýta jarðhita til að vinna verðmætar afurðir úr stórþara sem vex í miklu magni við Norðurland. Verkefnið byggist á sjálfbærni, fullnýtingu og fullvinnslu hráefnisins í sátt við náttúruna.

**Mýsilica**
MýSilica framleiðir hágæða húðvörur úr náttúrulegum kísil ásamt öðrum steinefnum sem fyrirfinnast í nærumhverfinu. Fyrirtækið nýtir auðlindir sem eru í dag ónýttar og skapa þannig verðmæti.

**Nægtarbrunnur náttúrunnar**
Nægtarbrunnur náttúrunnar er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur það að markmiði að þróa og hefja framleiðslu nýrra drykkjarvara úr staðbundnu hráefni, til dæmis grasöl og rabarbarafreyðivín.

**Icelandic Eider**
Icelandic Eider sérhæfir sig í fullvinnslu æðardúns og þróun á útivistarvörum. Um er að ræða sjálfbærar vörur þar sem dúnninn fellur til af villtum fuglum og til hreinsunar er notast við jarðvarma af svæðinu.

**Austan Vatna**
Austan Vatna framleiðir Chimicurri-sósur og fullvinnur kjötafurðir. Notast er við staðbundin hráefni og lögð áhersla á mikilvægi samspils náttúru og dýra.

**Ektafiskur**
Ektafiskur framleiðir næringarríkan saltstein fyrir búfé úr afsalti sem fellur til við söltun á fiski.

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum, Krónunni og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is*



## Stefán Torfason

Stundar aflraunir á heilbrigðan hátt með hreinum íslenskum fæðubótarefnum.

Aflraunamaðurinn Stefán Torfason kynntist **Happier GUTS** og **Active JOINTS** bætiefnunum frá Eylíf í gegnum móður sína. Hann finnur mikinn mun á sér eftir að hann hóf að taka inn bætiefnin en sportinu fylgir mikið álag á líkamann.

Stefán er sterkasti maður Íslands árið 2021. Hann stundar stífar æfingar á hverjum degi og þegar hann er ekki að æfa er hann að hugsa um næstu æfingu hvernig hún geti verið sem best. „Ég set rosalega mikið álag á hnén á mér, olnboga og mjaðmir í öllum þessum þungu lyftingum og barsmíðum sem maður er að setja líkamann á sér í gegnum. Ég finn mikinn mun á fótleggjunum mér og olnbogum. Ég þjáðist mikið af bólgum sérstaklega í olnbogum og þær hafa minnkað alveg rosalega. Þetta er í raun að halda mér gangandi, ég get æft af miklum ákafa eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** reglulega," segir Stefán. „Það var móðir mín sem kynnti mig fyrir þessum bætiefnum frá Eylíf. Ég prófaði þau fyrst hjá henni, svo var ég í Krónunni einhvern tímann og sá þau og keypti þau þar. Ég hef ekki hætt að taka þau inn síðan. Mér finnst þau virka vel fyrir mig, mér finnst ég finna mun þegar ég er ekki að taka þau inn. Þetta kemur sér vel í þessu sporti sem ég er í."

Auk **Active JOINTS** tekur Stefán inn **Happier GUTS** sem hann segir einstakt efni fyrir mann eins og hann, sem þarf að borða rosalega mikið.

„Ég er að lyfta alls konar grjóti, keppa í réttstöðulyftu og draga vörubíla. Ég þarf að borða nánast 7000 kalóríur á dag. Það er ekki hollt fyrir þig til lengdar. Þú verður þrútinn og uppblásinn, þér getur verið bumbult allan daginn. En eftir að ég fót að taka inn **Happier GUTS** þá líður mér miklu betur í líkamanum. Það hefur svo mikil áhrif á svo margt þegar þú ert ekki svona þungur á þér og þér er ekki illt í maganum. Þú ert bara glaðari yfir daginn," útskýrir Stefán. „Aflraunir eru mjög óheilbrigt sport fyrir líkmann en ég vil auðvitað stunda það á sem heilbrigðastan hátt. Þá verður maður að hugsa um allar hliðar næringarlega séð. Ef maður finnur einhver svona bætiefni sem hjálpa þá notar maður þau hiklaust."

Stefán segist hiklaust með með **Happier GUTS** og **Active JOINTS.** „Þetta er ekki bara fyrir fólk eins og mig sem stundar lyftingar. Móðir mín hefur líka tekið þetta inn í dálítinn tíma og hún finnur mikinn mun á sér. Þetta er í raun fyrir alla."

## Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *GeoSilica kísillinn* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Fjallagrös* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, joði og sink.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



Þórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.

## Úr hreinum íslenskum hráefnum

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR** og **Happier GUTS,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við og framleiðslan er á Íslandi. „Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra," segir Ólöf Rún Tryggvadóttir stofnandi vörulínunnar. **Active JOINTS** er sérhönnuð blanda sem inniheldur kalkþörunga, smáþörunga, GeoSilica kísil og birkilauf. Margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif næringarefnanna á bein, liði, meltingu og húð. Auk þess inniheldur bætiefnið C- og D3- vítamín.
**Happier GUTS,** inniheldur einnig fjögur íslensk hráefni, þau eru: Kítósan, unnið úr rækjuskel, það eru náttúrulegar trefjar sem reynast vel fyrir meltinguna og draga í sig fituefni úr meltingarveginum. Kalkþörungar sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni úr náttúrunni. GeoSilica kísillinn sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni og að lokum fjallagrös sem eru vel þekkt fyrir sín góðu áhrif á meltinguna. Blandan er styrkt með meltingarensímum, C-vítamíni, krómi, joði og sinki

Ólöf Rún stofnaði Eylíf vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum landsins og auka þannig aðgengi fólks að þeim hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri líkama, þá erum við færari til að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum að heilsan er dýrmætust, því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á gæðavöru fyrir meltinguna," segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

## Hreint óerfðabreytt hráefni
## Íslensk framleiðsla
## Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.




EYLÍF

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303
**Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Skrítið kerfi

**Það virðast allir sammála um að nýafstaðnar kosningar hafi skilað afgerandi niðurstöðu. Fyrir utan óskiljanlega bresti sem urðu á talningarstað í Borgarnesi sem setti alla uppbótarþingmenn landsins í hálfgerða þeytivindu. Enn veit enginn hverjum tekst með réttu að hanga þar í sæti eða hverjir þeytast út í tómið.**

Það er svo sem ekkert nýtt að framkvæmd talningar verði að fréttaefni. Þegar talningarstaðir voru mun fleiri en nú er í alþingiskosningum komu oft upp atvik sem töfðu talningu, jafnvel stundum langt fram á næsta dag eða lengur. Kosningar eftir kosningar beið fólk því oft með öndina í hálsinum eftir því hvort þeirra fólk skilaði uppgjöri á tölum þokkalega tímanlega, eða hvort íbúar byggðarlagsins þyrftu að ganga með hauspoka fram að næstu kosningum. Það er því ekki laust við að maður kenni í brjóst um sárasaklausa íbúa í Borgarnesi vegna stöðunnar sem nú er uppi.

Vandamál við talningu atkvæða er svo sem ekkert séríslenskt fyrirbæri og hver man ekki eftir endalausum uppákomum við talningu atkvæða í Flórídaríki Í Bandaríkjunum sem er reyndar með örlítið fleiri íbúa en Ísland.

Það er samt dálítið sérstakt að eftir talningu atkvæða í Borgarnesi nú, þar sem fólk taldi sig væntanlega hafa sannreynt niðurstöðuna með tvítalningu, skuli enginn flokkur hafa verið með rétta tölu eftir endurtalningu og þar að auki fjölgaði gildum atkvæðum. Svona á auðvitað ekki að geta gerst. Þetta virðist bara sanna kenninguna góðu að það sem aldrei hefur gerst, getur alltaf gerst aftur.

Það er samt dálítið sérstakt að á þessari tækniöld sem við nú lifum á skuli enginn hafa treyst sér til að hanna atkvæðaseðla sem geta farið á öruggan hátt í gegnum rafrænan lesara. Það væri allavega skref í rétta átt meðan menn treysta sér ekki til að hafa hér rafrænar kosningar. Það væri þó í raun einfaldasta leiðin og hreint kjaftæði að ekki sé hægt að kenna fólki að kjósa með rafrænum hætti.

Það væri trúlega mun minna mál að halda rafræna kosningu, en að halda áfram með það form sem nú er viðhaft. Í fyrsta lagi þarf að prenta kjörseðla með öllum þeim formlegheitum sem þar þarf að viðhafa. Það þarf að passa upp á þessa seðla samkvæmt settum reglum og koma þeim á kjörstaði. Síðan þarf að safna kjörseðlum saman og telja og allt þetta útheimtir mikla vinnu og fyrirhöfn mikils fjölda fólks. Þá getur veður líka haft áhrif á flutning kjörseðla og talningu.

Væri bara ekki miklu einfaldara að koma upp tölvukerfi sem væri beintengt á alla kjörstaði, þar sem fólki væri boðið upp á að nota hnappaborð með skýrum bókstöfum flokka sem í boði eru? Auk þess mætti á gagnvirkum tölvuskjá hafa allar þær upplýsingar um flokkana sem mönnum dettur í hug. Þá yrði ekki mikið mál að koma upp slíkum kjördeildum á sjúkrastofnunum um land allt. Þannig væri hægt að gera kosningar mun einfaldari og trúlega verulega mikið ódýrari í framkvæmd, auk þess sem talning lægi fyrir um leið og kjörstöðum er lokað. Eini gallinn er að stóra skemmtun margra vegna vafaatkvæða yrði úr sögunni.

Ef fólki er treyst til að skrifa x með blýanti í prentaða kassa á seðli, þá hlýtur þessu sama fólki að vera treystandi til að styðja á hnapp síns flokks. Það er algjör óþarfi og í raun dónaskapur af verstu sort að ganga alltaf út frá því að fólk sé upp til hópa fífl, jafnvel þótt fólk sé aldrað eða lasburða. Trúlega er það frekar fólkið sem þorir ekki að taka ákvarðanir um að breyta núverandi fyrirkomulagi sem kalla má fífl. /HKr.

# Skriður og riða




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is


**Nú þegar haustverkin eru í fullum gangi lætur náttúran ekki hjá líða að minna á sig. Jörð skelfur á suðvesturhorninu og Askja tútnar út. Fjárdauði varð í áhlaupsverði á Ströndum og víðar. Riða kom upp í Skagafirði með tilheyrandi búsifjum fyrir bændur. Þá féllu fjölmargar skriður í Útkinn og ollu verulegu tjóni á ræktun auk þess að búa til verkefni til margra ára í uppgræðslu.**

Þessar hamfarir eiga að minna okkur á að við búum í háskalegu landi og það þarf að endurskoða tryggingamál bænda. Húseignir, íbúðar- og gripahús eru tryggð gegn tjóni í gegnum skyldutryggingar. Það er ræktarland ekki nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum í gegnum lög um Bjargráðasjóð. En eitt af hlutverkum sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara á túnum. Eftir að búnaðardeild Bjargráðasjóðs var lögð niður þá er búfé með öllu ótryggt.

### *Í hallærum hefur aldrei skort samtakamátt á Íslandi*

Sú var tíðin að allir bændur greiddu framlag í Bjargráðasjóð, gegn mótframlagi ríkisins. Það form komst á á harðindaárum á sjöunda áratugnum, þegar hafís olli stórfelldum uppskerubresti ár eftir ár. Í hallærum hefur aldrei skort á samstöðu og samtakamátt á Íslandi. Seinna voru greiðslur í þennan sjóð lækkaðar og loks dæmdar ólögmætar með búnaðargjaldinu. Bjargráðasjóður hefur ekki ráðið við að bæta stórskaða af völdum náttúruhamfara í langan tíma. Orðið hefur að bæta í hann fé til þess að bæta tjón af völdum eldgosa og fjárdrepsveðra, kals í túnum og tjóns á girðingum vegna óveðra. Hann hefur þó verið mikilvægur sem farvegur fyrir stuðning til bænda þegar á hann hefur reynt. Gallinn við þetta fyrirkomulag er að það er ófyrirsjáanlegt og háð því að hamfarirnar séu nægjanlega víðtækar til þess að ná eyrum stjórnmálamanna. En sama tjón getur verið jafn tilfinnanlegt fyrir fáa.

Það voru mistök að ekki var farið í heildarendurskoðun á tryggingamálum bænda þegar lögum um Bjargráðasjóð var breytt árið 2016. Búnaðarþing ályktaði í vor um að skora á landbúnaðarráðherra að hefja slíka endurskoðun og landbúnaðarráðherra skipaði starfshóp sem hefur hafið störf. Það er ljóst að af ýmsu þarf að hyggja. Það kann að vera að vegna loftslagsbreytinga bætist við þann lista náttúruvár sem þarf að huga að. Skriðuföll gætu orðið tíðari. Þurrkar gætu leitt til vatnsskorts og svona mætti lengi telja. Hugsanlega verða gróðureldar í skógum. Þá má ekki útiloka að hingað geti borist kvikindi eða nýir sjúkdómar sem valdi búsifjum í ræktun eða búfé.

Tryggingamál sem þessi eru með ýmsum hætti í löndunum í kringum okkur. Víðast hvar þar sem sérstakar tryggingar eru fyrir hendi hefur ríkið að henni aðkomu – vegna markaðsbresta eru ekki forsendur fyrir hinn frjálsa markað að sinna þessari þjónustu. Það er svo sérstakt rannsóknarefni hvort að setja ætti einhverjar skorður um það hversu mikið tryggingafélög megi hagnast á skyldutryggingum. En miðað við arðgreiðslur út úr félögum sem fyrir áratug síðan voru á vonarvöl má ætla að það sé allt að því allnokkur hagnaður.

### *Áratuga barátta við riðu*

Innflutningur á lifandi fé til kynbóta í sauðfé á öldinni sem leið og áður fylgdi gríðarlegt tjón. Í stað þess að efla afkomu og atvinnuhætti ollu þeir sjúkdómar sem komu með innflutningnum þvílíkum vandamálum fyrir þjóðina alla. Riða er talin hafa borist hingað á seinni hluta 19. aldar með enskum hrúti og verið til bölvunar alla tíð síðan.

Marga þessa sjúkdóma náðist að kveða niður með fjárskiptum en riðan stóð slíkt af sér sums staðar. Því má ekki gleyma þegar fyrrverandi embættismenn leggja til stórkarlalegar lausnir um að skera 70–80 þúsund fjár sem hefðu mikla byggða- og atvinnuröskun í för með sér. Síðustu áratugi hefur þó verið ákveðinn friður fyrir riðu víðast hvar um landið.

Nú ber svo við að riða hefur greinst í Skagafirði og í öðru hólfi en árið áður. Það er nauðsynlegt að fara vandlega yfir þær baráttuaðferðir sem við höfum beitt gegn riðunni þannig að það náist fullnaðarsigur í fyrirsjáanlegri framtíð. En annað þarf að skoða samtímis.

Til þess að við náum árangri verða að koma fullar bætur fyrir það tjón sem verður þegar ráðherra fyrirskipar niðurskurð á búfé bænda. Á ágalla í ákvörðun riðubóta var bent í áliti umboðsmanns Alþingis fyrir 14 árum síðan í máli nr. 4917/2007. Lítið hefur þó breyst í þeim efnum í tíð þeirra átta landbúnaðarráðherra sem setið hafa í embættinu síðan þá. Vonandi mun sá níundi gera betrumbætur á því.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Ingólfsfjörður á Ströndum, en fjörðurinn er kenndur við sinn fyrsta ábúanda, Ingólf Herröðarson. Lúinn bátur á fjörukambi, en í baksýn má sjá gömlu síldarverksmiðjuna á Eyri sem reist var á árunum 1943 til 1944, eða 10 árum á eftir stöðinni í Djúpavík í Reykjarfirði. Síldarvinnslu var hætt í Ingólfsfirði 1951. Á árunum 1918 til 1919 voru starfræktar fimm söltunarstöðvar í Ingólfsfirði. Það var söltunarstöð sem Th. Thorsteinson reisti á Eyri 1918, en allan búnað hennar flutti hann úr síldarstöð sinni á Hjalteyri við Eyjafjörð. Þá var söltunarstöð á Kleifum skammt innan við Eyri sem rekin var af Ólafi Guðmundssyni og félögum, önnur var reist á Teigum á móts við Eyri af hópi útgerðarmanna frá Akranesi. Síðan var söltunarstöð á Valleyri utar í vestanverðum firðinum og ein á Miðhúsum á Munaðarnesi í mynni fjarðarins. Allar stöðvarnar nema Teigsstöðin voru starfræktar árið 1919, en Th. Thorsteinsson leigði þá stöð sína á Eyri til Óskars Halldórssonar síldarspekúlants og Garðars Gíslasonar stórkaupmanns. Í september sama ár varð verðhrun á síld og fóru þá flestar stöðvarnar á hausinn. Haldið var þó áfram síldarsöltun á Eyri fram til 1920 sem og í Kleifarstöðinni og í Djúpavík í Reykjarfirði.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Notaleg stund úti í skógi að tína birkifræ.




Hrönn Arnheiður Björnsdóttir, formaður Lionsklúbbsins Sifjar, útdeildi boxum undir birkifræin áður en haldið var út í skóginn. Myndir / Aðsendar




Jóhann Jakob Helgason lét sitt ekki eftir liggja við tínsluna.



Selma Dögg Sigurjónsdóttir einbeitt við tínsluna.



Eftir að búið var að tína fræin var haldið í kaffisopa og kökubita á Hælinu.

## Lionskonur í Eyjafjarðarsveit söfnuðu birkifræi:

# Vilja leggja lið

**Lionsklúbburinn Sif í Eyjafjarðarsveit lagði Skógræktinni og Landgræðslunni lið á dögunum þegar klúbburinn stóð fyrir því að farið var út í skóg að tína birkifræ.**

Skógræktin og Landgræðslan standa fyrir átaki meðal landsmanna um að breiða út birkiskóga landsins og hvetja til þess að safna birkifræjum.

„Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla að eiga stund í skóginum með sjálfum sér eða fjölskyldunni, vinum og vandamönnum,“ segir Hrönn Arnheiður Björnsdóttir, formaður Lionsklúbbsins Sifjar í Eyjafjarðarsveit. Hún segir að Sifjarkonur hafi hafi svarað kallinu í fyrrahaust „og það var svo gaman og notalegt að fleirum var boðið að vera með nú í ár,“ segir hún. Alls voru tólf manns á ferðinni nú, þar af voru Lionskonur sex talsins.

Birkifræsöfnunin í fyrra gekk vel, en alls var í heild tekið á móti 274 kílóum af birkifræi. Þá var mest safnað á Suður- og Vesturlandi þar sem fræár var með eindæmum gott í fyrra, en frekar lélegt fyrir norðan og austan. Í sumar snerist dæmið við og hefur fræmagn af trjám í þeim landshlutum verið mjög gott en lakara um sunnan og vestanvert landið.

### Tvö kíló af fræjum

Lionskonur söfnuðu fræjum í í Kristnesskógi og Reykhúsaskógi sem eru samliggjandi. „Við tíndum rúmlega tvö kíló af óhreinsuðum fræjum í þetta sinn,“ segir hún og bætir við að öllum hafi þótt svo gaman að örugglega verði farið út í skóg aftur að ári að safna birkifræi. „Kjörorð Lions er „Við leggjum lið“ og það á vel við þetta verkefni.“

Eftir að söfnun lauk gátu þátttakendur komið sér vel fyrir á Hælinu, setri um sögu berklanna, og yljað sér á kaffi og kökubita.

/MÞÞ



Sigurlaug Hanna Leifsdóttir Sifjarkona tínir birkifræ.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 283

Verðmæt tilskrif fékk ég frá lesanda, **Hjálmari Styrkárssyni** úr Dölum vestur. Til skýringar vísunni sem Hjálmar sendi er rétt að vitna beint til bréfs hans: „Bræður þrír bjuggu í Hörðudal Dalasýslu, **Einar Þorsteinsson** f. 1889, bóndi á Bjarmalandi, **Gísli Þorsteinsson**, f. 1896, bóndi í Þorgeirsstaðahlíð og **Finnur Þorsteinsson**, f. 1899, bóndi á Ytri-Hrafnabjörgum.“ Um sérkenni þessara bræðra orti **Jóhann Kristján Kristjánsson** frá Bugðustöðum í Hörðudal, vel skáldmæltur samtíðarmaður ofangreindra bræðra:

*Einar glaðir glöpin fá,*
*Gísli ræðinn segir frá,*
*Finnur græðir öllu á,*
*útgjöld hræðist stór og smá.*

Eftir þessari fornu úrvalsstöku birtist ein af glænýjum haustvísum **Ingólfs Ómars Ármannssonar**:

*Öskrar bylur, aukast sköll,*
*ásýnd dylur fjalla.*
*Mjöllin hylur hlíð og völl,*
*hamraþil og stalla.*

En aftur skal haldið til horfinna tíma í kveðskap. Um **Gunnar, son Steindórs** skólameistara á Akureyri, orti **Steinar**, kenndur við Þröm:

*Gunnar heitir brjótur brands,*
*besti sonur þessa lands.*
*Hann er sonur mikils manns*
*menntaskólakennarans.*

**Höskuldur Einarsson** frá Vatnshorni kvað eftir fjórðungsmót hestamanna í Húnaveri:

*Þegar kætast karlarnir,*
*kunna þeir vel til reiðar.*
*Fallegir eru folarnir*
*fyrir norðan heiðar.*

Og að loknu sama hestamóti að Húnaveri orti **Rósberg G. Snædal**:

*Þó að síðkvöld sé við Ver,*
*svefn á lýði falli,*
*ýmsir ríða ennþá hér*
*undir Hlíðarfjalli.*

Og frekar frá hestamótum. **Ólína Jónasdóttir** var gestur á hestamannamóti við Elliðaár. Að mótinu loknu orti hún:

*Svitamökk hér mikinn sjá*
*má af blökkum streyma,*
*en – vissari stökkin voru á*
*Vallnabökkum heima.*

Um dapra stöðu íslenskra bænda orti **Einar Karl Sigvaldason** á Fljótsbakka:

*Á þá leggjast örlög grá*
*eins og hjarn á runna.*
*Verða nú að flýja frá*
*flestu, sem þeir unna.*

En aftur í smiðju skáldsins **Rósbergs G. Snædal**. Rósberg var kjörinn ritari á aðalfundi KEA, en hina endanlegu fundargerð ritaði annar fundarmaður. Rósberg notaði því fundartímann til að yrkja um ýmislegt það sem fundarmenn höfðu að segja:

*Vænkast nú óðum veraldarhringur minn,*
*og virðulegri stöðu ég naumast þekki.*
*KEA hefur nú ráðið mig ritara sinn,*
*raunverulega til að ég skrifaði ekki.*

*Bindi þið hér við ræðu raus*
*ritarana tvenna,*
*en heldur er mér höndin laus*
*haldi ég á penna.*

Verulega dróst að taka matarhlé, og var komið hungurhljóð í margan fundarmanninn:

*Hetjur tvær í stjórnarstól*
*stjórnað fundi geta,*
*en ekki hljóta þeir allra hól*
*ef enginn fær að éta.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

# Starfshópur skipaður um CBD-olíu

## – Semur frumvarp um heimild til notkunar í matvælum

**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um framleiðslu og markaðssetningu á CBD-olíu, sem er óheimil í dag.**

Kemur ákvörðunin í kjölfar álits velferðarnefndar í vor sem lagði til að skoðað yrði hvort eitthvað í regluverkinu hér á landi hindri sölu á CBD-vörum, sem unnar eru úr blómum og blöðum iðnaðarhamps. CBD er einn fjölmargra kannabínóða sem þar er að finna og er þeirra þekktastur og mest rannsakaður vegna mögulegra heilsusamlegra áhrifa.



Hampsblóm í Gautavík í Berufirði, þar sem framleiðsla á hamp-tei fer fram. Mynd / Gautavík

*Frumvarp um heimild til notkunar á CBD-olíu í matvælum*

Hefur ráðherra óskað eftir tilnefningum á fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins, Lyfjastofnunar og Matvælastofnunar í starfshóp. Í tilkynningu úr ráðuneytinu kemur fram að hópnum verður falið að yfirfara núgildandi löggjöf og semja frumvarp um heimild til notkunar CBD-olíu í matvælum.

„Í júní var gerð lagabreyting sem heimilar innflutning á fræjum til ræktunar á iðnaðarhampi. Þær tegundir iðnaðarhamps sem heimilt er að rækta á Íslandi innihalda lágt THC gildi og fyrir vikið flokkast þær ekki sem vímugjafar. Engu að síður heimilar núgildandi löggjöf ekki framleiðslu og markaðssetningu á CBD-olíu sem fæðubótarefni á Íslandi," segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Þar kemur fram að ráðuneytið hafi orðið vart við mikinn áhuga á CBD-olíu hjá Íslendingum, mögulegri framleiðslu og markaðssetningu á henni. /smh



Hótel Saga við Hagatorg. Mynd / HKr.

# Rekstrarfélag Hótels Sögu tekið til gjaldþrotaskipta

**Félagið Hótel Saga ehf., sem er rekstrarfélag Hótels Sögu, hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.**

Félagið er í eigu Bændasamtaka Íslands, sem og Bændahöllin ehf. sem rekur fasteignina. Gjaldþrot rekstrarfélagsins hefur hvorki bein áhrif á starfsemi BÍ, né afdrif fasteignarinnar.

*Hótelinu lokað í nóvember*

Hinu sögufræga hóteli, Hótel Sögu, var lokað 1. nóvember 2020 vegna rekstrarerfiðleika í kjölfar kórónuveirufaraldursins.

Hótelreksturinn hófst árið 1962, þegar fyrstu hæðir þess voru teknar í notkun. /smh

# Nýr auglýsingastjóri Bændablaðsins

**Breytingar hafa orðið á ritstjórn Bændablaðsins en Þórdís Una Gunnarsdóttir er nýr auglýsingastjóri.**

Þórdís Una kemur klyfjuð reynslu inn í starfsmannahóp blaðsins en hún hefur unnið í 26 ár innan auglýsinga- og markaðsgeirans, síðast sem auglýsingastjóri hjá Birtingi útgáfufélagi.

Þórdís Una mun hefja störf á blaðinu nú í október og hefur aðsetur í Bændahöllinni á skrifstofum Bændasamtakanna. Netfangið hennar er thordis@bondi.is

Guðrún Hulda Pálsdóttir, fráfarandi auglýsingastjóri, mun færa sig um set inni á ritstjórn blaðsins og einbeita sér að efnisöflun, greinaskrifum og hlaðvarpsgerð.



Þórdís Una Gunnarsdóttir.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Útlitið var ágætt snemma sumars. Mynd / smh

# Hvítlauksuppskeran um eitt tonn á Efri-Úlfsstöðum

## – Tilraunasumar sem gefur vísbendingar um að þetta sé hægt

**Nýr íslenskur hvítlaukur frá hvítlauksbóndanum Herði Bender á Efri-Úlfsstöðum í Austur-Landeyjum er nú kominn í verslanir. Hann áætlar að setja um eitt tonn á markað.**

Hörður segir að vorið hafi verið mjög kalt og sumarið blautt. Það hafi illgresið verið talsvert til vandræða – sérstaklega arfinn. „Þetta tilraunasumar er hins vegar ágætis vísbending um að þetta muni virka, það þarf að huga vel að því að drena akrana og svo ræktun skjólbelta – sem ég er reyndar þegar kominn af stað með. Við gróðursettum tíu þúsund tré í sumar og stefnum á að tvöfalda þann fjölda á næsta ári."





Hvítlaukurinn hér í þurrkun á Efri-Úlfsstöðum. Myndir / úr einkasafni

*Kalt vor og blautt sumar*

Áform voru uppi hjá Herði að selja almenningi aðgang að akrinum nú í haust, en vegna þess hversu blautur akurinn var og vegna þess að horfur voru um lakari uppskeru, hætti hann við það þetta árið. „Það liggur fyrir að eitt af þessum sex yrkjum virkaði almennilega. Ég geri ráð fyrir núna að þetta muni taka fimm ár, að gera aðstæður hér ákjósanlegar og finna hentug yrki áður en framleiðslan verður það sem kalla megi stöðug," segir Hörður.

*Hvítlauksolíugerð úr því sem ekki fer í búðir*

Sem fyrr segir mun um eitt tonn af góðum hvítlauk fara í almenna sölu. Hörður segir að minni hvítlaukurinn, sem hentar ekki á markað, verði notaður til framleiðslu á hvítlauksolíu og hann er strax kominn af stað í undirbúningsferil fyrir þá vöruþróun. /smh

## Skimun Matvælastofnunar fyrir sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti:

# Hvorki salmonella né kampýlóbakter fannst í kjúklingakjöti

**Matvælastofnun hefur frá árinu 2018 birt niðurstöður úr skimunum kjöts á markaði fyrir sjúkdómsvaldandi örverum. Nýverið var birt skýrsla fyrir síðasta ár þar sem fram kemur að hvorki salmonella né kampýlóbakter greindist í þeim sýnum sem tekin voru af kjúklingakjöti. Salmonella fannst heldur ekki í svínakjöti.**



Í sambærilegri skýrslu fyrir árið 2019 fannst kampýlóbakter í þremur sýnum af frosnu kjúklingakjöti og í einu sýni af innlendu svínakjöti. Niðurstöðurnar nú þykja benda til að forvarnir og eftirlit hafi skilað árangri í eldi og við slátrun alifugla og svína.

*Meinvirknigen í um fjórðungi sýna*

Tekin voru sýni af innlendu og erlendu kjöti á markaði þar sem skimað var fyrir salmonellu í ófrosnu kjúklingakjöti og ófrosnu svínakjöti, kampýlóbakter í ófrosnu kjúklingakjöti yfir sumarmánuðina og shigatoxín myndandi E. coli (STEC/VTEC) í frosnu og ófrosnu nautgripa- og lambahakki.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að skimun á STEC bendi til að shigatoxín myndandi E. coli bakteríur séu hluti af náttúrulegri örveruflóru nautgripa. „Meinvirknigen greindust í um fjórðungi sýna af nautakjöti og gen afbrigða (sermisgerða) O026 og O157 greindust í 12 sýnum (13,2% nautakjötsýna). Í flestum þeirra greindist einnig bindigenið eae, sem eykur sýkingarhæfni E. coli.

Meinvirknigen greindust einnig í þeim fáu sýnum sem tekin voru af lambahakki, og sermisgerðin O103 greindist í einu sýni. Ekki er hægt að draga ályktanir af svo fáum sýnum," segir í niðurstöðunum.

*Vakta þarf STEC í kjöti*

Þar kemur einnig fram að vakta þurfi reglulega STEC-bakteríur í kjöti og skerpa þurfi á fyrirbyggjandi aðgerðum í sláturhúsum og kjötvinnslum til að minnka líkur á að STEC berist í kjötið.

„Hreinleiki gripa skiptir hér einnig máli og því þarf að koma í veg fyrir að óhreinir gripir séu fluttir í sláturhús.

Neytendur geta dregið verulega úr áhættu vegna smits frá salmonellu, kampýlóbakter eða E. coli með því að gegnumelda kjöt fyrir neyslu og koma í veg fyrir krossmengun við meðferð og geymslu matvæla. Sjúkdómsvaldandi bakteríur eru á yfirborði kjöts og drepast við steikingu/grillun á kjötstykkjum, en bakteríurnar dreifast um allt kjötið þegar það er hakkað. Því er mikilvægt fyrir neytendur að forðast krosssmit við matreiðslu og gegnumsteikja hamborgara og annað hakkað kjöt, sem og kjúklinga- og svínakjöt," segir í niðurstöðunum. /smh

FRÉTTIR

Viðskiptahraðallinn Vaxtarrými:

# Átta þátttökuteymi með fjölbreytt verkefni



**Átta kraftmikil nýsköpunarteymi af Norðurlandi hafa verið valin til þátttöku í viðskiptahraðalinn Vaxtarrými sem hóf göngu sína í vikunni. Fjölmargar umsóknir bárust víðs vegar af Norðurlandi af fjölbreyttum verkefnum.**

Vaxtarrými er fyrsta verkefni nýstofnaðra regnhlífasamtaka nýsköpunar á Norðurlandi en að þeim koma SSNV, SSNE, Eimur, Nýsköpun í norðri, Hraðið og RATA. Stuðningsaðili Vaxtarrýmis er Fallorka. Norðanátt byggir á hringrás árlegra viðburða þar sem frumkvöðlar fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, vaxa og ná lengra. Hringrásin samanstendur af lausnamóti, vinnusmiðju, viðskiptahraðli og fjárfestamóti.



***Þróa heyrýullupoka úr þörungum sem endast ár eftir ár***

Mýsköpun er einn þátttakenda, en verkefinð snýr að tilraunaræktun á smáþörungnum til að þróa og framleiða spirulina duft sem fæðubótarefni. Plastgarðar er annað verkefni sem snýst um að þróa heyrúllupoka sem hægt er að nota ár eftir ár og skapa þannig hringrásarhagkerfi landbúnaðarplasts. Íslandsþari er verkefni þar sem nýta á jarðhita til að vinna verðmætar afurðir úr stórþara sem vex í miklu magni við Norðurland. Verkefnið byggist á sjálfbærni, fullnýtingu og fullvinnslu hráefnisins í sátt við náttúruna.

***Rabarbarafreyðivín***

MýSilica er verkefni um að framleiða hágæða húðvörur úr náttúrulegum kísil ásamt öðrum steinefnum sem fyrirfinnast í nærumhverfinu. Fyrirtækið nýtir auðlindir sem eru nú ónýttar og skapa þannig verðmæti. Nægtarbrunnur náttúrunnar er nýsköpunarfyrirtæki sem hefur það að markmiði að þróa og hefja framleiðslu nýrra drykkjarvara úr staðbundnu hráefni, til dæmis grasöl og rabarbarafreyðivín.



***Fullvinnsla æðardúns***

Icelandic Eider er eitt verkefnanna í Vaxtarrýminu en það sérhæfir sig í fullvinnslu æðardúns og þróun á útivistarvörum. Um er að ræða sjálfbærar vörur þar sem dúnninn fellur til af villtum fuglum og til hreinsunar er notast við jarðvarma af svæðinu.

***Saltsteinn fyrir búfé***

Austan Vatna er einnig með að þessu sinni en það félag framleiðir Chimicurri sósur og fullvinnur kjötafurðir. Notast er við staðbundin hráefni og lögð áhersla á mikilvægi samspils náttúru og dýra. Og þá má nefna Ektafisk sem framleiðir næringarríkan saltstein fyrir búfé úr afsalti sem fellur til við söltun á fiski.

Markmið Vaxtarrýmisins er að hjálpa teymunum að vaxa hratt á þessum átta vikum og á þeirra forsendum. Dagskráin er sérhönnuð með þarfir þátttökuteymanna í huga. Teymin hitta reynslumikla leiðbeinendur, frumkvöðla, fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja á Norðurlandi og víða, sitja vinnustofur og fræðslufundi og mynda sterkt tengslanet sín á milli.

/MÞÞ



FRÉTTIR


Þarna glyttir í fjallið Keili, einnig þekkt sem Sykurtoppur. Mynd / Wikipedia

## Landmælingar Íslands og Stofnun Árna Magnússonar:

# Landsátak er varðar örnefni

**Nú hefur verið sett á laggirnar landsátak um afmörkun og skráningu örnefna, sem Landmælingar Íslands og Stofnun Árna Magnússonar standa saman að. Gagnagrunnar stofnananna hafa verið samtengdir til að auðvelda staðsetningu örnefna úr örnefnaskrám Örnefnasafns Árnastofnunar. Með verkefninu er reynt að tryggja að þekking á örnefnum landsins varðveitist milli kynslóða.**

Örnefni geta oft átt sér merkilega sögu og finnast víða um land.

Kennileiti umhverfis á árum áður þurfti að þekkja þegar farið var um landið og liggur stundum saga á bak við. Jafn mikilvægu hlutverki og þau hafa gegnt í gegnum tíðina eru þó mörg fallin almenningi í gleymsku, en einnig eru dæmi þess að örnefni sem í einn þekkir, þekkir annar af öðru heiti.

Í bókinni *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi* kemur til að mynda fram að síðan árið 1840 hefur fjallið Keilir gjarnan verið kallað Sykurtoppur af sjófarendum. Er það vegna samlíkingar við keilulöguð sykurstykki sem menn kölluðu sykurtoppa og voru á markaðnum áður en strásykur kom til sögunnar! Hins vegar þekkja svo aðrir Kirkjufell sem staðsett er vestan Grundarfjarðar undir sama heiti – einnig nefnt af sæförum.

Samkvæmt upplýsingum á vísindavefnum kemur fram að notast skuli við þau nöfn sem heimamanna sé vani þeirra, ekki rithættir fornra handrita. Nöfn sem hafa varðveist mann frá manni séu yfirleitt þau viðmið er kemur að rithætti og nöfnum opinberra skjala – korta eða annars – því örnefnaheiti þurfi að fylgja þróun málsins líkt og annað. Reykjavík hét til dæmis *Reykjarvík* í elstu ritum, þó heitið Reykjavík hafi verið mynd orðsins nú í mörg hundruð ár.

Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar en þó var það ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst svo telja mætti. Örnefnaskráning varð síðar eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Stofnun Árna Magnússonar.

Á vefsíðunni Nafnið.is hjá Stofnun Árna Magnússonar er að finna allar örnefnalýsingar sem varðveittar eru, aðgengilegar og leitarbærar. Vefurinn sem var opnaður í desember 2020 er nú opinn öllum sem vilja fletta í þeim gögnum. Rúmlega 500.000 örnefni koma fyrir í skjölunum en hægt er að slá inn bæjarnafn eða annað örnefni og leitarniðurstöður gefa upplýsingar um þau nöfn. /SP

## Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra:

# Vill aukið gagnsæi við opinberar styrkveitingar

**Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra tekur heils hugar undir bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra en í henni er skorað á ábyrgðaraðila opinberra styrkveitinga að veita tölfræðilegar upplýsingar um búsetu styrkþega og umsóknaraðila við úthlutanir.**

Í bókun SSNE segir að fram þurfi að koma fjöldi umsókna, sem og fjöldi veittra styrkja, skipt eftir landshlutum. Slík gögn auki gagnsæi og myndi veita m.a. landshlutasamtökum, sveitarfélögum og atvinnulífi mikilvæga innsýn.

„Þær upplýsingar sem fjallað er um auðvelda starf ráðgjafa landshlutasamtaka við að greina árangurshlutfall umsækjenda á hverju svæði fyrir sig og gefa vísbendingar um þörf á stuðningi við umsóknargerð sem og hvatningu til hagaðila að sækja um í hina ýmsu sjóði. Þessar upplýsingar eru því liður í að fjölga umsóknum af landsbyggðinni og stuðla þannig að aukinni þátttöku fyrirtækja og einstaklinga í hinum dreifðari byggðum,“ segir í bókun. /MÞÞ

Lely Center Ísland
Grammer sæti



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## Matvælasjóður:

# Fleiri landbúnaðartengd verkefni fengu styrk



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

**Hlutfall landbúnaðartengdra verkefna við úthlutun Matvælasjóðs í september er hærra en það var við fyrstu úthlutun í fyrra. Formaður sjóðsins segir að ráðgjöf og stuðningur landshlutasamtaka gætu hafa dregið fleiri verkefni úr sveitum að sjóðnum.**

Tilkynnt var um aðra úthlutun Matvælasjóðs þann 15. september sl. Alls hlutu 64 verkefni styrki upp á tæpar 566,6 milljónir króna. Matvælasjóði er ætlað að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum og afurðum þeim tengdum. Alls bárust sjóðnum 273 umsóknir að þessu sinni, en 93% af þeim töldust styrkhæfar. Mun það vera aukning styrkhæfra umsókna frá því í fyrra.

Margrét Hólm Valsdóttir er nýr formaður Matvælasjóðs.

„Eftir fyrstu úthlutun var samið við landshlutasamtök um allt land taka að sér ákveðna ráðgjöf með það að markmiði að fá fleiri umsóknir, ekki síst landbúnaðartengd verkefni. Við vitum að þarna úti er fólk með fullt af góðum hugmyndum og við vildum veita þeim sem eru ekki þaulvanir að sækja um í sjóðum, einhver tæki og tól og stuðning við umsóknir,“ segir Margrét. Þetta hafi skilað sér í fleiri og betri umsóknum.

Auk þess buðu Bændasamtök Íslands upp á stuðning fyrir sína félagsmenn við þróunar- og nýsköpunarverkefni. Um tímabundið verkefni var að ræða en um 10-15 manns leituðu ásjár hjá ráðgjöfum samtakanna við að þróa hugmyndir sínar.

### *Fjölbreytt viðfangsefni*

Upphæð styrkja var frá rúmri 1 milljón í 25,5 milljónir króna fyrir hvert verkefni sem voru af fjölbreyttum toga. Þar má nefna verkefni um þróun og markaðssetningu gæsaafurða, púðursjampó fyrir hesta, tilraun til notkunar þangsafa við vökvaræktun grænmetis, ostrusveppaæktun, þróun á majonesi úr repju og hafraskyr og fullvinnsla á grjótkrabba.

Þá hlutu þrjú verkefni á vegum Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands nær fyrir augum stjórnar sjóðsins, en það eru verkefni um bygg og hafra sem miða að því að bæta ræktunaraðferðir og auka gæði afurða og finna leiðir til aukinnar matarolíuframleiðslu úr olíujurtum.

Einnig hlaut Matís úthlutun fyrir 11 verkefni sem stofnunin vinnur í samstarfi við einkaaðila. Þar á meðal eru verkefni sem skoða áhrif á endurnýjun íslenska fiskiskipaflotans á kolefnisspor afurða, nýjar lausnir við merkingar matvæla og áskorun við pökkun grænmetis.


Margrét Hólm Valsdóttir, formaður Matvælasjóðs. Mynd / Aðsend

**Hæstu styrkir Matvælasjóðs 2021**

| Umsækjendur | Heiti verkefnis | Upphæð (kr.) |
|---|---|---|
| Royal Iceland hf. | Fullvinnsla á grjótkrabba í Njarðvík | 25.500.000 |
| True Westfjords ehf. | Hrein fiskiolía í vesturvíking | 25.500.000 |
| Háskóli Íslands í samstarfi við einkaaðila | Umhverfisvænni matvælaumbúðir (UMMAT) | 25.500.000 |
| Langa | Skilgreining á vatnsrofnum prótínum úr ufsa- og karfahryggjum | 21.033.250 |
| Sölufélag garðyrkjumanna | Íslenskt grænmeti á erlenda markaði | 20.235.950 |
| Hafrannsóknarstofnun í samstarfi við einkaaðila | Bætt heilbrigði í bleikjueldi | 20.085.500 |
| | **Samtals:** | **137.854.700** |
| | ***Hlutfall af heildarstyrkupphæð*** | ***24,33%*** |


Vörur, þróaðar með stuðningi sjóðsins, gætu birst í verslunum á næsta ári. Mynd/JessicaVogelsang

Einnig mun hringrásarkerfi kjötiðnaðar vera til rannsóknar sem og næringar- og hollustuefni úr hliðarafurðum bjórgerðar.

### *Fyrstu vörur á markað 2022*

Margrét segir fjölbreytni verkefna endurspegla þá grósku sem á sér stað. „Það er gríðarleg nýsköpun í gangi. Úti um allt land eru aðilar með alls konar hugmyndir. Okkur finnst sérstaklega gaman að sjá þegar verið er að nýta alveg nýjar afurðir og líka þegar verið er að nýta afurðir til að vinna gegn sóun og stuðla að sjálfbærni, því það er jú eitt af markmiðum sjóðsins.“

Styrkþegar fyrstu úthlutunar eru farnir að skila inn stöðuskýrslum en Margrét segir að neytendur geti farið að búast við fyrstu vörum, þróaðar með stuðningi Matvælasjóðs, á næsta ári.

### *Endurskoðun verkferla*

Stjórn sjóðsins mun leggjast yfir aðra úthlutun og gera endurskoðun á vinnuferlum og leiðbeiningum.

„Það er í mörg horn að líta. Sjóðurinn er að slíta barnsskónum og því eigum við eftir að slípa hann við hverja úthlutun. Það má alltaf eitthvað betur fara, til að gera sjóðinn enn betri og skilvirkari. Sú vinna er nú í gangi með samstarfi fagráða og starfsmanna sjóðsins. Við erum til að mynda að fara yfir vinnubrögðin, einkunnagjöf, uppsetningu umsókna og handbókina,“ segir Margrét.

Úthlutað verður úr Matvælasjóði aftur næsta vor. Opnað verður fyrir umsóknir snemma árs 2022.

**Dæmi um landbúnaðartengd verkefni styrkt af Matvælasjóði 2021**

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Upphæð |
|---|---|---|
| Hárækt ehf. | Markaðssókn VAXA á Íslandi | 10.710.000 kr. |
| Sölufélag garðyrkjumanna | Íslenskt grænmeti á erlenda markaði | 20.235.950 kr. |
| Arna ehf. | Hafraskyr úr íslenskum höfrum | 17.425.000 kr. |
| Samtök smáframleiðenda matvæla | Matsjá - stuðningur við matarfrumkvöðla | 5.321.000 kr. |
| LbHÍ í samstarfi við einkaaðila | Mannakorn - Betra bygg með bættum aðferðum | 13.891.550 kr. |
| LbHÍ í samstarfi við einkaaðila | Mannakorn - Hafrar og hámörkun gæða | 18.089.700 kr. |
| Matís ohf. Í samstarfi við einkaaðila | Hringrásarhagkerfi kjötiðnaðar | 10.200.000 kr. |
| LbhHÍ | Olíuauður Íslands - Leiðir til aukinnar matarolíuframleiðslu | 9.299.340 kr. |
| Matvælaþróun ehf. | Majones úr repju | 3.000.000 kr. |
| Stefanía Hjördís Leifsdóttir | Handverksostar úr geita- og sauðamjólk, vöruþróun og markaðssetning | 3.000.000 kr. |
| Nýheimar Þekkingasetur | Útfærsla á hugmyndum og tækniþróun fyrir Grósku - félagslandbúnað | 3.000.000 kr. |
| Brjálaða gimbrin | INN með INN-mat - vöruþróun og tilraunir með innmat úr lömbum | 2.674.000 kr. |
| Birgir Þórðarson | Þróun og markaðssetning gæsaafurða - beint frá býli | 2.837.552 kr. |

# Mætum öll
## Búskapur er okkar fag

# Bændafundir 2021

Dagskrá fundanna:
Almenn kynning á BÍ
Farið yfir breytingarferli samtakanna
Starfsskilyrði landbúnaðarins
Stóru verkefnin framundan
Umræður

| Fundarstaður | Dagsetning | Tími | Svæði |
|---|---|---|---|
| Félagsheimilið Árblik | 18. október, mánudagur | 10.00 | Búðardalur |
| Félagsheimilið Patreksfirði | 18. október, mánudagur | 20.30 | Vestfirðir |
| Hótel Laugarbakki | 19. október, þriðjudagur | 13:00 | Laugarbakki |
| Löngumýri | 19. október, þriðjudagur | 16:30 | Skagafjörður |
| Þelamerkurskóli | 19. október, þriðjudagur | 20:30 | Eyjafjörður |
| Félagsheimilið Breiðamýri | 20. október, miðvikudagur | 10:00 | Þingeyjarsveit |
| Félagsheimilið Þórsver | 20. október, miðvikudagur | 15:00 | Þórshöfn |
| Hótel Valaskjálf | 20. október, miðvikudagur | 20:30 | Egilsstaðir |
| Nýheimar - Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu | 21. október, fimmtudagur | 12.00 | Höfn |
| Félagsheimilið Hvoll | 21. október, fimmtudagur | 20:30 | Hvolsvöllur |
| Selfoss | 22. október, föstudagur | 11:30 | Hótel Selfoss |
| Fjarfundur | 29. október, föstudagur | 11:30 | |
| Ísafjörður | Auglýst síðar | | |
| Borgarnes | Auglýst síðar | | |

Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Þau veita félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og beita sér fyrir betri kjörum bænda á öllum sviðum. Samtökin sinna fjölbreyttum verkefnum sem bæta hag bænda, þróa forrit og reka gagnagrunna, gefa út Bændablaðið og sinna almannatengslum, annast samningagerð fyrir hönd bænda og móta stefnu í málefnum þeirra með lýðræðislegum hætti. Nánari upplýsingar um starfsemi BÍ er að finna á vefsíðu samtakanna, www.bondi.is.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fylgstu með bændum á Facebook, á bondi.is og bbl.is

Fyrir okkur öll

# Ert þú að tapa köfnunarefni úr búfjáráburðinum?

SeoFoss®




kr

**Haugmelta sem eykur verðmæti mykjunnar**

**SeoFoss** bindur köfnunarefni í mykjunni sem gerir hana að betri áburði og minnkar lykt.

+N

**Aukið magn köfnunarefnis**

Rannsóknir sýna aukningu köfnunarefnis upp á allt að **1,4 kg/m³** í búfjáráburðinum með notkun **SeoFoss**.

**Sparar orku og tíma**

**SeoFoss** gerir mykjuna einsleitari sem þýðir að það verður auðveldara að vinna með hana, dreifing verður jafnari og flæði í leiðslum betra.




VEFVERSLUN

**Búvörur SS | www.buvorur.is**
Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575 6071
Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099

FRÉTTIR


Víðidalsfjall.

Hugsanleg sameining við Blönduós:

# Meirihlutinn fylgjandi sameiningarviðræðum

**Um 65% íbúa í Húnavatnshreppi vilja að hafnar verði viðræður við Blönduósbæ um sameiningu sveitarfélaganna.**

Þetta var niðurstaða í skoðanakönnun sem gerð var í hreppnum samhliða alþingiskosningum.

Alls tóku 337 kjósendur þátt í skoðanakönnuninni, 147 eða tæp 65% sögðu já, nei sögðu 76 íbúar eða ríflega 33% og auðir seðlar voru 4, eða tæp 2%.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur skipað þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd sem á að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna. Stefnt er að því að samstarfsnefndin skili áliti í nóvember næstkomandi með




það fyrir augum að kynning tillögunnar hefjist í desember og að kjördagur verði í janúar árið 2022.

*/MÞÞ*



Íbúar Ásahrepps (dökkrautt) felldu sameiningu 5 sveitarfélaga á Suðurlandi.

Kosið um stóra sameiningu á Suðurlandi:

# Íbúar Ásahrepps sögðu nei

**Kosið var um sameiningu fimm sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu laugardaginn 25. september samhliða alþingskosningunum. Niðurstaðan var sú að sameiningin varð felld vegna andstöðu íbúa í Ásahreppi.**

Íbúar fjögurra sveitarfélaga sögðu já en það voru íbúar Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra. Íbúar Ásahrepps sögðu hins vegar nei með miklum meirihluta atkvæða. Það þýðir að ekkert verður af sameiningaráformum sveitarfélaganna, því það hefði þurft meirihluta samþykki í öllum sveitarfélögunum fyrir sameiningu.

***Möguleiki á minni sameiningu***

„Einn valmöguleikinn hlýtur nú að vera að kosið verði aftur í þeim fjórum sveitarfélögum, sem samþykktu og kannað hvort íbúar vilji að sameiningin gangi í gegn. Það gæti gerst tiltölulega hratt, t.d. í desember eða janúar," segir Anton Kári Halldórsson, formaður samstarfsnefndarinnar um sameiningarmálin.

*/MHH/HKr.*




Meistaradeild hestaíþrótta og Líflands:

# Áframhaldandi samstarf

**Á dögunum var undirritaður áframhaldandi samstarfssamningur Líflands og Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum.**

Deildin mun því á komandi keppnistímabili heita „Meistaradeild Líflands í hestaíþróttum".

„Samstarfssamningurinn við Lífland er ákaflega mikilvægur fyrir Meistaradeildina, það skiptir okkur öllu máli að hafa jafn traustan samstarfsaðila og Lífland er, aðila sem er tilbúinn að hlúa vel að hestaíþróttum, með svona sterkan samstarfsaðila þá er hægt að gera alla umgjörð keppniskvölda sýnilegri, ásamt því að halda þeim glæsileika sem deildin hefur verið lofuð fyrir síðustu árin.

Meistaradeild Líflands í hestaíþróttum er sýnd í beinni útsendingu úti um allan heim, áhorf hérlendis og erlendis vex með ári hverju og því mikilvægt að vanda alla umgjörð," segir Sigurbjörn Eiríksson, formaður Meistaradeildar Líflands í hestaíþróttum.

*/MHH*


Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands, og Sigurbjörn Eiríksson, formaður Meistaradeildar Líflands í hestaíþróttum, handsala samninginn eftir undirskrift.


Skóflurnar voru sex og var þeim beitt fagmannlega af Ernu Káradóttur leikskólastjóra, Hrund Hlöðversdóttur grunnskólastjóra, Guðlaugi Viktorssyni, skólastjóra Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Sveinbjörgu Helgadóttur, formanni eldri borgara í Eyjafjarðarsveit, Ernu Lind Rögnvaldsdótttur, forstöðumanni íþróttamiðstöðvar og Jóni Stefánssyni, oddvita sveitarstjórnar. Myndir / Eyjafjarðarsveit

Fjölgun í Eyjafjarðarsveit:

# Framkvæmdir hafnar við tæplega 2.000 fermetra stækkun Hrafnagilsskóla

**Framkvæmdir eru hafnar við viðbyggingu við Hrafnagilsskóla, en fyrsta skóflustungan var tekin nýverið, eða þegar fimmtíu ár voru liðin frá því fyrsta skóflustunga af Hrafnagilsskóla var tekin.**

Viðbyggingin verður um 1.900 $m^2$ að stærð en húsið mun hýsa leikskóla sveitarfélagsins, grunnskóla, fjölnotasali, bókasafn, upplýsingaver og þar verður einnig aðstaða til tónlistariðkunar, kennslu, félagsmiðstöð og líkamsrækt.


Fjölmenni var við athöfnina en um sjötíu manns mættu til að fagna þessum merka áfanga.

Við undirbúning verksins voru tvær leiðir skoðaðar, annars vegar að byggja ofan á núverandi skóla og hins vegar að byggja tengibyggingu. Umfangsmikið samráðsferli varð til þess að ákvörðun var tekin um að fara bil beggja þannig að úr varð skemmtileg blanda beggja leiða þar sem leikskóli verður á jarðhæð og starfsmannaálma á annarri hæð.

***Íbúum mun fjölga***

Jón Stefánsson, oddviti í Eyjafjarðarsveit, sagði við athöfn í tengslum við skóflustunguna á dögunum að um væri að ræða mjög stórt verkefni þegar horft væri til stærðar sveitarfélagsins. Með framkvæmdunum væri bæði verið að bæta núverandi aðstöðu og einnig að búa vel í haginn til framtíðar. Fjölmörg skipulagsverkefni væru í gangi um þessar mundir í sveitarfélaginu og gangi allt upp verða um 400 íbúðareiningar tilbúnar á skipulagi á komandi árum, sem er um það bil jafnmikið og til er af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu nú.

***Sameinar unga sem aldna***

Finnur Yngvi Kristinsson sveitarstjóri segir að miklar vonir séu bundnar við byggingaráformin, en þeim sé ætlað að sameina fjölþætta starfsemi sveitarfélagsins undir einu þaki.

Í máli hans kom fram að um sé að ræða „aðstöðu sem skapar börnum okkar leik- og vinnurými til að vaxa og dafna í, aðstöðu sem starfsfólki líður vel í og mun stæra sig af, aðstöðu sem allir íbúar hafa greiðan aðgang að, hvort sem er til upplýsingaöflunar, samveru eða heilsueflingar. Aðstöðu sem sameinar kynslóðir ungra sem aldinna."

*/MÞÞ*

Fyrirtækið atNorth:

# Óskar eftir eins hektara lóð undir gagnaver á Akureyri

**Fyrirtækið atNorth hefur lagt fram fyrirspurn um lóð við Hlíðarfjallsveg ofan Akureyrar fyrir byggingu gagnavers.**

Óskar fyrirtækið eftir að fá úthlutað um 1 hektara lóð með forgangsrétti á nærliggjandi lóðum til stækkunar. Umrætt svæði er skilgreint sem athafnasvæði, merkt AT16, og er ætlað undir hreinlega umhverfisvæna starfsemi. Athafnasvæðið er alls um 6,5 hektarar að stærð.

Skipulagsráð hefur fjallað um fyrirspurn atNorth og var sviðsstjóra falið að hefja vinnu við deiliskipulag sem nær til athafnasvæðis AT16 með það að markmiði að hægt verði að úthluta lóðum fyrir byggingu gagnavers.

*/MÞÞ*

FRÉTTIR



Silfrastaðakirkja hífð á flutningsvagn.

# Silfrastaðakirkja flutt úr Blönduhlíð á Krókinn

**Verið var að flytja 125 ára sögulega kirkju, Silfrastaðakirkju, frá Blönduhlíð út á Sauðárkrók nýverið, en þar er hún að fara í viðgerð.**

Fyrir nokkru var kirkjuturninn fjarlægður og 1. október var kirkjan tekin af grunni sínum, hífð upp á vörubílspall og keyrð út á Krók til viðgerðar á Trésmiðjunni Ýr. Þó kirkjan sé ekki stór þurfti að leita samvinnu við Landsnet við flutning hennar. Ástæðan er að þurfti að tryggja að kirkjan kæmist undir háspennta Rangárvallalínu 1.



Starfsmenn á vegum Landsnets sáu til þess að kirkjan slyppi undir háspennulínur á leiðinni.

Gekk flutningur kirkjunnar farsællega og er hún komin á Krókinn þar sem hún mun verða næstu fjögur árin. /MÞÞ




## Sölufulltrúi á Akureyri Sölufulltrúi á Akureyri

**Hefur þú brennandi áhuga á vélum og/eða með gott nef fyrir sölumennsku og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi?**

**Vélfang ehf. leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjölbreytt og spennandi starf með aðsetur á starfstöð fyrirtækisins á Akureyri.**

**Um er að ræða sölu á landbúnaðartækjum og vinnuvélum til bænda og verktaka en Vélfang ehf er umboðsaðili fyrir leiðandi fyrirtæki á sínu sviði s.s. CLAAS, JCB, Fendt, Kuhn, Schäffer og Kverneland.**

**Helstu Verkefni og ábyrgð**
- Samskipti við núverandi og væntanlega viðskiptavini.
- Þarfagreining.
- Tilboðsgerð og framsetning markaðsefnis.
- Sölufundir / Sölusímtöl.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Áreiðanleiki, dugnaður og heiðarleiki.
- Góð íslensku, ensku og grunntölvuþekking.
- Reynsla af notkun samfélagsmiðla við miðlun.
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820 • Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is
Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2021.

VÉLFANG-VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016, 2017, 2018 og 2019.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

## SPARAÐU ÞÉR HANDTÖKIN!
RUSLAPRESSUR

LSM- V8
- Baggastærð: 800x950x600mm
- Þyngd bagga: 100-180kg
- Pressa: 8 tonn



859.000 + vsk.

LSM- V5
- Baggastærð: 700x750x500mm
- Þyngd bagga: 50-100kg
- Pressa: 5 tonn



590.000 + vsk.

Við hjá Landstólpa höfum hafið sölu á ruslapressum frá írska framleiðandanu LSM. Þær eru fyrirferðalitlar og henta einstaklega vel við frágang á rúlluplasti. Einnig nýtast þær við frágang á öðrum úrgangi, til dæmis pappa. Fleiri útfærslur eru fáanlegar frá LSM, skoða má úrvalið á www.lsmltd.com.

Nánari upplýsingar gefur sölufulltrúi vélasviðs í síma **480 5600** eða í netfanginu **landstolpi@landstolpi.is**

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi — 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum — 480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

FRÉTTIR



## Hellissandur:

# Bygging þjóðgarðsmiðstöðvar á áætlun

**Góður gangur hefur verið í byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi frá því að framkvæmdir hófust þar í fyrrasumar.**

Byggingin er nú fokheld og innivinna hafin. Umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun standa að byggingu þjónustumiðstöðvarinnar sem rís í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi.

Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennsluaðstöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 710 m².

Byggingin samanstendur af tveimur meginbyggingum sem tengjast saman með miðrými. Önnur byggingin hýsir umsýslu fyrir daglegan rekstur þjóðgarðsins en hin starfsemi sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi á hans vegum.

Verktakafyrirtækið Húsheild bauð lægst í byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar í útboði sumarið 2020. Tilboð þess var um 420 milljónir króna, en kostnaðaráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins hljóðaði upp á 475 milljónir króna. Greint er frá gangi mála við bygginguna á vefsíðu Framkvæmdasýslunnar.



### Flókið verkefni

Þar kemur einnig fram í máli Ólafs Ragnarssonar, annars eigenda Húsheildar, að framkvæmdir séu jafnvel aðeins á undan áætlun. Hann segir bygginguna einstaklega fallega og þrátt fyrir að vel gangi þá sé verkefnið flókið. Byggingin sé í laginu eins og skip sem kalli á flókið stálburðarvirki sem kostuðu heilabrot í hönnun, smíði og uppsetningu.

Starfsemi Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar getur hafist í hinu nýja húsnæði næsta sumar, en gert er ráð fyrir að verktaki skili húsinu í júní árið 2022. /MÞÞ



Plægingaflokkur á vegum RARIK að störfum í Öxarfirði. Myndir / Vefsíða RARIK

## Lagning háspennustrengja:

# Flestallar línur að komast í jörð

**Óvenju mikil umsvif hafa verið við lagningu háspennustrengja í dreifbýli á vegum RARIK í sumar. Á Norðurlandi hafa aldrei áður verið jafn mörg jarðstrengsverkefni í gangi samtímis.**

Á tímabili voru fjórir plægingaflokkar að plægja niður strengi samtímis á Norðurlandi og þessa dagana er unnið að jarðstrengslögn í Svarfaðardal sem reiknað er með að ljúki um þessar mundir og verður Svarfaðardalur þá spennusettur.

Í Öxarfirði er einn plægingaflokkur að vinna og annar við Raufarhöfn og ráðgert er að hefja jarðstrengslögn í Fljótum nú í vikunni. Þrátt fyrir að jarðstrengslagnir hafi gengið vel í sumar og að nú sé farið að hausta verður vinnunni haldið áfram á meðan veður leyfir.



Tengivinna við Jökulsá á fjöllum í Öxarfirði.

### Ýmis verkefni fram undan

Fyrir liggur m.a. að því er fram kemur á vefsíðu RARIK að leggja jarðstrengi í síðasta bútinn milli Kópaskers og Raufarhafnar en að því verki loknu verður Raufarhöfn komin með tengingu um jarðstreng alla leið frá aðveitustöðinni við Kópasker. Þá verður lagður jarðstrengur í stað loftlínu frá aðveitustöð í Árskógi í Dalvíkurbyggð og út á Hámundarstaðaháls. Loks verður lagður jarðstrengur frá Skeiðsfossvirkjun að Ketilási í Fljótum. Strengurinn kemur í stað einnar elstu loftlínu RARIK sem reist var 1946. Umræddur strengur verður á næstu árum rekinn á 22 kV spennu, eins og tengingin til Siglufjarðar er nú.

Þegar þessum verkefnum er lokið verður búið að plægja og tengja 50 kílómetra af háspennustrengjum á Norðurlandi á árinu og tengja 25 spennistöðvar og þar með verða flestar línur sem skemmdust í óveðrinu á Norðurlandi 2019 komnar í jörðu nema línan til Ólafsfjarðar og út á Skaga og línan neðst í Fnjóskadal frá Þverá að Skarði. /MÞÞ





Margar nýjar bifreiðar eru búnar ljósum sem kvikna þegar bíllinn er ræstur og í fyrstu má halda að um sé að ræða ökuljós en sú er ekki raunin. Víða má sjá í umferðinni ökumenn nýrra bíla sem gera sér ekki grein fyrir þessu og aka um með takmörkuð ljós og eru jafnvel ljóslausir að aftan.

# Ertu með ökuréttindi?

*– ef svo er áttu að vita, að lögum samkvæmt eiga full ökuljós alltaf að vera kveikt í akstri, **líka afturljós***

- **Veistu** að ef lögboðin ökuljós eru ekki kveikt er lögreglu heimilt að sekta þig um 20.000 krónur fyrir hvert ljós sem slökkt er á.
- **Veistu** að ljósin eru ekki skraut, heldur öryggisbúnaður til að láta aðra vegfarendur vita af þér í umferðinni.
- **Veistu** að þegar skyggja tekur, svo ekki sé talað um versnandi skyggni vegna rigningar eða snjókomu, skiptir gríðarlegu máli að afturljósin séu kveikt til að koma í veg fyrir alvarleg slys.
- **Veistu** að ef þú ert ekki með afturljósin kveikt stóreykst hættan á að það verði keyrt aftan á þig.
- **Veistu** að stefnuljós eru heldur ekki til skrauts. Þau eru öryggistæki til að láta aðra ökumenn vita **tímanlega** hvert þú ætlar að beygja.
- **Mundu** að þú ert ekki eini ökumaðurinn í umferðinni og samferðafólk þitt þarf að geta treyst á þína hegðun.
- *Megi gæfan vera með ykkur í umferðinni,* **Bændablaðið**

Bændablaðið / HKr.




Umhverfisverðlaun voru veitt í 17. sinn í athöfn sem efnt var til nýverið. Mynd / Vefsíða Sveitarfélagsins Skagafjarðar

## Umhverfisverðlaun í Sveitarfélaginu Skagafirði:

# Fimm verðlaun veitt í ár

**Alls voru í ár veitt fimm umhverfisverðlaun í Sveitarfélaginu Skagafirði í fjórum flokkum, en þau voru afhent nýverið.**

Þetta er í 17. sinn sem verðlaunin er afhent en Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar stendur fyrir þeim auk Umhverfis- og samgöngunefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Fram kom við athöfn sem efnt var til af þessu tilefni að margt gott hefði verið gert í fegrun umhverfis í Skagafirði á liðnum árum og margt í gangi.

Tvenn verðlaun voru veitt í flokknum lóð í þéttbýli og þau hlutu annars vegar Pálmi S. Sighvats og Birgitta Pálsdóttir fyrir Drekahlíð 7 á Sauðárkróki og Hafsteinn Harðarson og Amelía Árnadóttir fyrir Reynimel í Varmahlíð.

Högni Elfar Gylfason og Monika Björk Hjálmarsdóttir fengu viðurkenningu í flokki sveitabýla með hefðbundinn búskap, en þau búa á Korná í Lýtingsstaðahreppi. Reynisstaðakirkja hlaut viðurkenningu sem lóð við opinbera stofnun en Sigurlaug Guðmundsdóttir, formaður sóknarnefndar, veitti verðlaununum viðtöku.

Verðandi, endurnýtingarmiðstöð á Hofsósi, hlaut viðurkenningu fyrir einstakt framtak og tóku forsvarskonur þess, Þuríður Helga Jónasdóttir og Solveig Pétursdóttir, við viðurkenningunni. /MÞÞ



Á þessari tölvugerðu mynd frá Vegagerðinni má sjá nýju tvíbreiðu brúna og gömlu brúna, sem verður notuð sem reiðstígur yfir Stóru-Laxá.

# Tvíbreið brú byggð yfir Stóru-Laxá

**Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Karl Andreassen, framkvæmdastjóri Ístaks, skrifuðu nýlega undir verksamning um smíði brúar yfir Stóru-Laxá í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**



Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, og Karl Andreassen, framkvæmdastjóri Ístaks, sem skrifuðu undir og handsöluðu samninginn um nýju brúna yfir Stóru-Laxá.
Mynd / Vegagerðin

Verkið felst í byggingu tvíbreiðrar brúar yfir Stóru-Laxá, gerð nýs vegarkafla Skeiða- og Hrunamannavegar beggja vegna, breikkun vegamóta við Skarðsveg og við Auðsholtsveg og gerð reiðstígs.

Nýja brúin verður til hliðar við núverandi brú, staðsteypt, eftirspennt bitabrú, 145 m löng í fjórum höfum.

Lengd vegkafla er rúmlega 1.000 metrar og lengd reiðstígs rúmir 300 metrar.

Ístak bauð rúma 791 milljón króna í verkið sem var tæplega 82 prósent af áætluðum verktakakostnaði.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi m.a. með fækkun einbreiðra brúa, greiða fyrir umferð af hliðarvegum og auka öryggi hestamanna. Áætluð verklok eru fyrirhuguð 30. september 2022.

*/MHH*



Kristín S. Bjarnadóttir, formaður Minningar- og styrktarsjóðs Heimahlynningar Sjúkrahússins á Akureyri og hjúkrunarfræðingur hjá Heimahlynningu, afhendir Bjarna Jónassyni, fulltrúa SAk, lykla að húsinu við Götu sólarinnar.

## Hús fyrir líknarþjónustu utan sjúkrahúss:

# Gæfuspor að fá þessa viðbót

**„Það er mikið gæfuspor að fá þessa viðbót við þjónustuna," segir Kristín S. Bjarnadóttir, formaður Minningar- og styrktarsjóðs Heimahlynningar Sjúkrahússins á Akureyri, SAk og hjúkrunarfræðingur hjá Heimahlynningu, en sjóðurinn afhenti SAk og Heilbrigðisstofnun Norðurlands, HSN, hús sem sjóðurinn keypti og er ætlað fólki sem óskar eftir að fá líknarþjónustu utan sjúkrahúss. Húsið er við Götu sólarinnar við Kjarnaskóg.**

Kristín segir starfsemi hússins kærkomna viðbót við þá þjónustu sem í boði er fyrir fólk með ólæknandi sjúkdóma, en lengi hefur verið í deiglunni á Akureyri að koma slíkri þjónustu á. Kristín segir að rausnarlegar gjafir tveggja einstaklinga, Laufeyjar Pálmadóttur og Jónasar Jónassonar, hafi gert að verkum að hægt var að kaupa húsið við Kjarnaskóg. Laufey og Jónas ánöfnuðu sjóðnum hluta eigna sinna eftir sinn dag.

„Tilgangurinn með rekstri þessa húss er að veita fólki með langt gengna sjúkdóma sérhæfða fagþjónustu utan sjúkrahúss á vegum Heimahlynningar SAk," segir Kristín en langflestir sem standa í þeim sporum kjósa að vera sem mest heima og minnst inni á sjúkrahúsum. Góð aðstaða er í húsinu, jafnt innan sem utan dyra, fyrir fjölskyldu þess veika til að dvelja hjá honum. Gistirými eru 6 talsins auk þess sem hægt er að búa um fólk í stofu.

Heimahlynning hefur í tæp 30 ár veitt líknarþjónustu í heimahúsum á Akureyri og nágrannabyggðum og verður þjónustan í húsinu við Götu sólarinnar viðbót við þá þjónustu. SAk og HSN munu í sameiningu sjá um rekstur hússins en þessar tvær stofnanir eru að hefja samvinnuverkefni um þessar mundir á öllu upptökusvæði SAk, með yfirskriftinni Norðlenska líkanið og er samþætting á líknar- og lífslokameðferð.

*/MÞÞ*


VOR VERNDUN OG RÆKTUN

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

**Málþing**

**Lífræn ræktun í framkvæmd**

Reynslusögur frá Danmörku

*Fjallað um lífræna ræktun í Danmörku og á Íslandi með áherslu á matjurtir.*
*Aðferðir, stefnumótun og starfsumhverfi.*

Richard de Visser deilir reynslu sinni af lífrænni ræktun í Danmörku hvar hann hefur starfað sem ráðunautur um árabil. Hann hefur einnig unnið að verkefninu "Organic Denmark" sem hefur leitt til vitundarvakningar og aukinna tækifæra fyrir lífræna framleiðendur þar í landi.

**Staður og stund:** *Hótel Selfoss, Fimmtudagur 21. október frá kl 10 - 16*

**Dagskrá:**

**Fyrri hluti - Lífræn ræktun í framkvæmd**

Kl 10 – 11.30 - Richard de Visser
√ *Vélvæðing gegn illgresi – aðferðarfræði og nýsköpun*
√ *Áburður í lífrænni ræktun* ▪ *Efni* ▪ *Tækni*
√ *Dæmisögur úr ræktun í Danmörku, tækninýjungar*

Kl 11.40 – 12.00 Eiríkur Loftsson ráðunautur RML
√ *Húsdýraáburður – nýting og virði*
√ *Notkun á húsdýraáburði við íslenskar aðstæður*

Kl 12.00 – 12.20 - Þórey Gylfadóttir ráðunautur RML
√ *Af hverju belgjurtir ?*

**12.30 – Hádegishlé**

**Seinni hluti – Lífræn Danmörk – opinber stefnumótun og starfsumhverfi**

kl 13.30 – 15.00 - Richard de Visser:
√ *Reglur og skipulag lífræna geirans í Danmörku*
√ *Markaðir og eftirspurn*
√ *Þekking og framleiðsla, samspil og áherslur*

Kl. 15.00 Spurningar, umræður og samantekt

Dagskrá lokið kl 16.00

*Þátttaka tilkynnist á netföngin helgi@rml.is eða verndunograektun@gmail.com í síðasta lagi 19. október.*
*ATH. Hægt verður að taka þátt í fjarfundi, en óska þarf eftir því í þátttökutilkynningu.*

Toyota Fyrirtækjalausnir




**Eigðu eða leigðu hjá Fyrirtækjalausnum Toyota Kauptúni**

Hægt er að kaupa beint eða leigja allar tegundir af Toyota bílum í lengri eða skemmri tíma.

Jón Vikar Jónsson og Hlynur Ólafsson eru tengiliðir fyrirtækja hjá Toyota Kauptúni.

Ekki hika við að hafa samband við þá ef þig vantar upplýsingar um atvinnubíla Toyota.

jon.vikar@toyota.is
hlynur.olafsson@toyota.is



Hlynur og Jón Vikar

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

ÞJÓNUSTUPAKKI 3+4 ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570-5070

Opnunartímar
Mánudaga til föstudaga 7:45 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

NYTJAR HAFSINS

# Samkeppnisstaða sjávarútvegsins



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

**Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eiga í harðri samkeppni á markaði við fiskframleiðendur í öðrum löndum. Mikil hagræðing og tæknivæðing síðustu áratuga hefur skapað þeim sterka stöðu í þessari samkeppni. Athyglisverð er sú staðreynd að Ísland skuli vera eina ríkið innan OECD þar sem sjávarútvegurinn borgar meira til hins opinbera en hann fær greitt úr opinberum sjóðum, hvaða skoðun sem menn svo hafa á því hvort greinin greiði „réttlátt og sanngjarnt“ veiðigjald fyrir afnot af auðlindinni eða ekki.**

Síðastliðið vor kom út yfirgripsmikil skýrsla á vegum sjávarútvegsráðuneytisins um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi. Höfundar hennar eru Sveinn Agnarsson prófessor (ritstjóri), Sigurjón Arason prófessor, dr. Hörður G. Kristinsson og dr. Gunnar Haraldsson,

Í skýrslunni er m.a. fjallað um samkeppishæfni sjávarútvegsins gagnvart sjávarútvegi í helstu samkeppnislöndum okkar. Það sem hér fer á eftir byggt á því sem fram kemur í skýrslunni.

### Norðmenn helstu keppinautarnir

Norðmenn eru helstu keppinautar Íslendinga á markaði fyrir sjávarafurðir enda er Noregur nágrannaland okkar og tegundasamsetning í afla ekki ósvipuð því sem þekkist hérlendis.

Norðmenn voru árið 2018 tíunda aflahæsta þjóð heims með 2,7 milljónir tonna úr veiðum (tvöfalt meira en Íslendingar) og að auki 1,4 milljónir tonna úr fiskeldi, eða samtals liðlega 4 milljónir tonna af fiski. Hlutfall eldisfisksins er 45% af heildarmagni útflutts sjávarfangs en hlutfallið er ríflega 70% mælt í verðmætum.

### Helmingur þorsksins óunninn úr landi

Norðmenn flytja mest út til landa Evrópusambandsins eins og Íslendingar og þjóðirnar tvær eiga í harðri samkeppni í sölu á þorski inn á þennan mikilvæga markað. Samsetningur á útflutningi þorskafurða er þó harla ólíkur í löndunum tveimur. Íslendingar fullvinna þorskinn í mun ríkara mæli en Norðmenn, sem selja stóran hluta aflans úr landi til frekari vinnslu erlendis. Á árinu 2020 nam útflutningur á heilum eða frosnum heilum þorski 51% í Noregi en 12% á Íslandi. Fersk flök voru þá 1,8% af útflutningi Norðmanna en 19,6% af útflutningi Íslendinga. Útflutningur á hliðarafurðum er mun meiri frá Íslandi en Noregi.

### Veiðar og vinnsla aðskilin

Sú staðreynd að liðlega helmingur af þorskútflutningi Norðmanna er óunninn fiskur, þ.e. ferskur eða heilfrystur, á rætur sínar að rekja til fiskveiðistjórnunarkerfisins þar í landi. Veiðar og vinnsla eru aðskilin lögum samkvæmt og því kemur meirihluti aflans á land á vertíðartímanum fyrri hluta árs þegar auðveldast er að veiða þorskinn en þá er ekki nægileg afkastageta í fiskvinnsluhúsunum til að anna þeim afla sem á land berst. Á Íslandi eru veiðar og vinnsla samþætt að stórum hluta og hægt að stýra dreifingu aflans meira yfir árið eftir því sem hagstæðast þykir með tilliti til vinnslu og markaða.






Mörg íslensk fiskvinnslufyrirtæki hafa á undanförnum árum fjárfest í nýjustu tækni til þess að standa betur að vígi í samkeppninni úti á mörkuðunum. Meðal þeirra er Vísir hf. í Grindavík.




Úr skýrslu sem gerð var að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í maí 2021 um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi. Í þessu súluriti sem er á bls. 201 í skýrslunni segir m.a.: Samkvæmt nýjustu tölum OECD sker Ísland sig sérstaklega úr hvað varðar greiðslur fyrirtækja í greininni fyrir aðgang að auðlindinni. Þrátt fyrir að slíkar greiðslur hafi vaxið nokkuð sem hlutfall af heildarútgjöldum OECD landa sem renna til sjávarútvegs, þ.e. úr 5,6% af heildarútgjöldum á árunum 2012–2014 í 6,8% á árunum 2016–2018, þá sker Ísland sig verulega úr í hópi OECD landanna því það er eina landið þar sem sjávarútvegsgeirinn borgar meira til hins opinbera en hann fær greitt úr opinberum sjóðum.




### Samanburður á afurðaverði

Í skýrslunni kemur fram að samanburður á útflutningi á þorskafurðum landanna árið 2015 hafi leitt í ljós að íslensk fyrirtæki hafi fengið hærra verð en norsk fyrirtæki fyrir alla afurðaflokka nema heilan þorsk og saltfisk. Árið 2020 hafi dæmið aftur á móti snúist við. Þá fengu norsku fyrirtækin hærra verð fyrir allar afurðir nema fersk flök. Meðalverð á hvert kíló fyrir allar afurðir var þó hærra hjá Íslendingum vegna þess hve Íslendingar flytja mikið út af ferskum flökum sem seljast á hæsta verði allra afurða.

### Samkeppnisstaðan gæti breyst

Bent er á í skýrslunni að eins og þessi samanburður beri með sér sé verð ólíkt milli ára. Eigi að síður virðist sem norsk fyrirtæki séu að fá hærra verð en Íslendingar fyrir þann óunna fisk sem fluttur sé úr landi, sem og fryst flök og saltfisk. Íslendingar hafi enn sem komið er ekki getað selt fersku þorskflökin á hærra verði en Norðmenn. Eftir því sem fleiri fiskvinnslufyrirtæki í Noregi tileinki sér nýjustu tækni, m.a. með því að kaupa tæki og búnað af íslenskum framleiðendum, geti sú staða hæglega breyst og Íslendingar þá hugsanlega þurft að sætta sig við að fá lægra meðalverð en Norðmenn fyrir allar þorskafurðir. Nái norsk fyrirtæki að vanda hráefnismeðferð frá veiðum til vinnslu og að nýta hráefnið betur eins og Íslendingar hafi gert, gæti samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja versnað enn frekar, segir í skýrslunni.

### Færeyingar í náðinni hjá Rússum

Færeyingar eru einnig keppinautar Íslendinga á markaði fyrir sjávarafurðir þótt í minna mæli sé. Miklar breytingar hafa átt sér stað í færeyskum sjávarútvegi á síðustu áratugum. Áður voru veiðar á hvítfiski fyrirferðarmestar en nú er svo komið að fiskeldi hefur tekið við sem mikilvægasta útflutningsafurð Færeyinga.

Þá hefur sú breyting orðið í seinni tíð að Rússland er orðið langþýðingarmesta útflutningsland Færeyinga. Það á sér þær skýringar að þegar flestar aðrar fiskveiðiþjóðir í Evrópu og Ameríku beittu Rússland viðskiptaþvingunum vegna ástandsins í Úkraínu brugðust Rússar við með því að loka markaði sínum fyrir sjávarfang frá þessum löndum að mestu leyti, þeirra á meðal frá Íslandi. Færeyingar tók ekki þátt í refsiaðgerðunum gagnvart Rússum og hafa notið þess. Við lokun Rússlandsmarkaðar misstu Íslendingar sinn besta markað fyrir meðal annars makríl og hafa orðið að sætta sig við lakara verð á öðrum mörkuðum fyrir makrílafurðir.

### Afli ESB-landa 3 milljónir tonna

Evrópusambandið er mikilvægasta markaðssvæði Íslendinga fyrir sjávarafurðir en jafnframt eru fiskveiðiþjóðirnar innan þess að sjálfsögðu samkeppnisaðilar okkar á markaði. Heildarafli ESB-landanna á árinu 2019 nam um 3 milljónum tonna sem er talsvert minna en árin á undan. Til samanburðar má nefna að heildarafli Íslendinga hefur verið 1,1-1,3 milljónir tonna síðustu árin en fór yfir 2 milljónir tonna í kringum aldamótin í góðum loðnuárum. Langstærsti hluti afla ESB-ríkjanna veiddur í Norðaustur-Atlantshafi og er Spánn alla jafnan stærsta fiskveiðiþjóðin en Danmörk, Frakkland og Holland fylgja þar á eftir.

Það sem helst skekkir samkeppnisstöðu Íslands gagnvart ESB-löndunum er yfirgripsmiklir styrkir til sjávarútvegs í þessum löndum. Fiskveiðar nema aðeins um 1% af vergri landsframleiðslu ESB-landanna allra en mikilvægi þeirra er mjög mismunandi eftir löndum og landssvæðum.

### 1.167 milljarða styrktarsjóður

Evrópusambandið hefur sett á fót sérstakan sjóð til að styðja við fiskveiðar og sjávartengda starfsemi. Á árunum 2014-2020 var heildarfjárhæð sjóðsins ríflega 7,8 milljarðar evra eða jafnvirði 1.167 milljarða íslenskra króna. Það gerir tæpir 200 milljarðar íslenskra króna á hverju ári en til samanburðar má nefna að aflaverðmæti íslenskra skipa á árinu 2019 nam 145 milljörðum króna. Meðal markmiða sjóðsins er að auka fjölbreytni atvinnulífs í sjávarbyggðum og auðvelda aðgengi smárra fyrirtækja að fjármagni. Í skýrslunni segir að breytingar séu að eiga sér stað varðandi styrki til sjávarútvegs í Evrópusambandinu í átt til stuðnings við brothættar byggðir og atvinnustarfsemi frekar en að verið sé að styrkja hefðbundnar veiðar og vinnslur.

### Rússar styrkja skipasmíðar

Víða þekkjast þó dæmi um styrki til fjárfestinga, jafnt í skipum sem vinnslum. Rússar keppast nú t.d. við að endurnýja fiskveiðiflota sinn. Í Rússlandi hafa verið teknir upp sérstakir fjárfestingarkvótar sem nema 20% af heildarkvóta og er úthlutað til þeirra fyrirtækja sem skuldbinda sig til þess að láta smíða ný skip í Rússlandi frekar en í útlöndum. Þess má geta að Rússar eru keppinautar Íslendinga á mörkuðum fyrir botnfiskafurðir úr Barentshafi rétt eins og Norðmenn.

### Ísland sker sig úr

Styrkir til sjávarútvegs er hin almenna regla meðal nágrannaþjóða okkar og þótt víðar væri leitað. Samkvæmt nýjustu tölum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar) sker Ísland sig sérstaklega úr hvað varðar greiðslur fyrirtækja í greininni fyrir aðgang að auðlindinni. Ísland er eina landið innan OECD þar sem sjávarútvegurinn borgar meira til hins opinbera en hann fær greitt úr opinberum sjóðum.

„Sú staðreynd að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki geta staðist samkeppnina jafn vel og raun ber vitni er annars vegar merki um góða fiskveiðistjórnun og fjárhagslegan styrk sjávarútvegsins á Íslandi en einnig um bágt ástand í fiskveiðum annars staðar,“ segir í skýrslunni sem hér er vitnað til.


Tölvugerð mynd af nýja skipi Hafrannsóknastofnunar. Mynd / Skipasýn

# Spánverjar buðu lægst í nýtt hafrannsóknaskip

**Þann 1. október voru opnuð hjá Ríkiskaupum tilboð í smíði nýs rannsóknaskips fyrir Hafrannsóknastofnun.**

Þrjú tilboð komu í smíði skipsins og komu þau öll frá spænskum skipasmíðastöðvum, að því er fram kemur á vef Hafrannsóknastofnunar. Á næstu vikum verður farið yfir tilboðin, þau metin og í framhaldi þess hefjast viðræður við þá sem buðu í verkið.


Skip Hafrannsóknastofnunar við Hafnarfjarðarhöfn. Mynd / HKr.

Tilboð sem bárust voru frá eftirfarandi skipasmíðastöðvum:

- Asteileros Armon VIGO, S.A.
- Construcciones Navales P. Freier, S.A.
- Gondan

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum þá felur opnunarskýrsla ekki í sér niðurstöðu útboðs. Í opnunarskýrslu er einungis birt heildartilboðsfjárhæð en endanlegt val getur ráðist af fleiri valforsendum skv. útboðsgögnum. Framsetning opnunarskýrslu er með fyrirvara um hugsanlega reiknivillu og að ekki er búið að meta gildi tilboða. Komi í ljós að fjárhæðir í opnunarskýrslu eru ekki réttar miðað við framsetningu tilboðsblaðs og leiðbeiningar um útfyllingu á því, verður leiðrétt opnunarskýrsla birt eins fljótt og unnt er. */HKr.*
















LANDSJÁ




# Áburður, verðbólga og hringrásarhagkerfi

**Í Áföngum orti prófessor Jón Helgason um hin sólvermdu suðrænu blóm sem „áburð og ljós og aðra virkt enginn til þeirra sparði". Nú horfir þannig að ræktendur, hvort sem þeir eru að fást við suðræn blóm eða melgrasskúfinn harða, þurfi að spara áburðinn eða gjalda hann dýrara verði en verið hefur.**

Frá því að heimsfaraldurinn hófst hefur matvælaverð farið hækkandi í heiminum. Tugir landa settu útflutningstakmarkanir á matvæli sem enn eru í gildi víða. Þurrkar og óáran í veðurfari hafa sjaldan haft jafn víðtæk áhrif enda veður vályndari að jafnaði um þessar mundir af völdum loftslagsbreytinga. Sömuleiðis hefur verðlag á ýmsum hrávörum farið hækkandi síðustu mánuði. Hér hafa því orðið umskipti því sé litið lengra til baka þá hafa matvæli og drykkjarvörur frekar togað verðbólgu niður á við en hitt hér á landi. Sem dæmi má taka að frá ársbyrjun 2015 til dagsins í dag hafa matvæli hækkað minna í verði heldur en vísitala neysluverðs. Spilar þar ýmislegt inn í en líklega er stærsta breytan styrking krónunnar á árunum 2015-2017 auk þess sem olíuverð var lægra á þessu tímabili en árunum þar á undan.

### *Tilviljanakenndar sveiflur*

Þetta er í takti við enn þá lengri þróun, nefnilega þá að raunverð matvæla lækkar vegna tækniframfara í landbúnaði og viðvarandi framleiðniaukningar. Þetta hlaupabretti hefur neytt bændur til þess að auka framleiðslu, sækja sér tekjur utan bús eða hætta framleiðslu og gera eitthvað annað um áratuga skeið. Nú horfir svo við á hinn bóginn að á næstu mánuðum muni ýmis aðföng til landbúnaðar hækka talsvert í verði. Ýmsir hnútar komu á framleiðslukeðjur vegna heimsfaraldursins sem ekki hafa raknað upp enn þá. Sérstaklega eru horfurnar slæmar hvað áburð varðar. Vegna hækkandi verðs á jarðgasi hafa ýmsir framleiðendur í Evrópu þurft að draga úr framleiðslu. Þá hafa þvingunaraðgerðir gegn hvítrússneskum ríkisfyrirtækjum, sem eru stórtæk á markaði með kalí, haft áhrif. Hækkun flutningskostnaðar á heimsvísu vegur einnig inn í þetta dæmi. Loks hafa stormar við Mexíkóflóa stöðvað framleiðslu í stærstu áburðarverksmiðjum heims.


Kári Gautason.

### *Nóg er til af næringarefnum*

Áburður er einn stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í framleiðslu fóðurs og því munu hækkanir á áburði draga úr framlegð á búvörum næstu misseri. Sérstaklega ef innflutningsaðilar komast upp með að ýta öllum verðhækkunum út í verðlagið til bænda. Bændur eru því eindregið hvattir til þess að huga að því tímanlega að gera áburðaráætlanir þannig að þeir lágmarki þann kostnað sem fer í það að skaffa næringarefnin í túnin. Þá er hægt að kanna hvort að hægt sé að ná betri nýtingu á þann áburð sem keyptur er með betri tækni við dreifingu. Þessi kostnaðarliður er einfaldlega af þeirri stærðargráðu að mikilvægt er að koma böndum á hann svo að afkoman á búinu sé ekki háð stormum á Mexíkóflóa eða stórveldabixi sem hækkar verð á jarðgasi í Evrópu.

Til lengri tíma litið þarf Ísland svo að verða á nýjan leik óháðara innfluttum áburði en verið hefur um hríð. Hægt er að vinna fosfór úr úrgangi sem í dag er dælt út í sjó. Verði hér reistar miklar landeldisstöðvar í laxeldi má nýta mykjuna til þess að framleiða áburð. Nóg fellur til af næringarefnum í landinu en þau verður að klófesta og nýta. Áburð getum við framleitt innanlands ásamt ljósi með rafmagni. Það væri hringrásarhagkerfi sem myndi auka fæðuöryggi og gera íslenska framleiðslu óháðari tilviljanakenndum sveiflum á hrávöruverði en nú er raunin.

*Kári Gautason*
*Höfundur er sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá Bændasamtökum Íslands*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 21. október

HROSS & HESTAMENNSKA


Auk þess að hljóta gríðarlega góðan dóm fyrir hæfileika er Fróði frá Flugumýri líka augnayndi. Hann fékk 8,45 fyrir sköpulag, þar af einkunnina 9 fyrir samræmi, háls, herðar og bóga. Ræktandi hans og sýnandi, Eyrún Ýr Pálsdóttir, stefnir með hann á keppnisbrautina í framtíðinni. Mynd/ghp

# Geðprúður mýktarhestur

## – Fróði Flugumýri er hæst dæmda 4 vetra hross ársins 2021


Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

**Geðgóð hæfileikahross sem sýna afköst ung að aldri hljóta að vera markmið og draumur hvers hrossaræktanda.**

Það var enginn skortur á slíkum gripum á kynbótabrautinni í ár því 34 hross fædd árið 2017 fengu fyrstu verðlaun í aðaleinkunn. Stóðhesturinn Fróði frá Flugumýri hlaut hæstu einkunn fjögurra vetra hrossa í ár en ræktendur hans eru Eyrún Ýr Pálsdóttir og Teitur Árnason.

„Fróði er afskaplega yfirvegaður og jafn á öllum gangi. Hann er fljótur að svara og læra. Hann er allur svo skemmtilega léttur, ég hef aldrei verið með svona klárhest áður," segir Eyrún en kostir hans fóru ekki framhjá neinum í kynbótadómnum enda hlaut hann einkunnina 9 fyrir tölt, brokk, greitt stökk, samstarfsvilja og fegurð í reið og 8,31 fyrir hæfileika sem reiknast sem 8,91 án skeiðs sem hlýtur að teljast væn einkunn fyrir ekki eldri hest.

Þegar hross sýna svo mikil afköst á unga aldri þarf að passa vel upp á þau og varast að fara fram úr þeim, eins og Eyrún kemst að orði. „En Fróði gerði þetta allt sjálfur. Ég æfði hann einu sinni á brautinni í Hafnarfirði, það var kolvitlaust veður en klárinn var magnaður og við Teitur vorum sammála um að hann væri að fara að gera góða hluti, svo ég mætti með hann í dóm viku seinna og allt gekk upp. Það er eflaust vegna þess hve eðlisgóður hann er á gangtegundunum. Þetta mikla fjaðurmagn, skreflengd og framganga hans í reið skiluðu sér greinilega til dómaranna, því einkunnir voru á pari við það sem við höfðum ímyndað okkur."

### *Óvænt hryssukaup*

Eyrún Ýr segist hafa eignast móður Fróða, Fýsn frá Feti, fyrir tilviljun árið 2014. „Ég kynntist henni þegar hún var orðin fullorðin hryssa, þá búin að vera í folaldseignum í nokkur ár. Nýr eigandi hennar þá bað mig um að þjálfa hana til að finna hvernig hryssa hún væri áður en hann léti hana í frekari folaldseignir. Ég varð svo svakalega hrifin af henni að ég varð að eignast hana," segir Eyrún, sem á ekki langt að sækja skynbragð fyrir góðum kynbótahrossum, enda fædd og uppalin á hrossaræktarbúinu Flugumýri og hefur kennt ræktun sína við búið.

„Ég fékk í vöggugjöf heiðursverðlaunahryssuna Kolskör frá Gunnarsholti og hef ræktað undan henni síðan. Ég á m.a. tvær hátt dæmdar hryssur undan henni sem eru í ræktun hjá mér og byrjaðar að skila mér góðum afkvæmum," segir Eyrún en hún og sambýlismaður hennar, Teitur Árnason, fá á bilinu 5–10 folöld á ári.

„Við eigum einnig nokkrar hryssur í sameign með öðrum ásamt því að fá að halda gæðahryssum sem við höfum haft í þjálfun. Gaman er að segja frá því að við sýndum fjögur hross úr okkar ræktun í ár. Meðalaldurinn var 5 vetra og aldursleiðrétt aðaleinkunn 8,29."

Faðir Fróða er Hringur frá Gunnarsstöðum I. „Ég hef alltaf verið svakalega hrifin af Hring, man sérstaklega eftir honum þegar hann kom fram 5 vetra og ákvað þá að ég yrði að nota hann. Hann er mín týpa, hágengur og léttur klárhestur. Ég man líka eftir mömmu Hrings sem var ótrúlega flott meri," segir Eyrún sem lumar á fleiri afkvæmum Hrings í hrossastóðinu.

### *Gæðatamning litlu systur*

Eyrún Ýr sendi Fróða í tamningu í vetur til yngri systur sinnar, Þórdísar Ingu, sem þá var í Skagafirði í Hólaskóla. „Ég sendi alltaf nokkur góð hross til hennar því ég veit að hún er mjög fær tamningakona. Enda tamdi hún Fróða frábærlega. Þegar hún kom svo hingað til okkar í verknám í vor tók ég við honum. Þá fann ég strax að hann var óvenjulegur," segir Eyrún Ýr.

Hún vonast til að geta notað Fróða sem keppnishest í framtíðinni, en fyrst muni hún stefna með hann aftur á kynbótabrautina.

**Hæstu 4 vetra hross ársins 2021**

| Nafn og uppruni | Aðaleinkunn | Sköpulag | Hæfileikar | Hæfileikar án skeiðs | Faðir / Móðir |
|---|---|---|---|---|---|
| Fróði frá Flugumýri | 8,36 | 8,45 | 8,31 | 8,91 | Hringur frá Gunnarsstöðum I / Fýsn frá Feti |
| Drangur frá Steinnesi | 8,33 | 8,41 | 8,28 | 8,61 | Draupnir frá Stuðlum / Ólga frá Steinnesi |
| Tappi frá Höskuldsstöðum | 8,33 | 8,35 | 8,32 | 8,56 | Kolskeggur frá Kjarnholtum I / Tign frá Höskuldsstöðum |
| Afródíta frá Garðshorni á Þelamörk | 8,33 | 8,43 | 8,27 | 8,32 | Grímur frá Garðshorni á Þelamörk / Elding frá Lambanesi |
| Glampi frá Skeiðháholti | 8,25 | 8,49 | 8,12 | 8,42 | Draupnir frá Stuðlum / Hrefna frá Skeiðháholti |
| Kolbrún frá Helgatúni | 8,25 | 8,06 | 8,35 | 8,24 | Hrannar frá Flugumýri II / Vænting frá Hruna |
| Aðalheiður frá Garðshorni á Þelamörk | 8,24 | 8,3 | 8,21 | 8,15 | Ölnir frá Akranesi / Garún frá Garðshorni á Þelamörk |
| Ómar frá Garðshorni á Þelamörk | 8,23 | 8,21 | 8,24 | 8,28 | Organisti frá Horni I / Hremmsa frá Akureyri |
| Geisli frá Árbæ | 8,23 | 8,36 | 8,15 | 8,18 | Ölnir frá Akranesi / Gleði frá Árbæ |
| Nala frá Varmá | 8,19 | 8,14 | 8,22 | 8,8 | Konsert frá Hofi / Bríet frá Varmá |



Ölnir frá Akranesi er hæst dæmda útflutta hross það sem af er árinu.

# Mikill útflutningur

**Það horfir í metútflutningsár á hrossum. Það sem af er ári hafa 2.216 hross yfirgefið landið, 232 stóðhestar, 991 hryssa og 993 geldingar.**

Árið 2020 voru 2.324 hross flutt út og taldist það besta útflutningsár síðan árið 1997.

Af þeim 2.216 hrossum sem hafa farið utan í ár eru 98 þeirra fyrstu verðlauna hross.

Hæst dæmdur er stóðhesturinn Ölnir frá Akranesi sem hlaut 8,82 í aðaleinkunn á Landsmóti hestamanna 2016 þegar hann var hæst dæmda kynbótahross mótsins. Í fyrra hlaut hann fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og skilur því eftir sig töluverðan fjölda af gæðahrossum. Ölnir fór til Noregs í mars.

Af öðrum háttdæmdum útfluttum stóðhestum á þessu ári má nefna Eldjárn frá Skipaskaga (8,72), Nátthrafn frá Varmalæk (8,72), Arthúr frá Baldurshaga (8,69), Fenri frá Feti (8,57) og Landsmótssigurvegarana Óm frá Kvistum (8,61) og Fróða frá Staðartungu (8,59). Hæst dæmdu hryssurnar á lista útfluttra hrossa eru Ör og Fluga, báðar frá Mið-Fossum.

Útfluttu hrossin hafa farið til 19 landa. Eins og fyrri ár fara langflest til Þýskalands, þangað hafa farið 937 hross hingað til, 361 til Danmerkur, 332 til Svíþjóðar, 110 til Austurríkis og 101 til Sviss. Eitt fór til Kanada, 74 til Bandaríkjanna, tvö til Ungverjalands, tvö til Ítalíu, fjögur til Rúmeníu og sautján til Færeyja svo dæmi sé tekið. */ghp*




**Málefni hrossaræktar og hestamanna**

√ Fundarferð um landið -

Almennir fundir um málefni hrossræktarinnar og félagsstarfsins verða haldnir um landið þegar Sveinn Steinarsson formaður Félags hrossabænda og Elsa Albertsdóttir ræktunarleiðtogi íslenska hestsins verða á ferðinni.

**Helstu málefni sem tekin verða fyrir eru:**

√ Breytingar á félagskerfi Félags hrossabænda
√ Markaðsmál
√ Sýningarárið 2021 – helstu niðurstöður

**Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi stöðum kl. 20:00**

- Mánudagurinn 11. október – Borgarfjörður í Vindási, félagsheimili Hestamannafélagsins Borgfirðings.
- Þriðjudagurinn 12. október - Húnaþing á Stóru-Ásgeirsá (Mjólkurhúsið).
- Miðvikudagurinn 13. október – Hliðskjálf á Selfossi.
- Mánudagurinn 18. október – Eyjafjörður í Reiðhöllinni á Akureyri.
- Þriðjudagurinn 19. október – Skagafjörður í Tjarnarbæ.

Hvetjum hestamenn og hrossaræktendur til að fjölmenna á fundina og nýta tækifærið til að kynna sér verkefnin og leggja sitt til málanna.

FÉLAG HROSSABÆNDA
RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Husqvarna®

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.**

- **Steinsagir**
- **Kjarnaborvélar**
- **Jarðvegsþjöppur**
- **Sagarblöð**
- **Kjarnaborar**



***Husqvarna K970***
*15,5 cm sögunardýpt*



***Husqvarna K3600***
*Vökvasög*
*Sögunardýpt 27cm*

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

HÁ VERSLUN

**Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur**
**Opið mán. - fös. kl. 8-17.**
**S. 588-0028**
**haverslun@haverslun.is**
**haverslun.is**

limtrevirnet.is

**FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST**

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol



- Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

FRÉTTASKÝRING

**Bill Gates, Jeff Bezos, stálframleiðslurisinn ArcelorMittal og olíurisinn Eni á bak við nýsköpun í rafhlöðutækni:**

# Ryðmyndun í járni er lykillinn að nýrri ofurrafhlöðutækni

– Járn-loft rafhlöður Form Energy eru sagðar kosta einn túnda af verði liþíum-rafhlaða og henta vel í orkumiðlun sól- og vindorkuvera



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Járn-loft rafhlöður Form Energy eru sagðar geta geymt raforku í allt að 150 klukkustundir. Þar á bæ er hugsað stórt og áform meðal annars um að byggja risastórar rafhlöðusamstæður til að geyma raforku frá sólar- og vindorkuverum til miðlunar þegar framleiðsla liggur niðri. Taka á fyrstu stöðina af þessu tagi í gagnið 2023, en hún á að rísa hjá vistvænu orkuveri, Great River Energy í Minnesota. Mynd / Form Energy

**Liþíumjónarafhlöður (lithium-ion battery) sem nú er notast við til að geyma orku fyrir rafbíla, farsíma, fartölvur og ýmis tæki eru bæði mjög dýrar og óumhverfisvænar. Því hafa vísindamenn víða um heim verið að keppast við að finna upp rafhlöður sem eru umhverfisvænni, ódýrari í framleiðslu, með meiri orkugetu og um leið endingarbetri.**

Eitt þeirra fyrirtækja sem hafa verið að vinna í þessum málum heitir Form Energy sem er með aðsetur í Boston í Bandaríkjunum. Forsvarsmenn þess segja að þeirra rafhlöðutækni muni hvorki meira né minna en umbylta kerfinu um allan heim. Þessar rafhlöður eru þó eins og er ekki hugsaðar til notkunar í ökutækjum, heldur eiga þær að nýtast í stórum skala við að geyma orku frá sól- og vindorkuverum og til að miðla orkunni frá þeim þegar framleiðsla er í lágmarki.

*Járn-loft rafhlaða á að kosta 10% af verði liþíumjónarafhlöðu*

Rafhlöðurnar sem um ræðir kallast járn-loft rafhlaða (iron-air batteries) sem sagðar eru geta geymt raforku frá raforkukerfinu í 100 klukkustundir. Aðalhráefnið í rafhlöðunni er járn sem er ein algengasta málmtegundin á jörðinni. Það sem meira er, rafhlöðurnar eru ekki sagðar kosta í framleiðslu nema einn tíunda af kostnaði við að framleiða liþíumjónarafhlöður (Lithium-ion). Er þar m.a vísað í útlistanir franska fjármálaráðgjafarfyrirtækisins Lazard, sem er leiðandi á heimsvísu. Þá er engin hætta sögð stafa af rafhlöðunum líkt og þekkist með eldfimi liþíumrafhlaðanna.

Í júlí bárust svo fréttir af því að fyrirtækið teldi sig hafa 150 klukkustunda geymslugetu í járn-loft rafhlöðum. Telur fyrirtækið að járn-loft rafhlöðurnar geti verið ódýrari leið en nýting vetnis sem orkumiðils sem kallar auk þess á viðamikla uppbyggingu innviða. Þá eru þessar járn-loft rafhlöður enn sem komið er frekar hugsaðar til notkunar í stórum skala fremur en til notkunar í bíla. Þær gætu leikið stórt hlutverk til að geyma orku í raforkuverum. Ekki er talið útilokað að járn-loft rafhlöður geti komið í stað núverandi liþíumjónarafhlaða í bílum sem eru bæði mjög dýrar og auk þess afskaplega óvistvænar. Það mun þó vart gerast fyrr en í fyrsta lagi eftir 2025. Reyndar gerði Tesla tilraunir með liþíum-járn rafhlöður árið 2017, en notaði þær aldrei.

Vetnistæknin er auk þess enn talin hafa vinninginn sem orkumiðill til að knýja vetnisrafala í stórum samgöngutækjum. Auk þeirrar staðreyndar að helstu iðnaðarþjóðir heims hafa tekið stefnuna á stórfellda vetnisvæðingu.

*Afturkræf oxun járns nýtt til að geyma og miðla raforku*

Sagt er að rafhlaðan virki með „afturkræfri oxun járns", að því er fram kemur á vefriti Recharges – Global News and Intelligence for Energy Transition. Við notkun rafhlöðunnar fæst orkan með því að þúsundir örsmárra járnkúlna verða fyrir lofti sem veldur því að þær ryðga (þ.e. járnið breytist í járnoxíð). Þegar rafhlaðan er hlaðin á ný er súrefni í ryðinu umbreytt með rafstraumi og það verður aftur að járni.

Hugmyndin er ekki ný af nálinni og hafa menn verið að glíma við slíkt fyrirbæri í að minnsta kosti áratug. Kanadíska frumkvöðlafyrirtækið Zinc8 var fyrst til að kynna áform árið 2019 um 100 klukkustunda rafhlöðu sem byggði á sömu grunnhugmynd, en notaði zink í stað járns. Þá er fyrirtækið EES í Origon þegar komið með rafhlöðu sem notar járn sem grunnefni.

*Með bakhjarla á borð við Bill Gates og Jeff Bezos*

Bæði EES og Form Energy eru að hluta í eigu áhættufjárfestingarfyrirtækisins Breakthrough Energy Ventures. Að baki því standa milljarðamæringar á borð við Bill Gates og Jeff Bezos, sem er stofnandi og stjórnarformaður Amazon og geimferðafyrirtækisins Blue Origin.

Meðal núverandi fjárfesta á bak við Form Energy eru líka ítalski olíurisinn Eni og Macquarie Capital. Í lok júlí var svo tilkynnt um 25 milljóna dollara fjárfestingu stáliðnaðarrisans ArcelorMittal í Form Energy. ArcelorMittalsem er með stálframleiðslu í 17 löndum og er með um 168 þúsund starfsmenn, þar af 70.953 í Evrópu. Framleiðir fyrirtækið um 97,3 milljónir tonna af stáli á ári. Fyrirtækið hefur mótað þá stefnu að verða orðið kolefnishlutlaust árið 2050.




Tækni Form Energy byggir á að nýta ryðmyndun í járni til að geyma og miðla orku.



Bill Gates, sem lengi hefur verið ríkasti maður heims, en vermir nú fjórða sætið á þeim lista, er í hópi fjárfesta sem standa á bak við Form Energy.



Jeff Bezos, stofnandi og stjórnarformaður Amazon og geimferðafyrirtækisns Blue Origin, er líka í hópi fjárfesta á bak við Form Energy.




Meðal núverandi fjárfesta á bak við Form Energy eru líka ítalski olíurisinn Eni og Macquarie Capital. Í lok júlí var svo tilkynnt um 25 milljóna dollara fjárfestingu stáliðnaðarrisans ArcelorMittal í Form Energy.



Sól- og vindorkuver Great River Energy.

*Stór áform í burðarliðnum*

Frumkvöðlafyrirtækið Form Energy lætur ekki þar við sitja heldur hefur fyrirtækið gert fjárfestingar- og rekstraráætlun fyrir raforkunet sem byggir á að geta geymt orku m.a. frá vind- og sólorkuverum þar sem veðurfar er breytilegt. Þannig verði hægt að miðla raforku alla daga ársins á ódýran hátt.

Fyrsta járn-loft rafhlaða fyrirtækisins er sögð geta geymt raforku í 100 klukkustundir og skilað orku á samkeppnishæfu verði og orku frá eldri virkjunum. Telja sérfræðingar fyrirtækisins að samkvæmt veðurfarsrannsóknum sé ekki óalgengt að sveiflur í veðri sem hafa áhrif á framleiðslu sól- og vindorkuvera geti varað í 50 til 100 klukkustundir.

Er járn-loft rafhlaðan hugsuð til að geta brúað slíkar lægðir í framleiðslugetu og geyma orku til miðlunar og að 100 klukkustunda orkuheldni rafhlöðunnar eigi að duga til þess í flestum tilvikum. Segjast forsvarsmenn Form Energy í athugunum sínum ekki hafa fundið eitt einasta tímabil þar sem framleiðslugeta hafi dottið niður vegna veðurs lengur en í 150 klukkustundir.

Þó fyrst og fremst hafi verið horft til nýtingar á tækninni í Kaliforníu náðu rannsóknir sem framkvæmdar voru af ISO-NE og DNV GL í febrúar 2001 líka til svæða eins og í norðausturhluta Bandaríkjanna.

*300 megawatta rafhlöðusamstæða við orkuver í gagnið 2023*

Frumverkefni á vegum fyrirtækisins var kynnt í maí á þessu ári. Það gengur út á að reisa 300 megawatta rafhlöðusamstæðu til orkumiðlunar fyrir Great River Energy í Minnesota. Áformað er að taka þessa orkustöð í notkun 2023.

Upphaflegu áformin gengu út á að setja upp 1 MW orkustöð með 150 megawattstunda orkugetu. Sem sagt rafhlöðusamstæðu sem gæti skilað frá sér einu megawatti á klukkustund samfellt í 150 klukkustundir.

Great River Energy sér 700 þúsund fjölskyldum fyrir rafmagni auk bændabýla og fyrirtækja í Minnesota.

## Kjörhitastig rafmagnsbíla er um 15 til 30 gráður á Celsíus:

# Meðalhiti á Íslandi nær nánast aldrei upp í lægri mörk kjörhitastigs rafbíla

## – Ísland kemur verst út í heiminum hvað akstursdrægni rafbíla varðar samkvæmt úttekt í 74 borgum

**Eftir frekar hlýtt sumar á Íslandi er veturinn farinn að minna á sig með tilheyrandi kulda og snjó. Fyrir flesta bíleigendur er það færðin á vegum sem þá skiptir mestu máli. Með vaxandi vinsældum rafmagnsbíla er það hins vegar kuldinn sem rafbílaeigendur þurfa jafnvel frekar að hafa áhyggjur af.**

Í aðdraganda nýliðinna alþingiskosninga kepptust frambjóðendur um að hvetja til orkuskipta og margir þeirra hvöttu einnig til hraðari innleiðingar á rafbílum. Jafnvel þannig að enn hærri refsiskattar en þegar eru yrðu lagðir á þá sem ekki skipta strax yfir í rafbíla.

Mikil þróun er að eiga sér stað í hönnun rafgeyma og bættri tækni. Nýjar tegundir rafgeyma með meiri orkugetu kunna því að vera rétt handan við hornið. Það hlýtur að vekja spurningar um hvort ekki sé skynsamlegra fyrir Íslendinga að fara ekki of geyst í rafbílavæðingunni. Þar er líka stór spurning hvaða áhrif veðurfar og þá sérstaklega hitastig hefur á akstursgetu rafbílanna.



Samkvæmt rannsóknum Orkustofnunar Michigan-háskóla ná bílarafhlöður bestu afköstum við kjörhitastig í 15,56 °C til 26,67 °C. Akstursdrægni rafbíla fer ört fallandi þegar hitinn fer undir 15 gráður.




*Kjörhiti rafmagnsbíla er í kringum 15 til 30 gráður á Celsíus*

Rafhlöðurnar í rafmagnsbílum eru nær allar liþíumjónarafhlöður (Lithium Ion). Kjörhiti slíkra rafgeyma í notkun er oftast talinn vera 15-35 gráður á Celsíus. Ef hitastigið er lægra en 15 °C minnkar orkugeta geymisins hratt við hverja gráðu sem hitinn lækkar og það með drægni ökutækisins að sama skapi. Sama gerist þegar hitinn fer yfir 35°C.

Þessar tölur eru nokkuð í samræmi við útreikninga Orkustofnunar Michigan háskóla (University of Michigan's Energy Institute). Þar segir að bestu afköstum nái slíkar rafhlöður við kjörhitastig í 15,56 °C til 26,67 °C.

Til samanburðar er meðal árshiti á Íslandi í kringum 4 °C, eða langt undir kjörhitastigi rafhlaðanna í rafmagnsbílunum. Þetta ættu sölufyrirtæki rafmagnsbíla á Íslandi auðvitað að upplýsa fólk um í stað þess að hampa sífellt uppgefinni akstursdrægni sem gefin er upp af framleiðendum og miðast við kjörhitastig.




Í greiningu bílatryggingafyrirtækisins AE (carinsurance.ae ) á drægi rafbíla í 74 borgum og bæjum í heiminum kemur Ísland verst út. Ástæðan er lágt meðalhitastig, eða 4,3 °C.

*Meðalhiti á Íslandi nær nánast aldrei upp í lægri mörk kjörhitastigs*

Það þykir t.d. mjög gott ef meðalhitinn í Reykjavík fer yfir 12 gráður í júlímánuði. Hann var t.d. ekki nema 10,6 °C í júlí 2018 og 11,7 °C í júlí 2021 samkvæmt tölum Veðurstofu Íslands. Meðalhitinn í júlí í sumar var meira að segja hærri í Bolungarvík, eða 11,8 °C og hæstur var hann á Akureyri, eða 14,3 °C. Það er því ljóst að meðalhitinn á Íslandi nær nánast aldrei upp í kjörhitastig bílarafhlaða þó hitastigið geti einstöku daga farið yfir 20 °C yfir hásumarið.

Hæsti hiti sem mælst hefur á Íslandi var árið 1939 þegar 30,5 gráður mældust á Teigarhorni í Berufirði. Það er því augljóst að rafhlöðurnar í rafbílunum geta ekki skilað hámarksafköstum á Íslandi nema hugsanlega á heitustu sumardögum og munar þar oft miklu.

Akstursdrægni rafbíla getur hæglega minnkað um helming í kulda. Samkvæmt prófunum American Automobile Association sem birtar eru á vefsíðu Renault Group, kemur fram að meðaldrægni fimm ólíkra bílgerða minnkaði um 41% við -6 °C.

*Ísland kemur verst út vegna lágs meðalhita*

Í greiningu bílatryggingafyrirtækisins AE (carinsurance.ae ) á drægi rafbíla í 74 borgum og bæjum í heiminum kemur Ísland verst út. Ástæðan er lágt meðalhitastig, eða 4,3 °C. Hann er t.d. talsvert lægri en í viðmiðunarborgunum Noregi.

Meðaldrægi Tesla Model 3 er 296 kílómetrar í Reykjavík og Kópavogi, sem eru þeir staðir sem skoðaðir voru. Það þýðir að orkunýtnin á heildarorkugetu rafhlöðunnar er ekki nema 52%, eða 48% minni en uppgefið er. Besta drægnin á Íslandi var 374 kílómetrar sem er 81 km styttri vegalengd en í Tel Aviv. Þetta er samt ekki nema 65% nýting á heildarorkugetu rafhlöðu bílsins. Uppgefin drægni Teslu Model 3 er 568 km samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Tesla. Voru íslensku staðirnir þeir einu í úttektinni sem voru með drægni undir 300 kílómetrum.

Næstverstu staðirnir eru Tartu í Eistlandi, Helsinki og Espoo í Finnlandi og Osló í Noregi með 307 kílómetra meðaldrægi. Þar er meðalhitinn 6-6,5 °C.

*Besti árangurinn skilaði 79% af uppgefinni ökudrægni framleiðanda*

Besta drægnin fæst í Sydney, Los Angeles og Aþenu, 351 kílómetra meðaldrægi og allt að 450 kílómetra. Orkunýtnin var þó ekki nema 79% af heildargetu rafhlöðunnar við bestu uppgefnar aðstæður. Þessi árangur skilar líka118 km minni drægni en uppgefin hámarksdrægni er á Tesla Model 3. Vert er að geta þess að í þessum borgum er meðalhitinn frá 17,6 °C til 18 °C.

Framleiðendur rafmagnsbíla hafa sumir tekið akstur í kulda með í reikninginn með því að hita rafhlöðurnar, en til þess þarf orku og þá minnkar akstursdrægnin enn frekar. Samkvæmt úttekt AE er því alveg ljóst að lágt hitastig kallar á mun meiri orkunotkun í rafmagnsbílum á hvern ekinn kílómetra en uppgefnar tölur framleiðenda gefa til kynna. Léleg nýting leiðir svo til sóunar á raforku. /HKr.




Fimm verstu borgirnar til aksturs rafmagnsbíla í úttekt carinsurance.ae.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

UTAN ÚR HEIMI

### Vetni lykilatriði í stefnumótandi framtíðarsýn orkumála Evrópusambandsins:

# Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Spánn setja 11,5 milljarða evra í vetnisvæðingu

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Nokkur ríki innan ESB samþykktu vetnisstefnu árið 2020. Það voru Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Spánn. Þau skuldbundu sig einnig einnig til að leggja 11,5 milljarða evra í vetnisvæðingaráform á árunum 2021 til 2026. Þar af mun Þýskaland leggja til 3 milljarða evra, Ítalía 3 milljarða, Frakkland 2 milljarða, Spánn 1,5 milljarða og gert er ráð fyrir að um 1 milljarður evra komi bæði frá Póllandi og Rúmeníu.**

Enn fremur var hleypt af stokkun á árinu 2020 mikilvægu verkefni ESB um sameiginlega hagsmuni Evrópu í vetni (Important Project of Common European Interest - IPCEI). Á þetta verkefni að flýta fyrir stofnun evrópskrar vetnisverðmyndunarkeðju.

Metnaðarstig er mismunandi milli landa, en er greinilega hátt í sumum tilfellum. Þannig stefnir Þýskaland að því að byggja upp 5 GW framleiðslugetu á vetni fyrir árið 2030 sem lið í að ná því markmiði að vera þá komið með 90-110 TWh vetnisnotkun á landsvísu. Þetta er um það bil 4% af heildarorkunotkun Þýskalands.

Til að ná þessum áformum hefur Þýskaland tryggt 9 milljarða evra fjármögnun í gegnum vetnisvæðingarstefnu ríkisins.

Áætlanir Frakklands eru enn metnaðarfyllri með markmið um rafgreiningargetu upp á 6,5 GW árið 2030 og með 7 milljarða evra framlagi af opinberu fé til ársins 2030 til að kynna vetnisnotkun í iðnaði og samgöngum.

Ítalía hefur einnig samþykkt innlenda vetnisstefnu sem miðar fyrst og fremst að 5 GW rafgreiningargetu árið 2030, eða 2% af heildarorkuþörf landsins. Það aukist síðan upp í 20% af endanlegri orkuþörf árið 2050.

Spánn stefnir á 4 GW af rafgreiningargetu, sem á að ná með 9 milljarða evra ríkisframlagi og einkafjárfestingu fyrir árið 2030.

*Bretland stefnir hátt í vetnisvæðingu*

Bretland er nú komið út úr ESB og afhjúpaði stefnu sína í ágúst 2021 um að þróa það sem stjórnvöld skilgreina sem „leiðandi vetnisbúskap í heiminum". Þar er vetni skilgreint sem lykilþáttur í orkuskiptum, sérstaklega í rafmagni, iðnaði og að hluta til í flutningageiranum.

Að framboðssíðunni er aðalmarkmiðið að þróa 5 GW kolefnisvetnisframleiðslugetu árið 2030 (svipað og Þýskaland og Ítalía). Það á að leiða til að um 20-35% af orkunotkun landsins verði með vetni árið 2050.

Á eftirspurnarhliðinni er markmiðið að láta vetni gegna mikilvægu hlutverki við að kolefnisjafna þá geira sem nú nota vetni sem framleitt er með jarðefnaeldsneyti, svo sem í efnaiðnaði og olíuhreinsunarstöðvum, sem og svo til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Einnig til að framleiða rafmagn í ákveðum flutningum.




Ráðgert er að vetni komið við sögu í flestum þáttum samgangna í framtíðinni. Evrópski flugvélaframleiðandinn Airbus kynnti á síðasta ári áætlanir sínar um Airbus Zero e flugvélar framtíðarinnar sem munu nota vetni sem orkugjafa.

*Um 10% breskra heimila verði kynt með vetni árið 2035*

Athygli vekur hversu miklar væntingar eru til Bretlands varðandi hlutverk vetnis í hitaveitum fyrir íbúðarhúsnæði. Það gerir ráð fyrir að um það bil 1 TWh (Terawattstundir) af heimilishitunarþörfinni komi frá vetni árið 2030. Það myndi gera 67.000 heimilum kleift að skipta úr jarðgasi í vetni á hverju ári. Stefnan miðar síðan á að skala verkefnið upp í 45 TWh fyrir árið 2035, til að ná til 10% af heimilishitunarþörfinni með vetni árið 2035.

*Vetni verði notað á stóra bíla og lestir*

Í samgöngumálum er mikilvægt að nefna að í stefnunni er ekki gert ráð fyrir að nota vetni á fólksbíla, heldur aðeins þá hluti sem erfiðara verður að rafvæða, svo sem siglingar, flug, vörubíla, rútur og lestir.

*Vetnið skapi 100.000 störf árið 2050*

Áætlunin gerir ráð fyrir að vetnisbúskapur í Bretlandi verði 900 milljóna punda virði og skapi yfir 9.000 störf fyrir árið 2030. Einnig að hugsanlega hækki hann í 100.000 störf og 13 milljarða punda árið 2050.

# Bandaríkin og Kína stefna hátt í innleiðingu vetnislausna í samgöngum og iðnaði

**Notkun á vetni í heiminum nam um 115 milljónum tonna á árinu 2020 og fór það að langmestu leyti til iðnaðarframleiðslu, m.a. á ammoníaki og áburði. Þar af framleiðir Kína um 20 milljónir tonna. Gert er ráð fyrir að eftirspurnin vaxi í meira en 200 milljónir tonna árið 2030 og í 530 milljónir tonna árið 2050 samkvæmt „Net Zero by 2050" skýrslu Alþjóðaorkustofnunarinnar IEA sem kom út í maí 2021. Aðrir spá jafnvel talsvert hraðari aukningu.**

Framleiðsla á því sem skilgreint er sem lágkolefnisvetni í heiminum nam 460.000 tonnum árið 2020 og var þá ekki nema um 0,4% af heildarframleiðslu vetnis. Áætlað er að hún verði komin í 55.000 tonn á árinu 2021 og 1.450.000 tonn á árinu 2023. Samkvæmt tölum IEA á lágkolefnavetni sem framleitt er með endurnýjanlegri orku eða öðrum orkugjöfum þar sem kolefni er endurheimt úr afgasinu við framleiðsluna að vera komið í 7.920.000 tonn árið 2030.

*Harður vöxtur*

Markaðurinn fyrir vetnisframleiðslu í heiminum hefur verið að vaxa ört á undanförnum árum. Samkvæmt tölum BusinessWire velti hann 142 milljörðum dollara á árinu 2019 og er áætlað að hann vaxi um 9,2% á ári og verði kominn í 201 milljarð dollara árið 2025.

Hátt raforkuverð eins og nú er t.d. í Evrópu getur haft verulega neikvæð áhrif á þessa þróun. Talið er að orkuverðið þurfi að vera undir 30 dollarar á megawattstund áður en „grænt" vetni sem unnið er með endurnýjanlegum orkugjöfum verður samkeppnisfært við „blátt" vetni sem framleitt er með jarðefnaeldsneyti og sumir kalla reyndar „grátt" vetni.

*Hægari þróun í Bandaríkjunum*

Bandaríkin hafa farið aðeins hægar í áætlanir um vetnisinnleiðingu en Kína og Evrópusambandið og munu byrja að þróa innlenda stefnu um hreint vetni eftir að lög um fjárfestingar, störf og innviðauppbyggingu hafa verið samþykkt. Hingað til hefur vetnisáætlun (Hydrogen Program Plan) og vetnisstefna (Hydrogen Strategy) orkumálaráðuneytisins (DoE) boðið upp á stefnumótandi ramma til að gera vetni að hagkvæmum kosti sem víða verður tiltæk og byggi á tækni sem hægt er að treysta á. Þá verði það að órjúfanlegan hluta í fjölda geira efnahagslífsins um allt land.

Til að uppfylla stefnumörkunarsýnina einblína Bandaríkin bæði á vetnisframleiðslu sem byggist á jarðefnaeldsneyti og úr endurnýjanlegri orku. Þess vegna ætla Bandaríkin að nýta kolefnisföngun og geymslu (Carbon capture and storage - CCS) til að draga úr losun en treysta enn á framleiðslu vetnis með jarðgasi.

*Nokkrar leiðir í vetnisframleiðslu*

Í lögum um fjárfestingar og störf í mannvirkjum er gert ráð fyrir að minnsta kosti fjórar svæðisbundnar vetnisstöðvar sem byggja á hreinni orku sem framleiði eldsneyti til upphitunar og flutninga. Að minnsta kosti tvö myndu vera á svæðum í Bandaríkjunum þar sem mikið er af gasi í jörðu. Ein vetnisstöðin myndi framleiða úr jarðefnaeldsneyti, önnur myndi nota endurnýjanlega orku og enn ein kjarnorku. Kol er einnig skráð sem hugsanleg uppspretta vetnisframleiðslu. Ekkert markmið er um að auka framleiðslu á vetni úr endurnýjanlegum orkulindum hefur verið sett í frumvarpið. Enn fremur notar löggjöfin mjög umdeilda skilgreiningu á hreinu vetni. Þar er miðað við að það kallist „hreint" vetni þó að við framleiðslu á hverju kíló falli til tvö kg af koltvísýringi ($CO_2$)

*Vetni fyrir iðnað og þyngri ökutæki*

Svipað og ESB sjá Bandaríkin fyrir sér áframhaldandi og aukna notkun vetnis í olíuhreinsun til skamms tíma. Að auki stefna Bandaríkin á að nota vetni sem flytjanlegan orkumiðil. Gert er ráð fyrir að nota vetni á vetnisefnarafala þungra ökutækja sem og í efnaiðnaði. Á sama tíma mun vetni koma í stað jarðefnaeldsneytis í iðnaðarferlum, til dæmis við framleiðslu á stáli og sementi. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir að vetni verði samþættur hluti af orkukerfinu, sem veiti möguleika á geymslu og miðlunar á orku til styttri og lengri tíma og til annarrar notkunar en á rafmagni.

Bandaríkin miða einkum að því að nýta fjárfestingar í rannsóknum og þróun til að sigrast á tæknilegum hindrunum. Veita styrki til rannsókna og þróunar og sýnikennsluverkefna. Þó að opinberar vetnisfjárfestingar af hálfu orkumálaráðuneytisins hafi verið takmarkaðar við um 150 milljónir dala á ári árið 2017, þá er gert ráð fyrir fjárfestingum í störfum og mannvirkjum upp á allt að 9 milljarða dollara frá 2022 til 2026. Því verða fjárfestingar í Bandaríkjunum svipaðar og í áætlun ESB. Af 9 milljörðum dala munu 8 milljarðar fara til þróunar svæðisbundinna vetnisstöðva þar sem orkan verður nýtt til upphitunar húsnæðis og í flutninga. Milljarði til viðbótar verður ráðstafað til rannsókna og þróunar og sýningarverkefna fyrir rafgreiningartæki.

Ef Bandaríkin geta haldið þessum markmiðum áætlar orkumálaráðuneytið að áformin muni leiða til fjór- til sexföldunar á eftirspurn eftir vetni fyrir árið 2050. Vetni gæti þá mögulega staðið fyrir allt að 14% af heildarorkuþörf Bandaríkjanna árið 2050.



Kínverjar stefna hátt í vetnisvæðingu og hafa þegar komið upp yfir 60 áfyllingarstöðvum fyrir vetnisknúin ökutæki.

UTAN ÚR HEIMI

# Kínverjar öflugastir í vetnisframleiðslu

## – Stefna enn hærra og taka risaskref í vetnisvæðingu á komandi árum

**Kína er nú stærsti vetnisframleiðandi heims með yfir 20 milljónir tonna, en það er að mestu framleitt með kolaorku. Til viðbótar við algenga notkun vetnis eins og sem hráefnis til olíuhreinsunar eða til ammoníaksframleiðslu, hefur landið einnig sett sér markmið fyrir vetnisnotkun í flutningageiranum.**

Kínverska vetnisbandalagið (China Hydrogen Alliance) gerir ráð fyrir að vetnisiðnaðurinn skili 1 trilljón yuan (um 152,6 milljörðum dollara) inn í hagkerfi Kína árið 2030. Þá muni eftirspurnin nema 35 milljónum tonna, eða að minnsta kosti 5% af orku Kínverja.

*Stórauka hlutdeild „græns“ vetnis*

Sem hluti af nýútkominni fjórtándu fimm ára áætluninni, hefur vetni verið skilgreint sem forgangsverkefni í vaxandi iðnaði í Kína með það að markmiði að auka hlut vetnis úr endurnýjanlegri orku í 50% af heildar vetnisframleiðslunni árið 2030. Þetta þýðir veruleg skuldbindingar, miðað við núverandi stöðu sem landsins sem treysti á kol til vetnisframleiðslu. Kolefnisföngun og geymsla (Carbon capture and storage - CCS) tækninni er einnig ætlað að gegna mikilvægu hlutverki í Kína líkt og í Bandaríkjunum.

Gert er ráð fyrir að framtíðarnotkun vetnis í Kína verði tilgreind í innlendri vetnisþróunarstefnu, sem á eftir að birta. Í Shandong er til dæmis unnið að því að þróa vetnisklasa í iðnaði, þar sem mismunandi notkunartækifæri vetnis eru samtvinnuð. Tilraunaverkefni til að framleiða stál með „grænu“ vetni hefur einnig verið hleypt af stokkunum. Þar að auki fela héraðsáætlanir í sér flýtingu á uppbyggingu dreifikerfis og vetnisstöðva fyrir samgöngur og innleiðingu bíla með vetnisefnaraföllum, en 61 áfyllingarstöð var komin í gagnið í árinu 2020. Að auki búast markaðsathugunarmenn við að núverandi niðurgreiðslur og fjárfestingaráætlanir í flutningageiranum nái til vetnisafgreiðslu og geymslu sem og til kolefnisföngunar og í þróun rafgreiningartækni.

*Framleiða grænt vetni í Innri-Mongólíu*

Orkustofnun Innri-Mongólíu hefur gefið leyfi fyrir klasa sólar- og vindorkuvera við borgirnar Ordos og Baotou sem mun nota 1,85 gígavött af sólarorku og 370 megavött af vindorku til að framleiða 66.900 tonn af „grænu“ vetni á ári, samkvæmt skýrslu samtaka um eflingu vetnisorkuiðnaðar, Hydrogen Energy Industry Promotion Association. Framkvæmdir munu hefjast nú í október og á framleiðslan að vera komin í gang um mitt ár 2023, samkvæmt frétt Bloomberg Green þann 18. ágúst síðastliðinn. /HKr.

# Japanir með metnaðarfulla stefnu í vetnisvæðingu

## – Hyggjast líka rafvæða heimilin með vetnisefnarafölum

**Japan samþykkti sína grunn vetnisstefnu árið 2017. Þessi stefna gerir ráð fyrir að nota vetni bæði á heimilum og í iðnað. Enn fremur er vetni samþætt í 10 af 14 forgangstæknivæðingu í grænni vaxtarstefnu Japans sem gefin var út árið 2020. Vetnisstefna Japans er hluti af því langtímamarkmiði landsins að verða óháð innfluttu jarðefnaeldsneyti.**

Japan stefnir að því að tuttugufalda vetnisnotkun sína til ársins 2030, eða úr um 300.000 tonnum í 6 milljónir tonna. Þessi hraða þensla endurspeglar hækkun á hlut vetnis í núverandi frumorkunotkun úr 0,2% í um 4,5%. Gert er ráð fyrir að aukin eftirspurn samsvari um 300.000 tonn af vetni úr endurnýjanlegri orku sem framleitt verði innanlands árið 2030 og 5-10 milljónum tonna árið 2050. Eftirspurnaraukningunni verður að hluta mætt með innflutningi á jarðgasi til vetnisframleiðslu og „grænu“ vetni. Þá er stefnt að því að innlend vetnisframleiðsla verði 100% úr endurnýjanlegri orku fyrir árið 2030.

Líkt og í Kína hefur Japan stuðlað að notkun vetnis í flutningageiranum síðan árið 2000. Árið 2030 stefnir Japan á að hafa 800.000 bíla með efnarafölum, en sá fjöldi samsvarar um 1% þeirra bíla sem nú eru skráðir.

*Vetnis-efnarafalar fyrir japönsk heimili*

Athyglisvert er að Japan sér einnig fyrir sér notkun vetnis til að framleiða raforku fyrir íbúðarhúsnæði. Þannig er gert ráð fyrir uppsetningu á 5,3 milljónum efnarafala fyrir árið 2030 sem munu framleiða staðbundna raforku m.a. til að kynda heimili og knýja iðnfyrirtæki.

Til að ná þessari víðtæku notkun vetnis í hagkerfinu hyggjast Japanir ná fjölþættum markmiðum um lækkun kostnaðar og orkunýtni, þar sem verulegar rannsóknar- og þróunaráætlanir eru tengdar þessum tímamótum. Með stuðningi við umtalsverðar opinberar fjárfestingar vinnur Japan að uppbyggingu vetnisinnviða í landinu, ásamt viðeigandi umbótum í regluverki, niðurgreiðslum auk þess að koma á fót alþjóðlegri vetnisframboðskeðju, sem nú er gert ráð fyrir í tveimur sýnikennsluverkefnum í Ástralíu og Brunei. /HKr.


Frávik ehf er nýtt fyrirtæki sem að bíður upp á ráðgjöf og kennslu í flestu er við kemur matvælaframleiðslu.
Við bjóðum upp á:
Aðstoð við næringargildisútreikninginga og innihaldslýsingar.
Aðstoða við gerð verkferla og gæðaeftirlit fyrir matvælaframleiðendur.
Námskeið í úrbeiningu, pylsu- og kæfugerð fyrir skóla eða fyrirtæki.

Jónas Þórólfsson, kjötiðnaðarmaður
Rúnar Ingi Guðjónsson, kjötiðnaðarmeistari
848-4695
fravikehf@gmail.com
Við erum á Facebook og Instagram

Frávik

Lely Center Ísland

STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


SMÍÐUM OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður
Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701
www.vhe.is • sala@vhe.is

Lífræn hreinsistöð


• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar
wpl Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is


## Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 - 2032

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps boðar til fundar vegna endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 20. október í Félagsheimilinu Borg. Húsið opnar klukkan 19:30 og áætlað er að fundinum ljúki klukkan 21:30.

Fundardagskrá er eftirfarandi:
- Kynning frá Gísla Gíslasyni skipulagsráðgjafa hjá EFLU um aðalskipulagið
- Umræður um tillögu að nýju aðalskipulagi

Að lokum gefst íbúum, fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að ræða við skipulagsráðgjafa og vinnuhópinn, sem samanstendur af sveitarstjórn og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, um einstök atriði í endurskoðun aðalskipulagsins.

Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja kynna sér og ræða helstu viðfangsefni og áherslur sveitarfélagsins í endurskoðuðu aðalskipulagi.

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps
Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti



Standandi frá vinstri eru Guðmundur Erlingsson, Ingberg Magnússon, Hrefna Jónsdóttir, Gunnlaugur Ragnarsson, Irma Lín Geirsdóttir og Elías Óskarsson. Sitjandi frá vinstri eru þau María Araceli, Hafþór Björnsson, Hrönn Jónsdóttir og Steindór Gestsson en liggjandi er Örn Árnason leikstjóri.

## Nei, ráðherra!:

# Leikfélag Hveragerðis

Leikfélag Hveragerðis, sem stofnað var á vetrarmánuðum árið 1947, hóf vegferð sína í febrúarbyrjun árið eftir, með gamanleiknum „Karlinn í kassanum". Árið áður höfðu þeir þó „troðið upp" að sögn blaðamanns í Vísi árið 1948, sem gefur gamanleiknum ágætis dóma.

*„Gestir virtust halda heim ánægðir og var allur útbúnaður leiksviðs og gervi leikenda næsta gott!"*

Leikfélagið, sem telur nú 74 ár, hefur í gegnum tíðina staðið undir því hrósi og gott betur, en félagið hefur sett upp eina eða fleiri leiksýningar á hverju ári síðan. Um 90 sýningar í fullri lengd, auk þess sem haldin hafa verið mörg skálda- eða bókmenntakvöld, revíur og skemmtanir. M.a. var í tilefni sextíu ára afmælis félagsins haldin vegleg afmælissýning, rokkóperan Jesus Christ Superstar, sem sýndi greinilega styrk félagsins enda í hópi öflugustu leikfélaga landsins.



Hafþór Björnsson, sem leikur aðstoðarmann ráðherrans.

Nú er stefnan sett á gamanfarsann „Nei, ráðherra!" Farsinn, sem átti að gleðja landsmenn í maí síðastliðinn, var settur á ís vegna Covid en nú er kominn tími til að hlæja almennilega eina kvöldstund. Leikarar eru tíu talsins, skemmtileg blanda, af þaulreyndum leikurum, sumum með yfir 40 leikverk í sarpinum, á meðan aðrir eru að stíga á svið í fyrsta sinn. Alls taka 23 manns þátt í uppsetningunni.

Áætlaðar sýningar eru þann: 7., 10., 13., 22. og 23. október. /SP



Steindór Gestsson í hlutverki þjóns og Gunnlaugur Ragnarsson, sem leikur eiginmann ráðherrans.

## Leikfélag Keflavíkur – Fyrsti kossinn:

# Sextíu ára afmæli & hundraðasta leiksýningin

**Eitt öflugasta áhugaleikfélag Íslands fagnar nú 60 ára afmæli um þessar mundir og telur af því tilefni í hundruðustu sýningu sína til þessa.**

Leikverkið „Fyrsti kossinn", sem nú er á leið á fjalirnar, er frumsaminn söngleikur sem hefur meðal annars að geyma ýmsar perlur eftir þá Rúnar Júlíusson, Gunnar Þórðarson og Bubba Morthens.

Síðan árið 1997 hefur leikfélagið verið starfandi í húsnæði Reykjanesbæjar að Vesturbraut 17, en þá gaf Karlakór Keflavíkur bænum neðri hæð hússins gegn því loforði að þar skyldi ævinlega fara fram menningarleg starfsemi. Með öruggt þak yfir höfuðið – sem nefnt var Frumleikhúsið – óx Leikfélag Keflavíkur sem aldrei fyrr. Það er nú eitt öflugasta starfandi áhugaleikfélag landsins og stendur félagið að baki rekstri og gróskumiklu starfi innan Frumleikhússins en þar má finna eitthvað fyrir áhugafólk leiklistar á öllum aldri. Talið er að aðstaðan sé ein sú besta á landinu og eru meðlimir nú um 50 talsins auk margra sem eru óskráðir.

Eins og kemur fram á Leiklistarvefnum, vef Bandalags íslenskra leikfélaga, verður söngleikurinn „Fyrsti kossinn" frumsýndur í Frumleikhúsinu þann 22. október nk. í tilefni sextíu ara afmælis Leikfélags Keflavíkur. Höfundar verksins eru þau Brynja Ýr Júlíusdóttir og Guðlaugur Ómar Guðmundsson, sem bæði hafa leikið og setið í stjórn Leikfélags Keflavíkur í mörg ár. Verkið er, að sögn, samið og sett upp til að heiðra minningu Rúnars heitins Júlíussonar, en eins og flestir vita var Rúnar frábær tónlistarmaður og meðlimur í vinsælustu hljómsveitum landsins á sínum tíma, samdi og gaf út óteljandi lög og rak útgáfufyrirtækið Geimstein sem enn er starfandi.

Verkið hefur að geyma lög og texta eftir Rúnar Júlíusson, Gunnar Þórðarson, Bubba Morthens og fleiri snillinga og fjallar í stuttu máli um líf og ástir hljómsveitarmeðlima í hljómsveitinni Gripum sem reyna að meika það. Lögin eru þekktar perlur sem allir kunna og textinn sem tengir lögin snilldin ein hjá þessu unga fólki. Tónlistarstjórn er í höndum þeirra Smára Guðmundssonar og Björgvins Ívars Baldurssonar sem sjá um allar upptökur, en það verður einnig lifandi tónlist í sýningunni. Leikaravalið var leikstjóranum Karli Ágústi Úlfssyni og danshöfundinum, dóttur Karls, Brynhildi Karlsdóttur, afar erfitt en margir frábærir, hæfileikaríkir einstaklingar mættu í prufur sem fram fóru í ágúst. Í þessari sýningu eru alls 19 á sviði og síðan fullt af góðu fólki á bak við tjöldin.

Lifandi tónlist, söngur og dans einkenna sýninguna, sem eins og áður sagði verður frumsýnd 22. október. Stefnt er að því áframhaldandi sýningar verði að mestu leyti á fimmtu-, föstu- og sunnudögum að minnsta kosti út nóvember – með fyrirvara um breytingar – og miðasala hefst á tix.is í kringum miðjan október. /SP



Arnór Sindri, einn hljómsveitarmeðlima Gripa, og dansarar úr sýningunni.



Ingvar á trommunum.



Karl Ágúst leikstjóri ræðir við aðalleikarana, Töru Sól og Sigurð Smára.

# Leikfélag Kópavogs – Rúi og Stúi

**Leikfélag Kópavogs, sem hefur aðsetur að Funalind 2, hefur nú sextugasta og fjórða leikár sitt, en leikfélagið var formlega stofnað í ársbyrjun árið 1957.**

Fyrsta verkefni sem félagið tók sér fyrir hendur var hinn sprenghlægilegi gamanleikur Spanskflugan eftir Arnold og Bach sem var sýndur við mikinn fögnuð áhorfenda. Sú sýning, í leikstjórn Ingibjargar Steinsdóttur leikstjóra, var haldin í Barnaskóla Kópavogs, þar sem á þeim tíma var ekki til húsnæði í bænum undir leiksýningar.

Tveimur árum síðar fluttist þó starfsemi félagsins í Félagsheimili Kópavogs þar sem það hafði aðsetur til ársins 2007, en þá hófst flutningur í núverandi húsnæði. Fyrsta sýning í nýju húsnæði var svo nýstárleg uppsetning á Skugga-Sveini í leikstjórn Ágústu Skúladóttur.



Þau Guðlaug Björk Eiríksdóttir (Rúi) og Ingvar Örn Arngeirsson (Stúi) kitla hláturtaugar leikhúsgesta svo sannarlega.

Nú fyrr á árinu settu félagsmenn leikfélagsins á laggirnar barnaleikritið Rúa og Stúa en hætta þurfti sýningum í miðju kafi vegna Covid-19. Hefur nú þráðurinn verið tekinn upp að nýju og víst er að landsmenn muni hafa mikla skemmtan af.

Leikritið fjallar um grallarana og uppfinningamennina Rúa og Stúa – en þeir hafa fundið upp vél sem „getur allt". Býr til og gerir við hluti auk þess að geta gert nákvæma afsteypu af bæjarstjóranum. En vélin bilar, bæjarstjórinn hverfur og allt kemst í uppnám. Bæjarstjórinn hverfur og dularfull kráka og enn dularfyllri stórþjófur koma öllu í uppnám. Þarna er um að ræða líflega og skemmtilega sýningu fyrir alla aldurshópa, en þessi hluti leikhópsins samanstendur af átta manns, þrælvönum og sprellfjörugum. Sýningar verða allar helgar í október. Upplýsingar um sýningartíma og annað er viðkemur sýningunni má fá á vef LK, www.kopleik.is. /SP



Grallararnir Rúi og Stúi eru engum líkir!

LÍF & STARF



Rakel Jakobína Jónsdóttir, sem hlaut styrk upp á tæpar 29 milljónir króna til þriggja ára. Mynd / Skógræktin

Skógrækt:

# Rakel Jakobína fékk 29 milljóna króna styrk

**Rakel Jakobína Jónsdóttir, doktorsnemi og sérfræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar, hlaut annan hæsta styrkinn við fyrstu úthlutun úr doktorsnemasjóði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem úthlutað var úr á dögunum.**

Hlaut Jakobína tæpar 29 milljónir króna til þriggja ára. Peningarnir verða nýttir til rannsókna sem tengjast framleiðslu skógarplantna og nýskógrækt og aðlögun að nýjum aðferðum.

Á heimasíðu Skógræktarinnar kemur m.a. fram að auka þarf framleiðslu skógarplantna í landinu og því er vélvæðing í framleiðsluferlum ákjósanlegur kostur.

Rakel vinnur m.a. að verkefni með tveimur norskum skógarplöntuframleiðendum, sem hafa tekið vinnuþjarka eða róbóta í sína þjónustu til þess að auka framleiðslu og hagræða í rekstri. */MHH*





Bændablaðið
Næsta blað kemur út 21. október




Innlausnarmarkaður 2021 með greiðslumark **í sauðfé**

Markaður fyrir greiðslumark í sauðfé verður haldinn í byrjun nóvember nk.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is. Opnað hefur verið fyrir tilboð.

**Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 1. nóvember 2021.**

**Nánari upplýsingar um markaðinn s.s. um forgang við úthlutun má finna á www.afurd.is og www.anr.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið



## Fanney Hrund Hilmarsdóttir og Steinþór Runólfsson:

# Lögfræðingur og læknir sem stunda sjálfsþurftarbúskap á Fjarkastokki við Þykkvabæ

### – segja bagalegt að þurfa að hafa hundinn í bandi í höfuðborginni og agalegt að handleika hundaskít í poka

**Bærinn Fjarkastokkur stendur á bökkum Hólsár, skammt fyrir ofan Þykkvabæ í Rangárþingi ytra við hina frægu reiðleið Ástarbraut. Fanney Hrund Hilmarsdóttir lögfræðingur og Steinþór Runólfsson læknir keyptu Fjarkastokk haustið 2019. Þeim þótti nafnið fremur óþjált til að byrja með og þekktu ekki til annarra örnefna á landinu sem vísuðu til „fjarka“.**

Ekki bætti úr skák þegar vinir og vandamenn tóku til við að svívirða nafnið, hver með sínum hætti. Vestfirsk vinkona kom í heimsókn í „Fjörkustokk“, önnur í „Fjaðrastrokk“ og enn einn yfirgaf „Þrælastokk“ þreyttur eftir langan dag í girðingarvinnu.

Eftir fremur árangurslítið grúsk seldi Bjarni Harðarson hjónunum bókina „Þúsund ára sveitaþorp“, og þar með hurfu allar hugmyndir um nafnabreytingu. Bærinn heitir eftir einum af þeim fjóru stóru álum sem Þykkbæingar stífluðu í kringum 1900.

„Í fyrrgreindri bók er þetta ótrúlega þrekvirki rakið. Fjarkastokkur var 200 metra breiður og þar var sund bakka á milli. Þetta var auðvitað allt unnið með handafli og þar stóðu menn úti í straumnum upp í háls til að gefa þeim sem hlóðu svigrúm. Svo sneri mannskapurinn heim í raka torfkofana.



Fanney Hrund á Fjarkastokki innan um hestana þeirra Steinþórs og svo er gimbrin Harpa líka á myndinni.
Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Ætli vanhelgt hrossakjötsátið hafi ekki bjargað þessum hreystimennum. Nú þykir mér bara ósköp vænt um þetta nafn,“ segir Fanney Hrund. En hvar hafa þau Fanney og Steinþór alið manninn og hvaðan eru þau?

### Hamarshjáleiga og höfuðborgarsvæðið

„Ég er fædd og uppalin hinum megin við Þjórsána; í Hamarshjáleigu í gamla Gaulverjabæjarhreppi, sem nú heitir Flóahreppur. Steinþór er fæddur og uppalinn á höfuðborgarsvæðinu en á bæði nafn og rætur að rekja í Rangárvallasýsluna. Hann er ættaður frá Ægissíðu, Berustöðum og Stóru-Völlum á Landi og margir þekktu afa hans og alnafna, sem hér var ráðunautur og sæðingamaður. Ég held það sé nú samt ekki síður mér að kenna að við enduðum hér.

Mér hefur alltaf þótt vænt um Rangárvallasýsluna, Hekluna, farið á hverju ári í Reiðarvatnsréttir og hvergi notið mín betur en gangandi eða ríðandi inni á Rangárvallaafrétti. Það er varla til sá staður í heiminum þar sem betra er að vera haldinn hestasjúkdómnum en á þessu gróna, sendna landi. En hver veit, kannski er þetta eitthvað í tjáningu erfðaefnisins.

Mamma mín, Stefanía Geirsdóttir, var mörg sumur í sveit í Eystra-Fróðholti í Landeyjum og þegar hún steig út úr bílnum í Fjarkastokki í fyrsta sinn þá horfði hún til Heklu og andvarpaði með orðunum: „Já, hér snýr hún rétt“,“ segir Fanney hlæjandi.

### Vildi alltaf búa í sveit

*– Fanney er næst spurð hvað hafi orðið til þess að þau hafi ákveðið að flytja í sveitina og gerast bændur, bæði svona vel menntuð?*

„Það er nú saga að segja frá því en þegar ég var 10 ára gömul kom aldrei neitt annað til greina en að búa í sveit. Reyndar ætlaði ég að byggja kofa í garðinum við íbúðarhúsið í Hamarshjáleigu og búa þar til æviloka. Ætli foreldrar mínir hafi ekki verið þeim degi fegnastir sem ég staulaðist að heiman til að læra lögfræði í Reykjavík. Þar kynntumst við Steinþór, bæði á fjórða ári í háskóla, ég í lögfræði og hann í læknisfræði.

Við áttum sameiginlega vinkonu sem kom til mín og sagðist vera með hinn eina rétta mann fyrir mig. Ég gaf nú lítið fyrir það. Þegar annar vinur minn kom skömmu síðar og sagðist vera með hinn eina rétta mann fyrir mig þá var mér nú allri lokið. Þar til í ljós kom að þetta reyndist sami maðurinn. Þá lét ég til leiðast og fyrr en varði skrölti ryðrauður, lungnaveikur, sjálfráða Toyota Hilux upp að heimili ömmu minnar og afa í Breiðholtinu. Ég staldraði við á tröppunum og virti fyrir mér gamla sæðingabílinn frá Steinþóri eldri og Steinþór yngri í bílstjórasætinu og hlýnaði að innan.

Svona eftir á að hyggja var blessaður drengurinn kannski búinn að skrölta á gamla sæðingabílnum hring eftir hring um Reykjavík þar til hann rambaði á þessa einu sveitastelpu sem var til í að hoppa upp í gamla Lúxann! Ef svo er, þá er það mín lífsins lukka að stelpurnar í Reykjavík skyldu vera svo hégómagjarnar,“ segir Fanney og glottir út í annað, ánægð með Steinþór sinn.

### Héraðsdómslögmaður og bráðalækningar

Eftir að náminu lauk hjá hjónakornunum störfuðu þau í Reykjavík í fimm ár. Fanney starfaði sem héraðsdómslögmaður hjá Ragnari Aðalsteinssyni, Sigríði Rut Júlíusdóttur og félögum á Rétti lögmannsstofu á meðan Steinþór sinnti störfum á hinum ýmsu deildum Landspítalans, þó lengst af á bráðamóttökunni.

Að þessum fimm árum liðnum langaði þau ekki í framtíðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, þeim þótti frelsið of lítið í hesthúsahverfinu, bagalegt að þurfa að hafa hundinn í bandi og agalegt að handleika hundaskít í poka.

Draumurinn um að flytja í sveit lúrði alltaf undir yfirborðinu en þau vissu ekki alveg hvernig þau gætu sniðið þann draum að vinnunni. Þá var bara eitt að gera; snúa þessu við. Svo þau ákváðu að stefna í sveit og sníða restina að þeirri grundvallar forsendu. Það var þá sem Steinþór ákvað að velja sérnám í heimilislækningum en blanda það bráðalækningum svo hann yrði hvað best til þess fallinn að sinna vinnu úti í héraði. Það dró þau svo af stað í reisu.

Hann langaði í nám í utanspítalalækningum og það nám stóð til boða í Ástralíu. Svo þau lögðust í ársflakk um Afríku, Asíu og Eyjaálfu og komu sér svo fyrir til ársdvalar á austurströnd Ástralíu.



Læknirinn Steinþór Runólfsson og lögfræðingurinn Fanney Hrund Hilmarsdóttir á góðri stund í Afríkuferð sinni með innfæddum íbúa.

### Sjálfsþurftarbúskapur

*- Má segja að á Fjarkastokki sé stundaður nokkurs konar sjálfsþurftarbúskapur?*

„Já, það er rétt. Við erum með tíu kindur, fimmtán hænur og ofurhanann Bergþór, tíu hesta, tvo ketti, tvær tíkur og svo einn „fjárhund“, en það er heimalningur sem telur sig hund.

Við lifum að miklu leyti á lambakjöti, eggjum og svo þeim hrossum sem reynast betri undir tönn en hnakki. Það er eiginlega verst hvað ræktuninni fleygir fram svo nú er bara hrossakjöt til hátíðabrigða. Þá erum við með nokkuð metnaðarfullan og ansi vanræktan matjurtagarð og gróðurhús. Það er góð tilfinning að vita hvað maður borðar hverju sinni,“ segir Fanney.

### Þekkir ekki hænurnar í sundur

Dýr eru í miklu uppáhaldi hjá þeim hjónum, ekki síst hjá Fanneyju enda fædd og uppalin í sveit.

„Já, öll dýr eru í uppáhaldi hjá mér en einna helst hestarnir hjá Steinþóri. Mér er til dæmis fyrirmunað að skilja hvernig hann þekkir ekki hænurnar í sundur. Það er náttúrlega eins og mæta í vinnuna og þekkja ekki vinnufélagana hver frá öðrum,“ segir Fanney skellihlæjandi.

„Þessi dýraáhugi minn hefur þó nokkrum sinnum komið okkur í koll, sér í lagi þegar við vorum á flakki, svo sem þegar við lentum í bavíanaárás í Suður-Afríku og þurftum að leggja á flótta með þá hálfa inn um bílrúðurnar. Eða, þegar kengúrukarlinn réðst á Steinþór í Ástralíu því ég hafði víst lofað honum einhverju sem ég gat ekki staðið við. Árni Geir, bróðir minn, er alveg eins, svo það var ekki létt verk fyrir Steinþór að fara með okkur tvö í þriggja mánaða ferðalag um Afríku. Hann reyndi hvað hann gat og hrópaði reglulega að okkur einhverjum bakteríu- og sníkjudýraheitum.“

### Hrossin númer eitt

Ræktunaráhugi á Fjarkastokki hefur fyrst og fremst snúið að hrossunum.

„Við erum svona að stíga okkar fyrstu skref í markvissri ræktun en höfum verið svo lánsöm að fá að halda hátt dæmdri hryssu sem foreldrar mínir eiga. Ein hennar dætra fór í dóm í sumar en hana eigum við í félagi við foreldra mína. Það fór ekki vel. Reyndar gekk sýningin ljómandi en þetta var einmitt sömu vikuna og veiran kom til dóms á Gaddstaðaflötum. Það hafði verið svo lítið um smit og allir eins og kýr að vori.

Við hökkuðum þarna í okkur úr hlaðborði inni í Rangárhöll, biðum í fimm tíma á milli kynbótadóms og reiðdóms vegna seinkunar og ég meira að segja ruglaðist á kaffibolla við einn af knöpunum sem reyndist smitaður. Það vantaði eiginlega bara að ég sleikti hurðarhúnana.

Þegar grunur kviknaði um hópsmit á sýningunni þá fórum við hjónin fljótlega að kenna okkur hinna ýmsu meina og ekki skánaði líðanin við sífelldar fréttir af nýjum smitum. Við vorum svona komin hálfa leið í kör þegar við fengum neikvæða pláguniðurstöðu. Þá var ekkert annað að gera en hætta ímyndunarveikinni og drífa sig út að reyta arfapláguna sem hafði þá drepið allar gulræturnar í garðinum,“ útskýrir Fanney.

### Harpa hefur slegið í gegn

*– Fanney og Steinþór eru líka með athyglisvert lamb, sem hefur komist í fréttirnar, hana Hörpu, sem heldur að hún sé hundur, en hver er sagan á bak við það?*

„Já, Harpa hefur eiginlega stýrt hér öllu í sumar, með harðri klauf. Ætli þetta sé ekki ein birtingarmynd dýraáhuga míns.

Ég hef náttúrlega ofdekrað hana og varið fyrir allri gagnrýni. Ullarfita er kannski bara eins og bón, segi ég þegar hún klórar sér á bílunum, … þetta vex aftur næsta vor, þegar hún hakkar í sig síðustu laufin í garðinum og hvað þó hún kíki aðeins inn, þegar hún ryðst inn í bæ og þyrlar spörðum um allt gólf.

Það stóð til að gera hana að kind í byrjun ágúst. Hundarnir voru færðir úr augsýn og hún lokuð inni í fjárheldri girðingu með hinu fénu. Hún




Svona lítur bókarkápa nýju bókarinnar hjá Fanneyju Hrund út en hún segir að bókin sé einmitt tileinkuð æskustöðvum sínum.




Hér má sjá bæinn Fjarkastokk þar sem þau Steinþór og Fanney Hrund búa með sínar skepnur og sjálfþurftarbúskap.



Fanney og flottur fíll í Afríkuferð þeirra hjóna.
Mynd / Einkasafn



Steinþór og kengúrukarlinn, sekúndu áður en leikar hófust um hylli Fanneyjar.
Mynd / Einkasafn

hefur hingað til séð við öllum okkar tilraunum. Hefur tekið sér stöðu sem eins konar „varðkind“ og sefur nú fyrir utan gluggann hjá okkur.

Annars hef ég nýtt sumarið í atferlisrannsóknir. Helstu niðurstöður eru þær að sauðfé sé almennt mjög greint en taugaveiklun hái því. Taugaboðin virðast berast með svipuðum hætti og í Brynjari Níelssyni, segir Fanney hlæjandi og heldur áfram að skýra út nafnið á Hörpu.

„Já, Harpa, eða Rökkurharpa eins og hún heitir fullu nafni, er nefnd eftir vinum okkar í Hólum, systkinunum Rökkva Hljómi og Hörpu Rún. Rökkurharpa er nefnilega undan hrúti frá Rökkva, sem er af hinu fræga Sokkukyni.

Með okkur Hörpu tókst vinskapur eftir að ég fékk ljóðabókina hennar, Eddu, í jólagjöf. Ég sá það fljótt að ég þyrfti að kynnast henni ef ég gæti. Þetta leiddi ýmislegt af sér, svo sem yfirlestur hennar á mínu handriti og öfugt. Við stefnum nefnilega báðar á sund í jólabókaflóðinu núna, ég með bókina mína „Fríríkið“ og hún með sína, „Kynslóð“. Báðar sögur eru skrifaðar af konum í sveit um fólk í sveit sem ég held að sé ágætis viðbót við sagna- og rithöfundaflóruna. Svo skellum við bara á okkur kútunum og vonum að við drukknum ekki.“

### *Fríríkið er ný bók*

*– Þú ert að fara að gefa út þína fyrstu bók, „Fríríkið“, en hvað kemur til og hvers konar bók verður þetta?*

„Við Ragnar Aðalsteinsson sátum oft saman og ræddum sameiginleg áhugamál. Þar voru þjóðlendumálin gjarnan efst á baugi en stundum réttarheimspeki. Ég hafði nefnilega verið upptekin af einni ákveðinni kenningu; kenningu réttarheimspekingsins John Rawls um „fávísisfeldinn“, en hann er þeim töfrum gæddur að undir honum missir einstaklingurinn sjálfsvitundina. Hann hefur þar með enga vitneskju um kyn sitt, kynferði, aldur, stétt, stöðu eða nokkuð annað sem snýr að honum persónulega. Hann hefur aðeins þekkingu á virkni, þörfum og grunnuppbyggingu samfélagsins og sú þekking gerir honum kleift að leysa verkefnið; að semja grunnlög samfélagsins.

Þeim sem liggja undir fávísisfeldinum er ekki aðeins ómögulegt að taka sjálfsmiðaða ákvörðun heldur eru þeir jafnframt neyddir til að ígrunda stöðu allra hugsanlegra samfélagsþegna. Því enginn veit hver þessara samfélagsþegna þeir eru raunverulega sjálfir, þegar komið er undan feldinum,“ segir Fanney.

### *Sveitasamfélagið*

Í þessu samhengi segir Fanney að fávísisfeldurinn hafi einn galla. Þessi töfrafeldur sé óraunhæft fyrirbæri og verður því aldrei lagður yfir raunverulegt samfélag manna. Af þeirri staðreynd varð hún upptekin og trúði einlæglega að í hugmyndinni um fávísisfeldinn fælist grunnur réttláts samfélags, aukinnar siðferðisvitundar og samkenndar. Var einhver leið að færa fávísisfeldinn nær samfélagi manna? Eða, það sem enn betra yrði, hinum ómótuðu og upprennandi samfélagsþegnum?

„Þetta fræ varð að sögu. Sögu sem ég taldi að gæti átt greiðari leið að sálum framtíðarinnar en kenningar réttarheimspekinnar. Og svo varð til heill heimur, sem óx jafnt og þétt þar til ég lagði inn héraðsdómslögmannsréttindin mín, fór í reisu og lét svo á það reyna hvort ég gæti skrifað. Fríríkið er forleikur að sögunni um Dreim, heiminn sem spannar fjórar bækur sem hverfast um í eftirfarandi röð: Samfélagið – Náungann – Náttúruna – Sjálfið.

Í Fríríkinu birtist sveitasamfélagið sem umlék æsku mína, frelsið, fjörið og samstaðan, ásamt skrautlegustu sérvitringum eldhúskróksins heima í hinni uppátækjasömu Öllömmu. Í Fríríkinu hennar Öllömmu er allt óvenjulegt venjulegt og leiðinlegt skemmtilegt en þar verður einu aldrei hnikað; baráttuviljanum til að vernda hin raunverulegu verðmæti, samfélagið í Fósturdal. Enda deginum ljósara að það sem er ókeypis er hvergi hægt að kaupa,“ segir rithöfundurinn þegar hún lýsir stuttlega bók sinni og út á hvað hún mun ganga.

### *Lífsstílsstarf að vera rithöfundur*

*– Fanney er næst spurð að því hvort hún gangi með rithöfundinn í maganum?*

„Það er nú það, ég taldi mig nú bara loksins hafa fætt þennan rithöfund og þótti alveg nóg um að ganga með hann í maganum í rúman áratug. Þetta var orðin lengsta meðganga sögunnar og hann sjálfsagt orðinn þreyttur og illa morkinn, en hann kom fyrir rest. Mér leiðist að gera hlutina hálfpartinn. Ég var lögmaður og nú mun ég reyna að gera mitt besta til að vera rithöfundur. Þetta er kannski fremur fáránleg fjárhagsleg ákvörðun. En þá er nú gott að hafa svona lífsstílsbúskap til að styðja við þetta lífsstílsstarf að vera rithöfundur,“ segir hún og hlær.

### *Fylgir bókinni eftir*

*– Fanney segist með sínum veika samfélagsmiðlamætti reyna að fylgja bókinni eftir.*

„Annars er ég nú svo heppin að hinir frábæru útgefendur hjá Bókabeitunni vildu gefa hana út. Svo Bókabeitan sér um að koma henni í bókabúðir sem og öðrum vönduðum bókum af þeim bænum. Hver veit svo hvað gerist. Kannski ég aki um sveitir landsins og hrelli bændur með einhverri söluræðu á miðjum matmálstíma. Eitthvað verð ég að gera til að reyna að vera annað en vinnukona hjá honum Steinþóri mínum.

Annars hefur þetta nú aldrei snúist um peningaskammirnar heldur fremur um að fá að deila því með öðrum sem maður telur að geti bætt og glatt. Eftir að hafa komist á bragðið þá sé ég hversu stórkostlega glaða það gerir mig að skrifa. Og á móti, afspyrnu geðvonda og leiðinlega að gera það ekki.“

### *Megum ekki hverfa inn í rafheima*

*– Að lokum er Fanney spurð hvernig hún sjái næstu árin hjá þeim Steinþóri á Fjarkastokki og hvernig þau ætli að þróa sig áfram í sveitinni?*

„Ætli við þróumst ekki bara áfram eins og aðrir mannapar, á hvaða leið veit enginn. Kannski það vaxi á okkur aukaskanki til að halda símanum fyrir framan andlitin okkar. Ef svo fer þá vona ég að við berum gæfu til að skipta honum út fyrir góða bók.

Annars tel ég mikilvægast að við hverfum ekki alveg inn í rafheima og glötum þannig næmninni í samskiptum. Það skiptir ekki öllu hvort þessi samskipti eru við menn eða önnur dýr. Raunar held ég að samskiptin við dýrin séu oft hreinni og beinni og minni okkur enn betur á hvaðan við komum, hvar rætur okkar liggja.

Að temja hest er dans sem krefst leikni og sú sama leikni og sami dans á við í samskiptum við mannapa. Það er mikilvægt að tapa ekki taktinum, þurfa ekki stöðugt að telja, þá förum við að stíga á tærnar hvert á öðru,“ segir Fanney sem er sátt og sæl í sveitinni með Steinþóri sínum og dýrunum þeirra. /MHH

trésmíðavélar, bílalyftur, loftpressur, bílavörur, verkfæri, dælur, súluborvélar, lyftibúnaður, rennibekkir, bandsagir

allt fyrir haustið....



Verkfæratöskur



Vetrarhanskar



Dælur og tilbúin dælusett

IÐNVÉLAR

SMIÐJUVEGI 44-46
sími 414-2700
sala@idnvelar.is
www.idnvelar.is

rakatæki, sogbúnaður, legupressur, slönguhjól, 3d prentarar, sagarblöð, járnsmíðavélar, suðuborð, handverkfæri




Starfsemi Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal hefur skapað 34 störf í plássinu og verður starfsmönnum fjölgað um fimm vegna stækkunar verksmiðjunnar. Mynd / Hörður Kristjánsson

## Mikill kraftur í uppbyggingu Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal:

# Afkastageta aukin um 40% og fullvinnsla eykst bæði á fóðurbætiefni og til manneldis

– Hafist verður handa við uppbyggingu annarrar verksmiðju í Súðavík í haust, en orkumál eru þar enn óleyst



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Framkvæmdir hafa staðið yfir við stækkun verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. á Bíldudal á annað ár. Þar með hefur afkastageta verksmiðjunnar verið aukin um 40%. Verksmiðjan var með heimild upp á 85.000 tonna framleiðslu á ári, en sótt var um aukna heimild til stækkunar árið 2019 upp í 120.000 tonna framleiðslu.**

Halldór Halldórsson forstjóri segir að með stækkuninni sé verið að bæta við afkastameiri þurrkara.

„Gamli þurrkarinn keyrir í gegnum vothreinsikerfi en nýi þurrkarinn keyrir í gegnum síukerfi. Þetta eru kerfin sem sjá til þess að ekki fari fínt ryk út í andrúmsloftið en starfsleyfi heimilar ekki meira en 20 mg/m$^3$ í útblæstri. Við höfum staðist það undanfarin ár.

Með nýja þurrkaranum keyptum við hitaendurnýjunarkerfi og þannig náum við að endurnýta 300 kw með því að keyra útblásturinn frá þurrkaranum í gegnum þetta kerfi. Það virkar í raun eins og öfugur vatnskassi í bíl og nýtir heita loftið inn í þurrkarann aftur,“ segir Halldór.



Halldór Halldórsson, forstjóri Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. Mynd / ÍK



Kalkþörungar sem dælt hefur verið upp af botni Arnarfjarðar. Mynd / HH

Þá er líka verið að auka fullvinnslu hráefnisins á Bíldudal og taka í notkun kornunarverksmiðju, eða það sem kallað er „G-Plant“ (granulation plant).

„Við erum að fjárfesta þarna fyrir um 700 milljónir króna í nýjum þurrkara og nýrri kornunarverksmiðju til að auka afköst og fullvinnslu. Við erum búin að taka stækkunina í notkun en ætlum okkur að nýta tímann út þetta ár við að fínstilla vinnsluferlið í þurrkun og kornun.“

Halldór segir að Íslenska kalkþörungafélagið hafi áður verið að fullvinna fóður.

„Við vorum með kornunarverksmiðju sem gat framleitt 6.000 tonn ári, en þessi nýja verksmiðja á að geta afkastað 20 þúsund tonnum. Þá sjáum við fyrir okkur að í nýrri verksmiðju í Súðavík við Ísafjarðardjúp verði hægt að framleiða 60 þúsund tonn af tilbúnu kornuðu kalþörungafóðri á ári.“



Grænu byggingarnar á hafnarsvæðinu eru verksmiðjuhús Íslenska kalkþörungafélagsins. Mynd / HKr.

### *Fullvinna kalkfóður á Bíldudal*

Sagði Halldór að fullvinnslan byggðist á því að flutt er inn matarlím sem blandað er saman við fullunnið, þurrkað og malað kalkþörungaduft ásamt vatni. Í þennan lög er bætt örlitlu magnesíum þar sem innihald þess í náttúrulegum kalkþörungunum er 2,5% en kaupendur vilja hafa 5% magnesíuminnihald.

„Við blöndum þessu saman í vélum og þurrkum og kornum síðan í örsmáar kúlur sem eru minni en áburðarkúlurnar sem bændur þekkja vel. Þessi framleiðsla er mjög vinsæl meðal bænda úti um allan heim, því í svona kornaformi myndast ekki eins mikið ryk og þegar skepnum eru gefnir hefðbundnir kalkþörungarnir í duftformi. Þetta er auðvitað dýrara fóður, en að sama skapi þægilegra við að eiga. Við köllum þetta fóður

rykfrítt með frjálsu flæði, eða „dust free and free flow“, segir Halldór.

*Kalk bæði í dýrafóður og til manneldis*

Hann segir góðan markað fyrir þörunga í dýrafóður. Þá sé einnig stöðugur vöxtur á framleiðslu til manneldis.

„Við höfum verið með um 20% vöxt á ári í framleiðslu til manneldis og þar erum við komin í 4.500 tonn á ári.“

*Aukið landrými*

Unnið hefur verið að landfyllingu á Bíldudal í sumar og segir Halldór að Íslenska kalkþörungafélagið fái að nýta hluta af henni.

„Við erum því líka að stækka athafnasvæði okkar við verksmiðjuna á Bíldudal,“ segir Halldór.

*Mikil innspýting fyrir atvinnulíf og samfélagið allt á Bíldudal*

Þörungaverksmiðjan hefur verið mikil innspýting fyrir atvinnulíf og samfélagið allt á Bíldudal. Hefur hún dregið að fólk, bæði brottflutta Bílddælinga sem nýbúa, og það hefur kallað á húsbyggingar. Þá hefur fiskeldið í Arnarfirði einnig dregið að fjölda fólks til vinnu.

*Reistu 8 íbúða einingahús frá Eistlandi á örskotstíma*

Vegna húsnæðisskorts réðst Íslenska kalkþörungafélagið í byggingu átta íbúða í tveggja hæða raðhúsi 2018 úr tilbúnum einingum sem keyptar voru frá Asko Haus í Eistlandi. Húsin komu í átta einingum og platan undir bygginguna kom líka í tilbúnum steineiningum. Þá bættust við fjórar einingar sem voru tröppur upp á efri hæð ásamt geymslum á bakhlið hússins. Góð reynsla er af húsum frá Asko Haus, en fyrirtækið hefur byggt yfir 100.000 fermetra af einingahúsum af ýmsum gerðum.

„Það tók okkur þrjá daga að hífa plötuna á tilbúinn grunninn og aðra þrjá daga að hífa þessar 12 einingar og setja saman. Síðan tók það 8 daga til viðbótar að tengja allar lagnir, en íbúðirnar komu fullbúnar með öllu til landsins.“ - Segir Halldór að kostnaðurinn við þessar íbúðir hafi verið nokkuð hagstæður.

*Allt starfsfólk með lögheimili á Bíldudal*

„Þetta eru stúdíóíbúðir sem henta vel pörum með eitt barn. Ef fólk þarf eitthvað meira, þá er það líka búið að ákveða að eiga sína framtíð hér á Bíldudal. Það hefur reyndar verið eitthvað um slíkt. Við erum t.d. með ungt fólk frá Slóvakíu og Póllandi sem nú eru orðin hjón og eiga saman barn. Nú eru þau komin í leiguíbúð í blokkinni sem hér er.

Við höfum ekki ráðið neitt starfsfólk í gegnum starfsmannaleigur. Til okkar hefur komið fólk sem sest þá að til lengri eða skemmri tíma. Þá er allt okkar starfsfólk með lögheimili á Bíldudal og borgar því sína skatta og gjöld til samfélagsins. Nú erum við með 34 í vinnu og bætum við fimm starfsmönnum út af stækkuninni.“

*Næsta skref er bygging annarrar verksmiðju við Ísafjarðardjúp*

Halldór segir að félagið hafi heimild til að nýta kalþörunga af botni Arnarfjarðar til 2033. Þá hafi félagið 30 ára nýtingarleyfi í Ísafjarðardjúpi frá og með mars 2021, eða fram í mars árið 2051. Fyrirhugað er að reisa verksmiðju á Langeyri í Álftafirði, skammt frá nýja þorpskjarnanum í Súðavík.

Íslenska kalkþörungafélagið fékk leyfi Orkustofnunar í mars til að vinna kalkþörungaset í Ísafjarðardjúpi. Áætlað er að verksmiðja fyrirtækisins taki til starfa síðla árs 2025. Miklar tafir urðu á leyfisveitingaferlinu og er fyrirhuguð gangsetning nú komin fimm árum fram yfir þann tíma sem upphaflega var áformað að reisa verksmiðjuna í Súðavík.

Leyfi Orkustofnunar er, eins og fyrr segir, til þrjátíu ára og veitir heimild til að taka 3,6 milljónir rúmmetra af dauðum kalkþörungum á tilteknum svæðum í Djúpinu.

Verksmiðjan í Súðavík á að vera álíka stór og kalkþörungaverksmiðjan á Bíldudal, eða með um 120 þúsund tonna framleiðslugetu á ári.

„Það er reiknað með að grjótvörn fyrir landfyllingu á innanverðri Langeyri verði boðin út í október næstkomandi. Við vonumst svo til að geta hafist handa við að byggja eftir tvö til þrjú ár,“ segir Halldór Halldórsson.

*Orkuskortur og lélegar rafmagnslínur gætu skaðað uppbygginguna*

Þó verksmiðjan verði reist á Súðavík á tilsettum tíma, þá blasir við annar vandi. Það er skortur á raforku á norðanverðum Vestfjörðum sem ekki er hægt að leysa í dag nema með keyrslu dísilvéla. Eins er flutningslína sem liggur frá Engidal í Skutulsfirði yfir í Álftafjörð orðin 60 ára gömul og flutningsgetan algerlega ófullnægjandi.

Segir Halldór að það sé einungis um eitt megawatt á lausu í Súðavík þegar raforkukerfið er í lagi, en það vanti 7 til 8 megawött fyrir verksmiðjuna.

Málið snýst því bæði um orkuskort og ónothæfar flutningslínur sem hvoru tveggja þarf að leysa úr á allra næstu árum ef tryggja á afhendingaröryggi fyrir aukna atvinnustarfsemi á svæðinu. Að öðrum kosti verða menn að stóla á reykspúandi staðbundnar dísilvélar.

Þó reist hafi verið varaaflsstöð í Bolungarvík 2015 með sex 1,8 MW dísilvélum sem skila samtals 10,8 megawöttum, þá dugar það ekki til. Flutningsgeta er einfaldlega ekki fyrir hendi til að koma stærstum hluta af því rafmagni til Súðavíkur. Eins yrði þá lítið varaafl eftir ef vandamál koma upp í raforkukerfi svæðisins.

Hugmyndir voru uppi um að efla flutningskerfið á Vestfjörðum og styrkja orkuframleiðsluna með nýrri vatnsaflsvirkjun í Hvalá í Ófeigsfirði á Ströndum. Þau áform eru nú í fullkominni óvissu eftir miklar tafir sem urðu á þeirri framkvæmd, m.a. út af deilu um náttúruvernd.

Segir Halldór að ekki verði brugðist við þessari þörf fyrir nýrri og burðarmeiri rafmagnslínur verði verksmiðjan keyrð á gasi.



Þörungaverksmiðjan hefur verið mikil innspýting fyrir atvinnulíf og samfélagið allt á Bíldudal. Mynd / HKr.



Tilbúið fóður úr kalkþörungum til útflutnings. Myndir / HH



Nýi þurrkarinn sem tekinn var í notkun fyrir skömmu.



Hitinn úr útblæstrinum er endurnýttur og næst þar 300 kw orka.



Vegna húsnæðisskorts réðst Íslenska kalkþörungafélagið í byggingu átta íbúða í tveggja hæða raðhúsi 2018 úr tilbúnum einingum sem keyptar voru frá Asko Haus í Eistlandi. Mynd / HKr.



Hafist verður handa nú í haust við undirbúning að byggingu nýrrar verksmiðju Íslenska kalþörungafélagsins á Langeyri við Álftafjörð. Þar hefur fengist leyfi til 30 ára að vinna 3,6 milljónir rúmmetra af dauðum kalkþörungum af tilteknum svæðum á botni Ísafjarðardjúps. Mynd / HKr.

PRONAR
Fjölplógar
í stærðum frá 1.35m til 4.0m



Plógur á mynd:
3.3m með 3p festingu og stjórnborði
Verð 1.290.000 kr. án/vsk
AFLVÉLAR
Sími 480 0000 | sala@aflvelar.is | aflvelar.is

LÍF & STARF

## Eldstæðið fagnar eins árs afmæli:

# Mikil gróska í tilraunaeldhúsi matarfrumkvöðla

### – Um 70–80 vörutegundir hafa verið þróaðar þar


Eva sjálf að störfum í Eldstæðinu, tilraunir með súkkulaði. Myndir / smh

**Um þessar mundir fagnar Eldstæðið eins árs afmæli, en það er tilraunaeldhús í Kópavogi fyrir matarfrumkvöðla. Það er Eva Michelsen sem á og rekur Eldstæðið sem hýsir nú um 30 framleiðendur með mjög mismunandi framleiðslu, með á milli 70–80 vörutegundir. Jöfn kynjaskipting er meðal framleiðenda.**

Hún telur að tækifærin á þessu sviði séu margvísleg – ekki síst í vegan-matvælum og hreinum matvælum með litlum eða engum aukaefnum.

„Ég kalla þetta reyndar deilieldhús, því eðli málsins samkvæmt deila framleiðendur aðstöðunni hér – og líka reynslu sinni sem er ekki síður mikilvægt,“ segir Eva. Um fullvottað eldhús er að ræða með öllum helstu tækjum og tólum til matvælaframleiðslu; kæli- og þurrlager, skrifstofu- og fundaraðstöðu. Þá býður hún upp á námskeið fyrir þá sem eru að taka sín fyrstu skref og jafnvel aðeins komnir með hugmyndina. „Á námskeiðunum þarf að nálgast hvern og einn á þeirra sérstöku forsendum því þarfirnar og kröfurnar eru mjög breytilegar eftir því hvað á að fara að framleiða,“ segir hún, en alls hafa um 60 manns sótt námskeið til hennar.

### *Eigin konfektgerð*

Eva ól með sér draum um að reka slíkt eldhús eftir að hún kynntist slíkum fyrirbærum í Bandaríkjunum þegar hún var sjálf með hugmyndir að framleiðslu. Hún hafði stofnað Michelsen Konfekt árið 2015 en rekið sig á vandamál varðandi aðstöðuleysi. Hún rekur eigin konfektframleiðslu í dag, sem hún segir að byggi á Kökudagbókinni – bloggi sem hún hélt úti í um tíu ár.

Varðandi áhugaverðar vörur sem eru í þróun hjá henni núna nefnir hún pylsugerð undir vörumerkinu Sæhrímnir Sausages. „Hann heitir Sam sem er í þeirri vöruþróun og starfar sem kokkur í borginni. Hann gerir alvöru breskar pylsur, því hann skynjaði fljótt í samfélagi Breta á Íslandi að knýjandi þörf var á slíkri vöru á íslenskum markaði.“ Hún nefnir einnig Ketó eldhúsið með tilbúnu réttina sína, sem þegar hafa öðlast sinn sess í stórmörkuðum. Þar sé stöðug vöruþróun í gangi.

Aðrir framleiðendur sem hafa nýtt sér aðstöðu Eldstæðisins eru Krúttís ísgerð, Birna sem framleiðir ís með lágu nikkelinnihaldi fyrir þá sem eru með nikkelofnæmi, Álfagrýtan með Lumpia sem eru filippeyskar vorrúllur, Hilex frostpinnagerð úr hreinum ávöxtum, Silfurhraun með chili-olíu, sinnep úr íslenskum bjór og jurtum og viskí frá Sólakri ehf., Hlynur kokkur með veisluþjónustu og margt fleira.


Eldstæðið er rúmgott og vel tækjum búið; getur hýst þrjá matarfrumkvöðla í einu, svo fremi sem hráefnið sem unnið er með henti saman í vinnslurýminu.


Smökkun hjá Ketó eldhúsinu.

### *Starfsemin gengið vel*

„Deilieldhúsið Eldstæðið er sprottið úr Facebook-hópnum Eldstæðið, sem ég stofnaði snemma árs 2018 sem áhugahóp fyrir matarfrumkvöðla. Þá var ég strax farin að viðra hugmyndir um að opna svona eldhús og fékk í raun strax fólk á biðlista hjá mér. Þetta fyrsta rekstrarár hefur í raun gengið mjög vel. Það hefur auðvitað ekki verið fullbókað alltaf, enda höfum við langan opnunartíma; frá fimm á morgnana til miðnættis alla daga vikunnar. Það eru því margir klukkutímar í boði.

Reynslan af þessu ári sýnir hins vegar að þörfin er til staðar og við þurfum líklega að fara að huga alvarlega að því að stækka kæli- og geymslupláss. Til að ráðast í slíkar breytingar þyrfti að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir á húsnæðinu,“ segir Eva.

Hún vill koma því á framfæri að til standi að halda sérstaka Eldstæðisdaga í Fjarðarkaupum 1.–6. nóvember. „Á sérstöku svæði merktu okkur verða eingöngu vörur sem má rekja hingað til okkar. Samhliða er stefnan á að opna sérstaka vefverslun með vörunum sem eru þróaðar hér.“

/smh



LÍF&STARF



Sveppahringurinn á lóð sundlaugarinnar á Selfossi búinn til úr sveppum, mjög sérstakt að sjá. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

# Sérstakur sveppa-hringur á Selfossi

**Starfsmenn og gestir Sundhallar Selfoss hafa velt því mikið fyrir sér í haust af hverju sveppir hafa myndað hring á lóðinni, fallegan hring þar sem enginn er að troðast fram yfir og reyna að vera meira áberandi en aðrir í hringnum.**

„Sveppir vaxa út frá einum punkti í allar áttir og úr verður hringur. Síðan þegar þeir hafa vaxið í nokkra áratugi þá verður hringurinn nokkuð bein lína og oft drepst einhver hluti svepps og þá vantar hluta í hringinn.

Af myndinni að dæma finnst mér líklegast að þetta sé einhver ljóska, Hebeloma-tegund. Þær tegundir mynda svepprót með ýmsum trjám og eru aspir og birki meðal þeirra trjáa sem tengjast ljóskum í svepprótarsambandi. En þá ætti að vera tré í miðjum hringnum þannig að þetta getur líka verið einhver annar sveppur með brúnt gróduft sem vex þarna.

Á myndinni sér maður hattsvepp í sveppabaug en það er ekki séns að sjá hvaða sveppur þetta gæti verið,“ segir Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. */MHH*

### Íslenska fyrirtækið Betri svefn:

# Borgar starfsfólki sínu fyrir að sofa vel

## – Eitt fyrirtæki og eitt embætti fengu svefnvottun

**Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað meðal íslenskra fyrirtækja varðandi svefnheilsu starfsmanna. Ef fólk kemur illa sofið í vinnuna er meiri hætta á mistökum hjá starfsfólki og slysahætta eykst. Að sama skapi veikir svefnleysi ónæmiskerfið og svefnlausir starfsmenn taka allt að 100% fleiri veikindadaga heldur en þeir sem sofa vel.**

„Það er því ánægjulegt að sjá hversu margir íslenskir stjórnendur eru farnir að taka þennan þátt inn í almenna heilsueflingu starfsmanna og sífellt fleiri fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum upp á fræðslu um svefn, skimun fyrir svefnvanda og meðferð fyrir þá sem komnir eru í vanda,“ segir Erla Björnsdóttir hjá Betri svefni.

*Borgað fyrir svefninn*

Fyrirtækið Klaki gerði nýlega skemmtilega tilraun með sínu starfsfólki þar sem starfsmönnum var greiddur bónus vikulega ef þeir sváfu nóg. Verkefnið hefur farið vel af stað og er starfsfólk að ná viðmiðum u.þ.b. aðra hverja viku að meðaltali. Starfsfólk lýsir áhrifum þannig að þreyta sé minni og að vart sé við aukna vellíðan. Miklar vonir eru bundnar við langtímaáhrif bættra svefnvenja hjá starfsfólki og hefur fyrirtækið því ákveðið að gera launaviðbæturnar varanlegar. Þá segir Erla að embætti ríkislögreglustjóra hafi einnig verið að vinna markvisst með svefnheilsu sinna starfsmanna en þar fengu allir starfsmenn fræðslu um svefn, skimað var fyrir svefnvanda meðal starfsmanna og þeim sem sváfu illa var boðin aðstoð til að bæta svefninn. Það vita það allir að álag í starfi hjá lögreglumönnum er mikið, vaktir oft óreglulegar og verkefni sem þeir fást við sem krefjast mikillar einbeitingar, snerpu og úthalds og því er sérstaklega mikilvægt að þeir sem sinna þessu starfi séu vel úthvíldir. Bæði þessi fyrirtæki hlutu í dag gæðastimpil frá fyrirtækinu Betri svefn um að vera svefnvottuð fyrirtæki. Þessi vottun staðfestir að stjórnendur hafa lagt sig fram um að fræða starfsfólk um svefn og bjóða uppá aðstoð fyrir þá sem glíma við svefnvanda. */MHH*










### Sauðfjárbændurnir á Hellum eru á fyrsta ári í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður:

# Betri búrekstur með loftslagsvænni landbúnaði

**Loftslagsvænn landbúnaður, samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Skógræktar og Landgræðslunnar, er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Sauðfjárbændur á Hellum í Bæjarsveit Borgarfjarðar, þau Haraldur Sigurðsson og Linda Sif Níelsdóttir, gengu inn í verkefnið í febrúar og segja að markmiðið með þátttökunni sé ekki síst að gera búskapinn betri – til að mynda með auknum afurðum eftir hverja á.**

LOL er á sínu öðru ári og hefur hópur sauðfjárbænda tvisvar verið tekinn inn í verkefnið og einu sinni hópur nautgripabænda.



Haraldur og Linda með landgræðslusvæðið og birkiskóginn í baksýn.

Myndir / smh

*Uppgræðsla og skógrækt*

„Þetta fellur bara vel að því sem við erum almennt að gera hér," segir Haraldur, spurður um ástæður þess að þau ákváðu að taka þátt í verkefninu. „Við höfum mikinn áhuga á uppgræðslu, enda erum við með mela hér á landinu, sem þarf að græða upp. Það er lögð áhersla á það í verkefninu að í aðgerðaráætlun séu markmið um bæði kolefnisbindingu og að dregið sé úr losun á gróðurhúsalofttegundum. Margir geta endurheimt votlendi sem hluta af þeirra kolefnisbindingu, en það hentar okkur kannski síður því við erum með frekar lítið land. Við erum hins vegar með uppgræðslu og skógrækt," segir hann.

Linda segir þau muni setja sér markmið um að draga úr losun á þessum lofttegundum með því til dæmis að draga úr innyflagerjun. „Svo eru ýmsar fleiri leiðir til að minnka losun, eins og að huga að hagkvæmari nýtingu á aðföngum. Um leið og við minnkum notkun til dæmis á olíu þá hefur það góð áhrif á losunarbókhaldið og auðvitað á sjálfan búreksturinn."

*Betri nýting áburðar*

„Þetta á líka við um áburð því við þurfum að huga að því að nýta hann betur," segir Haraldur. „Það gerum við fyrst og fremst með jarðvegssýnatökum og svo kölkun. Við erum mikið með mýrarjarðveg hér hjá okkur og hann er súr. Við ættum að geta sparað okkur alveg ótrúlega mikið með því að huga vel að þessu, því þetta er mjög stór útgjaldaliður hjá sauðfjárbændum."



Bjartsýnir sauðfjárbændur og þátttakendur í Loftslagsvænum landbúnaði.

Svo stefnum við á að fá fleiri kíló í afurðum með því að passa upp á frjósemi og því að auka lömb til nytja," segir Linda, en á bænum eru rúmlega tvö hundruð vetrarfóðraðar ær. „Sömuleiðis varðandi jarðvinnslu, þá ætlum við ekki að opna flögin á haustin heldur bara stuttan tíma á vorin; frá því að við plægjum fram að sáningu og þangað til gróðurinn hefur lokað honum. Með því að hafa þau opin í stuttan tíma er hægt að minnka losunina frá landinu," bætir Haraldur við. Hann segir að eitt af því fyrsta sem þau gerðu hafi verið að kaupa lítinn liðlétting til að nota yfir vetrartímann, en þá þarf ekki að setja stóran traktor í gang yfir vetrartímann nema í undantekningartilfellum þegar gefa þarf hestastóðinu eða í uppgræðsluverkefnum.

*Spennandi verkefni*

Þau eru sammála um að þátttaka í verkefninu sé spennandi, en þau hafa gert samning um þátttöku í fimm ár.

Varðandi kolefnisbindingu munu þau Haraldur og Linda beina sjónum sínum aðallega að uppgræðslu og skógrækt, sem fyrr segir. „Við erum með stóran birkiskóg á landinu og svo er hér talsverð skjólbeltaræktun, sem afi minn og amma eiga heiðurinn af að hafa byrjað á um það leyti sem ég fæddist," segir Haraldur en þau Linda hafa nýverið keypt jörðina Hellur sem er tæpir 200 hektarar, af föður Haraldar. „Eitt af verkefnunum verður að hlúa að skjólbeltunum og fá betri vöxt í trjáplönturnar," bætir Linda við.

„Varðandi landgræðsluna þá er mjög gefandi hvað maður sér árangurinn fljótt – og slík vinna sé auðvitað mikill hagur fyrir okkur líka til að auka umfang beitilandsins okkar til framtíðar," segir Haraldur.

*Skiptar skoðanir bænda*

Þau segja að skoðanir um þetta verkefni séu skiptar hjá þeim bændum sem þau hafa rætt við. „Flestir eru þó frekar jákvæðir, en sumir fara í baklás þegar minnst er á loftslagsvænan landbúnað," segir Haraldur. Linda telur að langflestir séu hvetjandi sem þau hafi talað við og útskýrt fyrir hvað þau geri í verkefninu. „Okkur fannst þetta bara sniðugt fyrir okkur og að við hefðum allt til að vinna. Svo þegar við fórum af stað, á fyrsta fyrirlestrinum, þá sáum við að margt af því sem var lagt upp með í verkefninu vorum við þegar byrjuð á eða farin að hugsa um að gera."

Haraldur segir að það sé ekki spurning að það henti örugglega mörgum vel sem eru með stórt land – eða fáar skepnur – að fara í endurheimt votlendis, þó það henti þeim ekki. Þannig þurfi alltaf að taka mið af aðstæðum á hverjum bæ, en allflestir ættu að geta haft hag af því að stunda landbúnað eins og lagt er upp með í þessu verkefni og það séu ýmsar leiðir að markmiðunum. „Við erum til dæmis alltaf að læra og lærum helling bara í ferlinu. Við tökum ekki of stór skref í einu en reynum að setja okkur lítil markmið varðandi hvern og einn þátt. Svo má ekki gleyma að minnast á þá aðstoð sem við fáum í gegnum verkefnið, á námskeiðum og með ráðgjöf, sem hefur verið okkur mjög mikilvæg," segir Linda. /smh



Hluti skjólbeltanna þarf aðhlynningu, enda jafngömul Haraldi.

LÍF & STARF



Á Grenivík vantar bæði húsnæði og starfsfólk og með frekari uppbyggingu í atvinnulífinu má gera ráð fyrir að þörfin fari vaxandi. Um þessar mundir eru í byggingu tvö einbýlishús, annað er þetta sem er nánast fullbúið. Myndir / ÞF

## Grenivík:
# Vantar húsnæði og fólk til starfa

## – Vinna við deiliskipulag nýs hverfis hafin

**„Staðan hjá okkur er sú að það vantar húsnæði og einnig fólk til starfa," segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi. Sveitarstjórn hreppsins hefur á fundum sínum, m.a. nú í vikunni, rætt hvaða möguleikar eru í stöðunni.**

Þröstur segir að með frekari uppbyggingu í atvinnulífinu megi búast við að þessi þörf fari vaxandi, en sem dæmi er í byggingu nýtt hótel á svæðinu og þá er verið að stækka lyfjaverksmiðju Pharmarctica.

Þröstur segir að lengi vel á þessari öld hafi staðan verið sú að einungis sveitarfélagið byggði íbúðir á Grenivík. Á allra síðustu árum hafa einstaklingar farið að byggja á ný. „Það er til marks um aukna bjartsýni á framtíðina enda hefur húsnæðisverð farið hækkandi og allt selst sem boðið hefur verið til sölu," segir hann.



Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi.

### *Byrjað verði að byggja næsta vor*

Nú eru tvö einbýlishús í byggingu og eitt parhús, allt á vegum einkaaðila. Þröstur segir að sveitarfélagið skoði möguleika á frekari uppbyggingu, með byggingaraðilum eða leigufélögum eftir atvikum. „Stefnan er að reyna að tryggja að það verði hafin bygging á einhverjum íbúðum næsta vor. Í því skyni er t.d. verið að hefja vinnu við deiliskipulag nýs hverfis þar sem áhersla verður á einbýlishús með fallegu útsýni," segir Þröstur. /MÞÞ



Hér er annað tveggja einbýlishúsa sem verið er að byggja á Grenivík, en auk þeirra er verið að byggja parhús.




TIL SÖLU - GEYMSLUR – HVERAGERÐI

Stærð 43,1 fm. Verð 11.900.000 kr.
Nánari upplýsingar hjá BYR FASTEIGNASÖLU
s. 483-5800

byr fasteignasala



*verð miðast við að yfirtekin sé vsk kvöð að fjárhæð 1.700.000,-.

VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn ***Bændasamtaka Íslands*** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

# **Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss.**

- *Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur og sambærilegur kostnaður sem leiðir af óvinnufærni.*

# **Styrki til forvarnarverkefna.**

- *Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.*

Nánari upplýsingar á **bondi.is** og umsóknareyðublöð má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

**Umsóknir skulu berast fyrir 15. október nk. með rekjanlegum bréfpósti (ábyrgðarbréf) merkt:**

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík

LCI Lely Center Ísland





TRYGG

KEÐJUR OG KEÐJUEFNI

GOTT ÚRVAL

30 % AFSLÁTTUR ÚT OKTÓBER

AF ÖLLUM HEILUM KEÐJUM Á LAGER

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – lci.is

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna

MHG VERSLUN

Allt fyrir atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Víkurhvarfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is

UTAN ÚR HEIMI



# Kaktuslýs fyrir litaglaða

**Fyrir eitthvað svo pínulítið og með svo óáhugaverða lífssögu hefur kaktuslúsin haft ótrúleg áhrif á sögu heimsins.**

Hana er upprunalega að finna í Nýja heiminum og þeir fornminjafræðingar sem rannsaka menningu og listir m.a. hafa fundið vísbendingar um litarefni sem eru ævaforn.

Listrænir Aztekar til forna höfðu hugvitið með sér og einhvern veginn, mögulega frá Inkunum í Perú uppgötvuðu þá kosti kaktuslúsar, ef þurr og mulin væri – umbreyttist í rauðan lit. Þeir máluðu á það sem fyrir var auk þess að lita fatnað og annað sem þótti litunar við.

Unnar kaktuslýs þóttu eftirsótt litarefni í heiminum fram að 1850 en við tók annað, kallað Aniline. Aniline er fjólublátt að lit, og sú nýjung var í raun fundin upp af ungum efnafræðinema, William Henry Perkin að nafni, sem hafði séð fyrir sér að finna upp á lyfi til að vinna á malaríu. Það tókst ekki betur en svo að hann fann upp á fjólubláum. (Uppgötvun hans varð þó síðar meir notuð m.a. í tengslum við krabbameinsmeðferðir.)

Litirnir rauður og fjólublár settu þarna tóninn fyrir almennri litadýrð og gleði en má sjá þeim báðum bregða fyrir í varalitum nútímans.



Vísindamaðurinn William Henry Perkin.

Rauða litarefnið Cochineal Extract, sem felur í sér breitt svið af bleikum, rauðum og fjólubláum litum, er einmitt búið til úr þessum sömu þurrkuðu og muldu lúsum sem lifa á kaktusplöntum. Sumir vilja reyndar meina að náttúrulegra geti innihaldsefni ekki orðið – en á sama tíma er ekki hægt að vinna litarefnið úr lúsunum nema helst að rækta þær og drepa.

Áhugavert er að geta þess að litur ýmissa áfengra drykkja, til dæmis drykkjarins Campari, kemur frá þessum sömu skordýrum þó misjafnar skoðanir hafi verið á því að neyta skordýra í fljótandi formi. Í áratugi voru framleiðendur Campari einna ötulastir á sviði áfengisframleiðenda þegar kom að því að nota muldar kaktuslýs sér til hagsbóta, en ákváðu árið 2006 að taka sér hlé frá þeirri iðju. Ástæða þess var „vegna þess möguleika að um óvissu væri að ræða í framboði hins náttúrulega litarefnis", að sögn talsmanns fyrirtækisins. Sú ákvörðun hélst þó ekki lengi þar sem litarefnið sem var notað í stað Cochineal Extract þótti gefa drykknum sérkennilegt bragð, auk þess sem vilji fyrirtækisins var fyrir því að vera sem lífrænast.

Nú, svo er þetta fína lífræna litarefni auðvitað aðalástæða þess að langflestir rauðir varalitir á markaðnum í dag geta ekki talist vegan. Þótt rauður varalitur sé sá fegursti allra varalita þá er fjöldamorð lúsa ekki endilega eitthvað sem alla langar að hafa á samviskunni. Reyndar hefur komið í ljós að Cochineal Extract er stundum kallað Carmine í innihaldslýsingu varalitar. Carmine er einmitt framleitt með því að sjóða og sigta kaktuslýs í stað þess að þurrka þær og mylja. Spurning hvort hljómar betur í eyru neytenda? (Reyndar verður víst að taka fram að kaktuslýs eru alger plága að mati kaktusunnenda sem gera allt til að losna við þær.) /SP

# Kaffivenjur Eþíópíumanna

**Kaffi er einn þekktasti drykkur veraldar og virðast vinsældir hans ekkert dala, enda verið notið víðs vegar um heiminn síðan á 15. öld.**

Besta kaffið er talið er, Arabica, á sér rætur að rekja til skóglendis Eþíópíu, eina staðnum þar sem það vex villt, og áhugavert er að heimamönnum þykir ekki endilega nauðsyn að neyta þess í vökvaformi. Kaffiplöntunnar sem slíkri er nefnilega hægt að njóta á fleiri vegu og það þekkja þeir.

Kaffibaunir eru fræ kaffirunnans sem vaxa inni í svokölluðum berjum hans. Eftir að baununum eða fræjunum er náð úr ávöxtunum stendur hratið eftir. Eþíópíumenn þurrka það gjarnan og nýta í tiltölulega koffínslaust te, en hefur sætt ávaxtabragð. Sumir vilja svo tína berin beint af runnunum og nýta sem millimál líkt og við Íslendingar gerum gjarnan við rifsber eða sólber nágrannans.



Kaffirunni í blóma.

Kuti er önnur tegund af tei sem vinsælt er víða, en þá eru lauf runnanna þurrkuð og í þeim bleytt. Kuti hefur verið hluti af menningu Eþíópíubúa í hundruð ára og hægt er að panta slíkt á netinu ef forvitni leikur á að smakka.

Kjöt er gjarnan marinerað í kaffikorg, oft í bland við önnur krydd, hunang og smjör – og þykja kaffimarineraðar vefjur afar ljúffengar. Einnig, í eþíópísku borginni Jimma, eru grænar eða óþroskaðar kaffibaunir smjörsteiktar og kryddaðar talinn herramannsmatur og jafnan neytt í brúðkaupum.



Nú, eþíópískur eigandi Kalm Earth Market, sem sérhæfir sig í húðvörum, mælir svo sterklega með húðskrúbbi úr kaffikorgi landa sinna. Lífrænni og betri korgur er vandfundinn og hægt að njóta þess til hins ýtrasta að vera vel skrúbbaður.

Ef áhugi er fyrir að reyna slíkt með kaffikorgi heimilisins eru lesendur hvattir til að láta á það reyna, enda ekki verra að vera silkimjúkur og ilmandi. /SP



Hálmgras er nýtt sem efsta lag þaks. Myndir / Wikipedia

## Einstakt einkenni dönsku eyjunnar Hlésey:

# Þangþök bóndabæja

**Á dönsku eyjunni Læsø ( Hlésey) í Kattegat hefur mátt finna allsérstæðar byggingar síðastliðin 300 ár.**

Eða öllu heldur hús með afar sérstæðum þökum. Þökin eru í daglegu tali kölluð þangþök en var notað sem efsta þekjulagið á þökum bóndabæja eyjunnar. Þökin geta verð allt að metra þykk og virðist vera sem þau sígi yfir húsbygginguna eins og bráðin séu.




Danska eyjan Hlésey, eða Læsø.

Sú venja að byggja þök með þangi – í raun sjávargrasi sem kallast marhálmur – á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar blómstrandi saltiðnaður var í eyjunni. Í grunnvatninu var yfir 15 prósent salt og á heitum þurrum sumrum kristallaðist það úr jörðunni og myndaði stórar breiður af salti. Hundruð saltofna voru reistir á eyjunni til saltvinnslu en þeir þurftu eldsneyti sem var veitt af takmörkuðu skóglendi eyjarinnar.

### *Kláruðu trén í eldivið*

Þá kom sá dagur að eyjarmenn höfðu höggvið síðasta tréð. Án viðar til að kynda ofnana hrundi saltiðnaður Læsø. Að auki vegna þess sem engin tré voru eftir til varnar í vondum veðrum fóru þorp eyjunnar illa í sandstormum og öðrum ófögnuði. Vegna þess hve loftið var saltþrútið hamlaði það vexti hvers konar plantna, jafnvel grass.

Íbúar Læsø höfðu þó nóg af marhálmi í kringum eyjuna sína og rekaviði. Því nýtti það rekaviðinn í byggingu húsa og marhálminn sem efsta þekjulag þaka.

Vegna þess hve marhálmurinn er gegndrepa af salti rotnar þakið ekki auðveldlega og heldur velli í yfir hundrað ár. Með aldrinum verður það fastara form sem er ekki einungis vatnsheldur heldur nær óbrennandi og þarf mikið á að ganga til að það láti á sjá. Þau rotna þó að lokum og þarf að fjarlægja þau eða endurgera. Þökin eru annars afar þung en áætlað er að 300 kg af þangi þurfi í einn fermetra af þaki.

### *Þangþök orðin menningarverðmæti*

Í lok 18. aldar voru enn standandi 250 hús sem byggð voru á þennan hátt en eftir því sem árin hafa liðið er minna um að þeim hafi verið viðhaldið. Eyjan hefur einnig verið ræktuð upp og því skógi vaxin aftur ef íbúum líst svo á að vilja nýta skógræktina í þakbyggingu. Nokkur hús eru þó varðveitt og vel við haldið – nýtt undir söfn eða sem agn fyrir ferðamenn. Einhver þjóna þó enn tilgangi heimilis og eitt slíkra húsa, friðað enda upphaflega byggt í kringum árið 1700, var sett á sölu og keypt samstundis þó illa væri farið. Húsið sem kallast Andrines Hus (Hús Andrínu) fékkst á því kostaverði 51 milljón íslenskra króna.

Húsið sem var að lokum keypt af menningarstofnun bæjarins gerði það upp og meðal annars voru þakgrindin og þakið sjálft tekið í gegn. Hvorki meira né minna en 35 tonn af þangi voru í kjölfarið lögð í þak hússins sem lítur nú út eins og nýtt! /SP

# Hitastig heimsins okkar

**Öfgar í hitastigi jarðar hafa mikið verið til umræðu síðastliðin ár og hafa vísindamenn loftslagsrannsókna haft nóg að gera.**

Vilja sumir meina að svokallað „öfgaveðurfar" sé komið til að vera og eiga þá til dæmis við ofgnótt fellibylja, óvenjulega þurrka eða úrhelli. En auðvitað eru staðir í heiminum sem haldast eitthvað stöðugri þar sem þó má líta á öfga af öðru tagi. Stöðugri ef til vill.

### *Heit eða köld landsvæði*

Nú hefur Síbería átt vinninginn þegar kemur að búsetu fólks á svæði þar sem hitastig er varanlega undir frostmarki. (Þá erum við að tala um allt að -67,7 °C) Tæplega fimmhundruð manna bærinn Oymyakon þarlendis lokar þó barnaskólanum ef kuldinn fer niður fyrir -55 °C en það getur verið meðal varmastig að vetri til.



Á móti kemur að heitasta stað heimsins má finna í eyðimörkinni Lut sem er í Íran. Þar er hitastigið þó nokkrum gráðum hærra en í Death Valley – sem hingað til hefur trónað á toppnum með 55 °C, en í Lut er hitinn ríflega 80 °C.

### *Þægilegur meðalhiti*

Ef eitthvert meðaltal má finna, eða stað í heiminum þar sem þetta er svipað árið um kring, benda rannsóknir til þess að Kalifornía hafi vinninginn. Þar er frekar notalegt að vera og lítið um öfgar í hitastigi.

Best að taka fram að meðalhiti á Íslandi er eitthvað neðar, en gleðiviðbrögð almennings heldur sterkari er vel viðrar. /SP

Matarauður Vesturlands – Veisla á Vesturlandi:

# Matarhátíð haldin í nóvember



**Vestlendingar ætla að gera sér nokkra glaða matardaga í nóvember, bjóða fólki að koma, dvelja og njóta veitinga, viðurgjörnings og gleði á Vesturlandi.**

Þessi matardagskrá er unnin sem hluti af áhersluverkefninu Matarauður Vesturlands, sem margir aðilar koma að en leitt er af Áfangastaðastofu Vesturlands og unnið með góðum stuðningi frá Sóknaráætlun Vesturlands.

„Matur skiptir okkur öll miklu máli, jafnvel svo að það er talað um matarást,“ segir Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður Áfangastaðastofa & Markaðsstofa Vesturlands.

„Það er gaman að tala um mat, borða mat, búa til mat, skoða mat, finna lyktina af mat og þegar fólk vill gera sér glaðan dag þá kemur matur upp í hugann. Það er ekki sjálfgefið að hafa aðgang að góðum og heilnæmum mat, en við erum svo heppin á Íslandi og yfir því gleðjumst við og erum þakklát.

Matarauður Vesturlands er mikill. Mannauður og náttúran til lands og sjávar gefur okkur tækifæri til að framleiða gæðavörur og veitingar. Það er alltaf að aukast aðgangur að góðum mat úr heimabyggð og jafnframt fjölgar metnaðarfullum veitingaaðilum og fallegum veitingastöðum sem gefur okkur öllum tækifæri til að njóta og gleðjast yfir góðri matarupplifun á Vesturlandi.

Það er því full ástæða til að hampa því sérstaklega sem vel er gert og er í boði að njóta.“

***Matarauður Vesturlands***

„Vestlendingar leggja mikla áherslu á að efla matarauð Vesturlands, því matur er ein af auðlindum þessa svæðis og matvinnsla til sjávar og sveita auk ferðaþjónustu eru mikilvægir atvinnuvegir byggðar á Vesturlandi. Því viljum við efla og kynna mat og matarupplifun á Vesturlandi.“

***Veisla á Vesturlandi - viðburðadagskrá***

Sett verður upp viðburðadagskrá, „Veisla á Vesturlandi“, í nóvember. Þar er kallað eftir samstarfi við matarframleiðendur, veitingaaðila og skemmtilegt fólk sem vill setja upp viðburð með áherslu á matarmenningu og matarupplifun á Vesturlandi. Langar aðstandendur til að sjá fjölbreytta viðburði um allt Vesturland þar sem allir hugsa um mat en geta líka svo margt til gamans gert í leiðinni.“

***Matarhátíð á Hvanneyri***

„Blásið verður til „Matarhátíðar á Hvanneyri“ 13. nóvember með fjölbreyttri dagskrá. Þar verður t.d. matarmarkaður, smakk og matarupplifun, kynningar og stutt erindi á ýmsu sem viðkemur mat, matvælaframleiðslu og matarmenningu, auk þess sem við ætlum að veita viðurkenninguna ASKURINN 2021. Þessi hátíð er unnin í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Markaðsstofu Vesturlands, ANOK, Landbúnaðarsafnið, Ullarselið, matarframleiðendur og heimafólk o.fl. með stuðningi frá Sóknaráætlun Vesturlands.“

***ASKURINN-viðurkenning***

„Heimamenn hampa því sem vel er gert og veita fólki viðurkenningu. Kallað er eftir tilnefningum um fólk sem hefur skarað fram úr eða hafa lagt mikið á vogarskálarnar í starfi sínu varðandi matvælaframleiðslu eða matarmenningu á Íslandi til að efla og bæta íslenskan matarauð.

ASKURINN 2021 – er viðurkenning sem veitt verður fyrir vel unnin störf í þágu íslensks matarauðs og óskum við eftir tilnefningum frá matgæðingum um allt land.

Allir geta tekið þátt í að tilnefna til viðurkenninganna sem veitt verða í þremur flokkum: Viðurkenning fyrir nýsköpun, ævistarf og hvatningarviðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu íslensks matarauðs. Hægt er að tilnefna aðila til að mynda fyrir framleiðslu hráefnis, vöruþróun, matvælavinnslu, matarhandverk, markaðssetningu eða fyrir kynningu íslenskrar matvælaframleiðslu. Það má tilnefna oft og jafnvel sama aðila í öllum flokkum ef svo ber undir, en það er ekki fjöldi tilnefninga fyrir hvern aðila sem gildir til verðlauna heldur er það rökstuðningurinn með tilnefningunni og könnun valnefndar sem úthlutar verðlaununum.

Valnefnd fer yfir tilnefningar og birtir lista yfir þá aðila sem verða tilnefndir til viðurkenningarinnar.

Einum aðila úr hverjum flokki verður veitt viðurkenningin Askurinn 2021 á matarhátíðinni á Hvanneyri 13. nóvember. Opið er fyrir tilnefningar frá 10. til og með 30. október 2021.“

Nánari upplýsingar um ASKINN má finna á www.askurinn.is og eins má senda fyrirspurnir á askurinn@askurinn.is. */HKr.*



## Nýr gangnamannaskáli á Grímstunguheiði:

# Samsettur úr 10 skálaeiningum með 29 gistiherbergjum

**Húnavatnshreppur ásamt bændum innan Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiða reistu nú í sumar nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði.**

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps, segir að hreppurinn hafi borgað bygginguna, en hún var reist með mikilli sjálfboðavinnu bænda í fjallskiladeildinni sem þar áttu ófá handtök. Þeir sáu einnig um að reisa nýtt hesthús við skálann og er það um 120 fermetrar að stærð.

*Um 500 fermetrar að stærð*

Einar segir að húsið hafi verið keypt á síðasta ári af verktaka sem vann við gerð Vaðlaheiðarganga og var það sótt til Eyjafjarðar og flutt þaðan á áfangastað.

Gangnamannaskálinn er samsettur úr 10 skálaeiningum með 29 gistiherbergjum, snyrtingum, matsal og eldhúsaðstöðu og er rétt um 500 fermetrar að stærð. Mörg herbergjanna eru tveggja manna þannig að rými er fyrir um 50 manns í húsinu.

Nýi gangnamannaskálinn var tekinn í gagnið við smalamennsku nú í haust og reyndist vel. Mikið fjölmenni þarf til að smala afréttinn sem er mjög stór og nær niður að Langjökli. Smalamennska tekur nokkra daga, farið er upp á heiði á sunnudegi og jafnan komið niður á fimmtudagskvöldi.

Einar segir að með tíð og tíma standi til að leggja niður þrjá skála, Álkuskála, Fljótsdragaskála og Öldumóðuskála, og nýta nýja skálann í þeirra stað. */MÞÞ*



Gangnamannaskálinn er samsettur úr 10 skálaeiningum með 29 gistiherbergjum, snyrtingum, matsal og eldhúsaðstöðu og er rétt um 500 fermetrar að stærð. Mynd / Bjarni Kristinsson



Í sumar var fjárfest í vinnubúðunum sem starfsmenn Vaðlaheiðarganga notuðu við gangagerðina og voru vinnubúðirnar fluttar um 20 km upp á Grímstunguheiði og settar saman, keypt ljósavél og smíðað hesthús. Myndir / Hjálmar Ólafsson







# Frá hlöðnum torfkofum og tjöldum í glæsilegan gangnamannaskála

**Sauðfjárbændur í Vatnsdal þurfa að smala sínu fé allt að 70 km leið í Undirfellsrétt, en frá Langjökli að Undirfellsrétt er nálægt 70 km. Að þessum sökum eru gangnamenn í 4–5 daga að smala afréttinn.**

Í fyrstu var notast við grjóthlaðna torfkofa og tjöld, en í kringum 1960-65 voru gamlir strætisvagnar og rútur dregnar suður á heiði og bílarnir notaðir allt til 1977 og 1978 þegar gerðir voru þrír gangnamannaskálar, í Fljótsdrögum, Öldumóðuskáli og Álkuskáli, allir án rafmagns og hitaðir með gasi.

Í sumar var fjárfest í vinnubúðunum sem starfsmenn Vaðlaheiðarganga notuðu við gangnagerðina og voru vinnubúðirnar fluttar um 20 km upp á Grímstunguheiði og settar saman, keypt ljósavél og smíðað hesthús. Vinnuframlagið var að mestu bændur í Vatnsdal sem fóru ófáar ferðir fram á heiðina.

***Prúðbúnir bændur vígðunýja skálann***

Sunnudaginn 5. september mættu í sparifötunum bændur í Vatnsdal og tóku þennan nýja skála í notkun. Þetta var líka fyrsta kvöldið í fimm daga smölun þeirra 13 undanreiðmanna sem fara lengst, en fyrsti smölunardagur er frá Langjökli (oftast nefnt Fljótsdrög af heimamönnum). Nýi skálinn getur tekið á milli 30 og 40 manns. Herbergin eru 30, bæði eins og tveggja manna, ágætlega rúmgóð og allir geta farið í sturtu eftir langan smölunardag. Góð eldunaraðstaða er í skálanum, matsalurinn tekur nálægt 40 manns í sæti og eru tvær litlar setustofur þar til viðbótar.



Sunnudaginn 5. september mættu bændur í Vatnsdal í sparifötunum inn á Grísmtunguheiði og tóku nýja gangnamannaskálann í notkun. Þetta var líka fyrsta kvöldið í fimm daga smölun þeirra 13 undanreiðmanna sem fara lengst, en fyrsti smölunardagur er frá Langjökli. Mynd / Bjarni Kristinsson



Þegar tíðindamaður Bændablaðsins kom í heimsókn fimmtudaginn 9. september var matráðskonan Sigþrúður Sigfúsdóttir að þrífa skálann ásamt Bjarna Kristinssyni eftir þessar fjórar nætur sem gangnamenn höfðu notað nýja skálann. Mynd / HLJ

***Tvö í stórum skála að þrífa þegar Bændablaðið truflaði þrifin***

Þegar tíðindamaður Bændablaðsins kom í heimsókn fimmtudaginn 9. september var matráðskonan Sigþrúður Sigfúsdóttir að þrífa skálann ásamt Bjarna Kristinssyni eftir þessar fjórar nætur sem gangnamenn höfðu notað nýja skálann. Aðspurð hvernig gangnamönnum hafi líkað vistin fannst þeim að þessi nýi skáli hafi staðið vel undir væntingum. Eftir stutt spjall og kaffibolla var tími kominn á að kveðja og hætta að trufla vinnandi fólk, en að lokum, til hamingju, Vatnsdælingar, með glæsilegan gangnamannaskála. */H.L.J.*



Í fyrstu var notast við grjóthlaðna torfkofa og tjöld, en í kringum 1960–65 voru gamlir strætisvagnar og rútur dregnar suður á heiði og bílarnir notaðir allt til 1977 og 1978 þegar gerðir voru þrír gangnamannaskálar, í Fljótsdrögum, Öldumóðuskáli og Álkuskáli, allir án rafmagns og hitaðir með gasi.

LÍF & STARF



Ásgerður Kristín Gylfadóttir, formaður bæjarráðs á Hornafirði og formaður SASS, og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við undirritun samkomulags um þekkingarsetrið. Samkomulagið gildir til ársins 2024 og nemur fjárstyrkurinn 5.870.000 krónum. Mynd / Aðsend

# Þekkingarsetur um úrgangsmál tekið til starfa á Laugarvatni

**Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra undirritaði nýlega samkomulag um fjárstuðning við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) til að stofna þekkingarsetur á Laugarvatni um úrgangsmál.**

Tilgangur setursins er að aðstoða sveitarfélög við að innleiða hringrásarhagkerfi í úrgangsmálum með megináherslu á endurnýtingu og þar með að draga úr urðun heimilisúrgangs.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, formaður bæjarráðs á Hornafirði og formaður SASS, undirritaði samkomulagið ásamt Sigurði Inga.

„Með þessari styrkveitingu er ætlunin að skapa mikilvægan vettvang til að veita sveitarfélögum ráðgjöf og gera kleift að standa við markmið sín varðandi úrgangsmál og stuðla að framþróun og uppbyggingu á því sviði,“ segir Sigurður Ingi.

Þekkingarsetrið mun aðstoða sveitarfélög við að halda utan um málaflokkinn og laga sig að nútímalegri úrgangsstjórnun. Það mun einnig birta upplýsingar um þjónustugjöld og raunkostnað við afsetningu úrgangs í öllum sveitarfélögum og koma á samræmingu á úrgangsgögnum frá mismunandi þjónustuaðilum. */MHH*

**Bændablaðið** *Næsta blað kemur út 21. október*
















SAGA&MENNING

# Sveins saga búfræðings

## – og fyrsta skólastjóra á Hvanneyri

**Sveinn Sveinsson hét hann, Austfirðingur, fæddur á Ormsstöðum í Norðfirði 21. janúar 1849. Hann braust til búnaðarnáms á Norðurlöndum, ekki síst fyrir atbeina og með dyggum stuðningi Jóns Sigurðssonar forseta.**

Sveinn nam við Búnaðarskólann á Steini við Bergen í Noregi árin 1869-1872, en bætti síðan við sig námi við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Sveinn var enda talinn lærðasti íslenski búfræðingur sinnar tíðar. Um árabil starfaði hann sem farandbúfræðingur (ráðunautur) hjá Búnaðarfélagi Suðuramtsins (sem var forveri Búnaðarfélags Íslands, síðar Bændasamtaka Íslands), m.a. með stuðningi Landbúnaðarfélagsins danska. Í því starfi ferðaðist Sveinn víða um sveitir landsins og sagði fyrir um nýja búhætti.

Á þeim árum fólst starf búnaðarráðunauta í því að vinna verkin sjálfir með bændum og fyrir þá. Starfið var því öðrum þræði verkleg kennsla í nýjum og endurbættum vinnubrögðum, einkum varðandi áveitur, gerð vörslugarða og -skurða sem og túnasléttun. Þá hafði Sveinn lært mjólkurvinnslu, smjör- og ostagerð, svo hann leiðbeindi einnig á þeim sviðum. Loks má nefna að Sveinn skrifaði afar efnismiklar fræðslugreinar um öll þessi viðfangsefni, greinar sem hver um sig mátti kalla tímamótaverk. Landmælingar hafði Sveinn búfræðingur, eins og hann var jafnan nefndur, lært og hann gerði m.a. kort af Reykjavík 1876 og 1887, sem nú teljast vera stórmerkar heimildir um byggð vaxandi höfuðstaðar. Merka bók um búverkfæri, raunar þá fyrstu á íslensku, skrifaði Sveinn, en hún kom út árið 1875.

Svo kom það í hlut Sveins að stýra Búnaðarskólanum á Hvanneyri í gegnum stofnun hans árið 1889 og fyrstu starfsárin. Þótt hann væri líklega sá Íslendingur sem þá var faglega hæfastur til þess að móta og kenna við skóla fyrir bændur lenti hann í mótvindi, sem mjög reyndi á hann. Á hann sótti alvarlegt þunglyndi, segja samtímaheimildir, og hann féll frá með voveiflegum hætti eftir aðeins þriggja ára starf við skólann, vorið 1892.

Tómás Helgason frá Hnífsdal, sá þekkti og ötuli bókasafnari og fræðimaður, hafði dregið saman mjög mikinn fróðleik um Svein Sveinsson, ævi hans og störf, og m.a. ritað greinar um tvo ævikafla Sveins, búnaðarnámið og skólastjórnina. Drög hafði Tómas lagt að fleiri greinum, en entist ekki aldur til þess að ljúka þeim. Sveinn búfræðingur var Tómási afar hugleikinn og hóf Tómás oft máls á sögu Sveins við mig. Með einstakri elju og fágætri vandvirkni hafði Tómás dregið saman og flokkað allt ritað efni sem hann fann eftir Svein og um hann. Um það bjó Tómás í bókasafni þeirra hjóna sem þau gáfu Bændaskólanum á Hvanneyri á aldarafmæli skólans 1989.

Að mér hefur hvarflað að reyna að ljúka verkinu, sem Tómás frá Hnífsdal hóf honum til heiðurs og þakklætis. Það ætti svo sem að vera viðráðanlegt í ljósi þess að Tómás hafði lokið langmestu af heimildaöfluninni. Þótt mér sé mætavel kunn nákvæmni Tómásar og langur tími sé liðinn frá hérvistardögum Sveins Sveinssonar búfræðings datt mér í hug að segja hér í Bændablaðinu frá Sveini og hugmynd minni um að ljúka verki Tómásar, ef vera kynni að einhver lesandi hins víðlesna Bændablaðs væri aflögufær um ábendingar. Þær væru þá líklega helst á formi munnmæla eða allt að því þjóðsagna um Svein eða tengjast honum á einhvern máta, svo sem frásagnir sem kunna að hafa lifað á bæjum er hann heimsótti til jarðabóta. Til dæmis grunar mig að enn megi finna minjar um jarðabætur sem Sveinn vann og skrifaði lýsingar á í starfsskýrslum sínum.

Sem fyrr hef ég netfangið bjarnig@lbhi.is og símann 894 6368.

*Bjarni Guðmundsson*
*Hvanneyri*



Heimildasafnið um Svein Sveinsson búfræðing hafði Tómás Helgason frá Hnífsdal búið vandlega um, innbundið með gylltum titlum og merkingum.



Sveinn Sveinsson búfræðingur (1849–1892). Minningamark um hann í skólagarðinum á Hvanneyri.

Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni




Lestur Bændablaðsins

Lestur Bændablaðsins á **landsbyggðinni** 36,2%

Lestur Bændablaðsins á **höfuðborgarsvæðinu** 17,8%

Lestur landsmanna á Bændablaðinu 24,3%

**Heimild:** Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt. - des. 2020.

Bændablaðið Bændahöllin við Hagatorg / Sími: 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

LESENDARÝNI

# Vísindi eða hindurvitni?

**Eins og margir vita kom nú á haustdögum upp nýtt riðutilfelli í kind í Skagafirði. Áfallið er mikið fyrir bændur á viðkomandi bæ og miðað við núverandi reglur er niðurskurður alls fjárstofnsins á bænum fram undan með tilheyrandi fjárhagstjóni og andlegu álagi, en flestir sauðfjárbændur sem stunda sinn búskap af alúð tengjast dýrunum tilfinningaböndum. Á það bæði við um fullorðna og þó enn frekar börn og unglinga. Því er mér það óskiljanlegt að nokkur sem vill láta taka sig alvarlega í umræðunni stingi upp á niðurskurði á hundruðum sauðfjárbúa og um leið tugum þúsunda fjár þar sem víðast hvar hefur aldrei komið upp riða.**




Högni Elfar Gylfason.

Verandi fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í því ráðuneyti sem fer með málefni landbúnaðar, gerir svo slíkar yfirlýsingar enn furðulegri og um leið vítaverðari. Slíkur einstaklingur veit fullvel að riðuniðurskurður hefur litlu skilað fram til þessa. Í raun er aðeins búið að sanna einn hlut með niðurskurðaræði síðustu áratuga, en það er að niðurskurður vegna riðu kemur alls ekki í veg fyrir að riða komi upp síðar á sama stað.

Sami einstaklingur veit væntanlega líka fullvel að aðrar Evrópuþjóðir eru fyrir lifandis löngu farnar að nota skynsamlegri nálgun þar sem arfgerðargreiningum er beitt á hjarðir þar sem upp kemur riða og niðurstöðurnar látnar ráða um hvaða kindur eru felldar og hverjar ekki. Á sama tíma er kylfa látin ráða kasti hérlendis.

Ung hugsjónakona og sauðfjárbóndi, Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð, hefur að undanförnu leitt saman vísindafólk frá ýmsum löndum í þeirri viðleitni sinni að færa riðurannsóknir hérlendis til nútímans og um leið á sömu braut og gert hefur verið um langt skeið í öðrum löndum. Þar er uppleggið að leita að genum í íslenskum kindum sem reynst gætu verndandi gagnvart riðusmiti. Nú þegar hafa þessar rannsóknir skilað þeim árangri að gen hafa fundist í kindum sem reynst gætu verndandi og því síðar meir mögulegt að nota þau til ræktunar á sauðfé sem yrði þá riðuþolið, þó er eftir að rannsaka mörg sýni á komandi vetri þannig að við eigum enn nokkuð í land.

„Kapp er best með forsjá“ er orðatiltæki sem gamlir yfirdýralæknar ásamt embættis- og stjórnmálamönnum ættu að hafa í heiðri þegar fjallað er um jafn viðkvæman hlut og niðurskurð ævistarfs sauðfjárbænda. Um leið er skynsamlegt fyrir viðkomandi að nýta sér reynslu, vilja og getu annarra þjóða, vísindamanna, áhugafólks og frumkvöðla til að takast á við vandann sem við blasir fremur en að hrópa í sífellu „Úlfur, úlfur“.

Með skynsemi að leiðarljósi munum við finna lausn á vandanum.

*Högni Elfar Gylfason,*
*sauðfjárbóndi og áhugamaður um ábyrga stjórnmálaumræðu og landbúnaðarmál.*

Á FAGLEGUM NÓTUM




# Væntingar sauðfjárbænda til nýrrar ríkisstjórnar

**Niðurstöður kosninga til Alþingis 25. september voru skýrar. Ríkisstjórnarflokkarnir styrktu stöðu sína og eru, þegar þetta er skrifað, í samtali um áframhaldandi stjórnarsamstarf. Sauðfjárbændur hafa væntingar um að ný ríkisstjórn bregðist með skjótum hætti við þeirri stöðu sem greinin er í. Rekstur sauðfjárbúa hefur verið afar erfiður á undanförnum árum, eins og myndin hér fyrir neðan gefur skýrt til kynna.**

Myndin hér fyrir ofan sýnir þróun framleiðslukostnaðar, afurðatekna og opinbers stuðnings fyrir árin 2014–2019 reiknað á hvert kg af innlögðu dilkakjöti. Gögnin eru byggð á verkefni RML um rekstur og afkomuvöktun sauðfjárbúa en eru fengin úr skýrslu LbhÍ sem kom út fyrr á þessu ári. Afurðatekjur eru tekjur af seldu dilkakjöti, kjöt af fullorðnu fé, seldri ull, heimanot og seldu líffé. Opinberar greiðslur eru tekjur vegna greiðslumarks, beingreiðslna í ull, gæðastýringargreiðslur, býlisstuðningur og svæðisbundinn stuðningur. Punktarnir fyrir ofan súlurnar gefa til kynna áætlaðan framleiðslukostnað hvers árs. Í gögnum RML er framleiðslukostnaður reiknaður sem heildarútgjöld án fjármagnsliða og afskrifta. Þá er launakostnaður í gögnum RML mjög hóflegur. Hér er farin sú leið að áætla fjármagnsliði, afskriftir og leiðréttingu á launalið með því að bæta 20% ofan á framleiðslukostnað eins og hann er settur fram í skýrslu LbhÍ.


Unnsteinn Snorri Snorrason.

Afkomuvöktun sauðfjárræktar 2017-2019:
https://www.rml.is/static/files/RML_Frettir/2021/afkomuvoktun-2017_2019-yfirlit.pdf

Afkoma sauðfjárræktar á Íslandi og leiðir til að bæta hana:
https://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_142.pdf

Fyrr á þessu ári kom út skýrsla á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, unnin af Landbúnaðarháskóla Íslands. Í skýrslunni er lögð fram aðgerðaráætlun til bættrar afkomu sem má draga saman svona:

- Að halda áfram að leita leiða til að draga úr framleiðslukostnaði
- Að ná hærra afurðaverði til bænda, með því að:
  - Stuðla að hagræðingu í rekstri sláturhúsa
  - Hagkvæmara fyrirkomulagi í útflutningi

Það er krafa sauðfjárbænda að horft verði til þessara tillagna þegar kemur að því að skapa greininni rekstrarskilyrði sem tryggir bændum viðunandi afkomu af sínum rekstri.

*Unnsteinn Snorri Snorrason*
*verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands*

Jörðin Hvoll í Aðaldal



Jörðin Hvoll í Aðaldal er bújörð sem er 37 ha. ræktað land. Á jörðinni er stundaður fjárbúskapur með 320 ær á fóðrum og greiðslumark upp á 349 ærgildi. Heildarstærð jarðarinnar er um 100 hektarar.
Á jörðinni eru góðar byggingar.
Fjárhús með áburðarkjallara í góðu ástandi, 323,4 m²,
hlaða, 212,9 m² auk 125 m² verkstæðishúss sem sambyggt er við hlöðu.
Fjós sem notað er sem geymsla og 47,1 m² sumarhús byggt 2019.
Á jörðinni standa einnig 203,1 m² íbúðarhús frá 2007 m/bílskúr.
Hvoll 2 er 4794 m² sumarbústaðaland
og Hvoll 3 er 40,5 m² sumarbústaður.
**Áhugasamir hafi samband við Friðrik s. 773-5115 og fridrik@fastak.is**
FASTEIGNASALA AKUREYRAR

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA




Markaðsráð kindakjöts auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn.
Markaðsráð kindakjöts annast vörslu fjármuna vegna verkefna sjóðsins á yfirstandandi ári og óskar eftir umsóknum í sjóðinn. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2021.
Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra Markaðsráðs í netfanginu **haflidi@bondi.is**



Lely Center Ísland
RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere, Zetor, Case IH, McCormick, Steyr, Claas, Ford, Fiat, New Holland, Deutz-Fahr, Massey Ferguson
**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið Næsta blað kemur út 21. október

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ




MHG VERSLUN
Víkurhvarfi 8 - 203 Kópavogi
Sími 544 4656 - www.mhg.is
Nýr umboðsaðili TYROLIT á Íslandi

LESENDARÝNI

# Kröfur fjármálaráðherra í land á Vestfjörðum – 3. hluti

## – „úrelt skjöl, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda“ – landmerkjalýsingar 1882–1917

**Í fyrsta hluta var fjallað um að þjóðlendulög eigi rætur að rekja til tveggja hæstaréttardóma um Landmannaafrétt, þar sem eignartilkall ríkisins til lands var ekki talið sannað en sagt að ríkið „geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða“. Einnig var fjallað um grundvallarreglu Jónsbókar frá 1282 um land utan eignarlanda: „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra.“ Þjóðlendulögin frá 1998 ganga gegn gildandi þessu ákvæði Jónsbókar um almenninga.**

Í öðrum hluta var fjallað um að landnámsmenn hafi ekki þegið land úr hendi konungs líkt og í Evrópu, heldur með námi og afmörkun lands gagnvart öðrum landnámsmönnum. Tilgangur landamerkjalaga hafi frá öndverðu verið að koma í veg fyrir landamerkjadeilur landeigenda, ekki að tryggja rétt þeirra gagnvart ásælni ríkisvaldsins. Einnig var fjallað um að lesa þyrfti landamerkjalýsingar skv. fyrstu landamerkjalögunum frá 1882 með hliðsjón af ákvæðum Jónsbókar um vatnaskil til fjalla.





Eyjólfur Ármannsson.

### *Frumvarp til landamerkjalaga árið 1917 og núgildandi lög 1919*

Árið 1917 voru komnar fram miklar efasemdir um landamerkjalýsingar þær sem gerðar höfðu verið samkvæmt landamerkjalögum nr. 5/1882. Þessar efasemdir komu skýrt fram á Alþingi árið 1917 er borið var fram frumvarp til nýrra landamerkjalaga. Frumvarpið 1917 er merkilegt, og mikilvægur undanfari og ástæða setningar núgildandi laga um landamerki o.fl. frá 1919.

Frumvarpið var samið af forseta Búnaðarfélags Íslands, sem gefur til kynna mikla óánægju bænda með gildandi lög. Í framsöguræðu flutningsmanns frumvarpsins kemur fram að tvær ástæður séu fyrir frumvarpinu. Landamerki jarða séu víða um land í mestu óreiðu og sannvirði jarða verði fremur hægt að finna verði frumvarpið að lögum.

Aðalstefna frumvarpsins var að öll landamerki skyldu rannsökuð að nýju, að landamerkjaskrár skyldu allar gerðar að nýju og að sýslumenn skyldu, eftir að þetta hafði farið fram, ótilkvaddir stefna aðiljum fyrir dóm, þeim er eigi urðu á merki sáttir.

Meirihluti landbúnaðarnefndar Alþingis vildi láta samþykkja frumvarpið óbreytt. Í nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar segir eftirfarandi: „Ýmsar merkjalýsingar eru svo óglöggar, að mikill vafi leikur á, hvar eða hver merkin eru, og sumar gefa ranga hugmynd um, hvað við er átt.

Fjöldi merkjalýsinga er þannig nú orðin úrelt skjöl, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“

Minni hluti landbúnaðarnefndar taldi ekki þurfa að gera nýjar landamerkjaskrár.

Niðurstaðan varð að þingið beindi því til landsstjórnarinnar, að hún rannsakaði málið fram til næsta reglulega þings hvort nauðsyn væri á endursamningu landamerkjalaga og legði fyrir þingið, ef nauðsyn þætti á, nýtt frumvarp til landamerkjalaga.

Niðurstaðan var frumvarp til laga sem varð að lögum nr. 41/1919 um landamerki o.fl. Eru það núgildandi lög í dag. Í því frumvarpi var farinn meðalvegur um merkjalýsingar, sem minnihluti landbúnaðarnefndar hneigðist að. Höfundur laganna var Einar Arnórsson prófessor og síðar ráðherra. Þessi meðalvegur minnir mjög á þá leið sem Einar fór við samningu vatnalaga árið 1923 um vatnsréttindi. Það voru umdeild lög á sínum tíma en síðar rík sátt um í samfélaginu. Ríkið hefur einnig ekki staðið fyrir eignaupptöku vatnsréttinda á landi líkt og í þeirri eignaupptöku lands sem á sér stað í skjóli þjóðlendulaga, sem oft er í krafti ófullkominna landamerkjalýsinga samkvæmt landamerkjalögum.

### *Landamerkjabréf fyrir og eftir núgildandi lög um landamerki o.fl. nr. 41/1919*

Grundvallarmunur er á landamerkjabréfum á Vestfjörðum gerðum fyrir og eftir gildistöku núgildandi landamerkjalaga frá 1919.

Sem dæmi má nefna að til eru tvö landamerkjabréf fyrir Skóga í Mosdal á Langanesi í Arnarfirði, frá 1892 og 1922. Eldra landamerkjabréfið er gert í gildistíð landamerkjalaga nr. 5/1882, en það yngra í tíð núgildandi laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919. Grundvallarmunur er á þessum tveimur landamerkjabréfum er lýtur að lýsingu merkja til fjalla á Skógarhlíðarfjalli. Í eldra bréfinu frá 1892 er merkjum lýst sem sjónhending í fjallsbrún. Í yngri bréfinu frá 1922 er merkjum á sama stað lýst sem „sjónhending í fjallsbrún og þaðan á fjallinu upp og út eftir fjallinu eftir því sem vötnum hallar til Skógalands.“

Í landamerkjabréfi Kirkjubóls frá 1922, sem er aðliggjandi jörð að Skógum, er merkjum á sama fjalli lýst með sama hætti; „alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands.“

Engin breyting varð á stærð jarðarinnar Skóga á árunum 1892-1922 enda það ekki ástæða breytrar landamerkjalýsingar. Breytingin er að í yngra landamerkjabréfi Skóga frá 1922 er vatnshallaregla Jónsbókar til fjalla komin í landamerkjalýsingu jarðarinnar. Sama á við um Kirkjuból.

Orðalag í kröfugerð ríkisins á fjallinu er undarleg og ekki eftir fjallsbrún heldur eftir vatnaskilum, hábrún fjallsins; „í línu eftir því sem vötnum hallar milli Skóga og Kirkjubóls“.

Breytingar á þjóðlendulögum til hagsbóta ríkisvaldinu

Lagabreytingar á þjóðlendulögum er sérkapituli útaf fyrir sig og allar til að tryggja hagsmuni ríkisins gagnvart landeigendum. Eru þær glöggt dæmi um máttleysi Alþingis gagnvart ríkisvaldinu.

### *Svæði sem áður hafa sætt meðferð, en ekki sætt kröfum!*

Samkvæmt lagabreytingu frá 2020 er nú hægt að taka landsvæði í annað sinn til meðferðar fyrir óbyggðanefnd hafi nefndin í úrskurði sínum gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Þetta þýðir að telji óbyggðanefnd ráðherra ekki hafa gert nógu víðtækar kröfur í land getur ríkið lýst kröfum í annað sinn í landsvæði. Ríkið hefur nú skilað inn nýjum kröfum á 17 kröfusvæðum á landsvæðum sem áður hafa farið fyrir óbyggðanefnd. Stærsta kröfusvæðið er á Ströndum.

Á heimasíðu óbyggðanefndar segir að heimildin sé bundin við svæði sem höfðu ekki áður sætt kröfum um þjóðlendur af hálfu ríkisins en háð því skilyrði að óbyggðanefnd hefði í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ríkisins á sínum tíma. Hér er talað um „svæði sem höfðu ekki áður sætt kröfum um þjóðlendur“ líkt og þau hafi ekki verið til skoðunar hjá ríkinu og verið til meðferðar hjá óbyggðanefnd. Lagabreytingin fjallar um „svæði sem áður hafa sætt meðferðar“.

Landeigendur í Ísafjarðarsýslum sem nú er til meðferðar (svæði 10B) geta því átt von á að óbyggðanefnd óski eftir kröfum frá ríkinu í land sitt í annað sinn í framtíðinni, eftir að úrskurðað hefur verið í þeim málum sem nú eru til meðferðar. Það eru sumir landeigendur í Strandasýslum (Svæði 10A) að reyna. Er þetta lýsandi um friðhelgi eignaréttarins í þjóðlendumálum.

### *Hlutskipti eigenda eyja og skerja*

Annað dæmi lítur að landsvæðum utan strandlengju meginlandsins (eyjar og sker). Lagabreyting heimilar nú óbyggðanefnd að skora á eigendur eyja og skerja að lýsa réttindum sínum fyrir nefndinni. Þetta er gert til að ríkið fái notið hagræðis við gagnaöflun í kröfum sínum gagnvart eigendum eyja og skerja enda er þekking ríkisins á því landi sem það gerir þjóðlendukröfur í takmörkuð við skjöl. Vettvangsferðir sýna að fulltrúar ríkisins hafa jafnvel aldrei komið á þau svæði sem landakröfur þeirra ná til. Verði heimildinni beitt þurfa eigendur eyja og skerja að leggja út í vinnu og málskostnað við að lýsa eignarréttindum sínum fyrir nefndinni líkt og vafi sé um eignarrétt þeirra.

Eignarrétturinn er friðhelgur og varinn í stjórnarskrá og eyjar og sker eru þinglýstar eignir og landamerkjalýsingar þeirra liggja fyrir hjá stjórnvöldum. Að óska eftir og krefja eigendur eyja og skerja um að lýsa réttindum sínum yfir þeim fyrir óbyggðanefnd samrýmist ekki þessari friðhelgi. Langstærstur hluti eyja og skerja, jafnvel allar, koma líklega á engan hátt til álita sem þjóðlenda og hefur ekkert með þjóðlendumál að gera.

Miklu eðlilegra er að ríkið lýsi þjóðlendukröfum sínum í landsvæði utan strandlengju meginlandsins líkt og verið hefur um annað land. Ákvörðun um að nota fyrrnefnda heimild fæli í sér íþyngjandi ákvörðun, þegar hægt er að ná markmiði þjóðlendulaga með mun mildari hætti, sem er að ríkið lýsi kröfum fyrst. Ekki væri því gætt meðalhófs verði þessi heimild nýtt.

### *Ríkisvaldið efnir kerfisbundið til deilna við landeigendur*

Með þjóðlendukröfum sínum hefur ríkisvaldið efnt kerfisbundið til deilna við landeigendur án þess sérstakar ástæður liggi til grundvallar málatilbúnaðinum annað en vanhugsuð lög frá Alþingi. Hafa verið miklar deilur um landamerki jarða á Vestfjörðum? Hafa deilur verið um eignarhald á fjalllendi Vestfjarða? Nei.

Landeigendum er ætlað að verja sig með vísan til gamalla skjala og landamerkjalýsinga sem miklar efasemdir voru um á Alþingi árið 1917 og talin þá „úrelt skjöl, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda.“ Pólitísk málamiðlun og praktískar ástæður komu því í veg fyrir að ný lög væru samþykkt hefðu leitt til allar landamerkjaskrár frá árinu 1882 yrðu ógildar og gerðar að nýju.




Yfirlitskort - Svæði 5, 7A, 8A, 8B og 10A - Kröfur skv. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Önnur umferð kröfugerða ríkisins. Samkvæmt 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga er Óbyggðanefnd heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Jafnframt er nefndinni heimilt að taka til meðferðar almenninga stöðuvatna á landinu öllu. Um málsmeðferð fer eftir lögum þessum.

Þjóðlendulögin sjálf byggja engan veginn á nægum rannsóknum um eignarhald og eignarrétt á landi. Að ríkið fari um land og efni til deilna og réttarágreinings við landeigendur í landinu er ekki slík rannsókn.




### *Skortur á rannsóknum um eignarrétt á landi*

Árið 1984 var nefnd skipuð til að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum. Nefndin taldi nauðsynlegt að til undirbúnings lagasetningu á þessu sviði færi fram könnun á því hvernig væri háttað skráningu upplýsinga um eignarhald og afnot á þeim svæðum landsins sem féllu undir hugtökin almenningar og afréttir, líkt og segir í frumvarpi til þjóðlendulaga. Engar upplýsingar eru í frumvarpinu um niðurstöður þessarar könnunar. Einnig var kannað hvernig hugtökin almenningar og afréttir hefðu verið notuð bæði í lagamáli og daglegu tali og eru kaflar um hugtökin í frumvarpinu.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður segir í grein sinni „Eign og afréttur“ í Árbók lagadeildar Háskólans á Akureyri 2014, eftirfarandi: „Engar lögfræðilegar greinargerðir um eignarrétt að landi byggðar á ítarlegum rannsóknum hafa birst opinberlega á síðari árum.“

Einar G. Pétursson prófessor vísar til þessa í grein sinni hér í blaðinu 12. maí 2016 og bætir við eftirfarandi: „Slíkar greinargerðir hefðu þó átt að vera upphaf og grundvöllur starfa óbyggðanefndar og vinnast áður en fyrstu kröfur voru gerðar.“ Tekið er undir þessi orð hér. Prófessor Einar skrifaði fjórar greinar um þjóðlendukröfur í Dölunum. Þær birtust 12. og 26.5. og 9.6.2016 og 4.10.2018 og má finna á vef Bændablaðsins, www.bbl.is.

Miklu einfaldara og ódýrara hefði verið ef rannsókn hefði farið fram á því hvar almenningar voru til forna. Regla landleigubálks Jónsbókar um hvar almenningar eru er enn í gildi: „Svo skulu almenningar vera sem að fornu hafa verit.“

Samtímis hefði mátt rannsaka aldagamlan lagagrundvöll eignarhalds á landi frá þjóðveldisöld og landamerkjalýsingar frá 1882 með skipulegum hætti áður en ríkið hóf kerfisbundnar þjóðlendukröfur sínar á hendur landeigendum í landshluta eftir landshluta.

### *Rannsóknir á Landnámu*

Í árhundruð hefur verið litið á Landnámu sem mikilvæga heimild um eignarhald á landi. Ákvæði Grágásar og síðar Jónsbókar fólu um aldir í sér reglur um afmörkun og eignarrétt á landi.

Landamerkjalýsingar samkvæmt landmerkjalögum frá 1882 á Vestfjörðum hafa nánast örugglega verið gerðar með ákvæði Jónsbókar um mörk jarða til fjalls (vatnaskil) í huga. Því var ekki kveðið þar á mörk jarða til fjalla. Ákvæði Jónsbókar hafa ekki verið formlega felld úr gildi þrátt fyrir aldagamla réttaróvissu um gildi Jónsbókar. Hvorki landamerkjalögin 1882 né núgildandi landamerkjalög frá 1919 hafa sambærileg ákvæði.

Frá þjóðveldisöld hafa lög mörk jarða miðast við að koma í veg fyrir deilur á milli landeigenda. Ríkisvaldið var ekki aðili þeim samskiptum og hefur verið frá landnámi. Með þjóðlendulögum 1998 ákvað Alþingi að ríkið færi í kerfisbundnar við landeigendur með þjóðlendukröfum.

Haraldur Matthíasson er sá sem mest og nákvæmast hefur rannsakað Landnámu og birtust niðurstöður hans í bókinni Landið og Landnáma árið 1982. Niðurstöður hans eru að landnám hafi náð saman til fjalla, m.a. á Vestfjörðum og á Austfjörðum en ríkið mun lýsa þjóðlendukröfum þar í haust. Í bók Haraldar segir eftirfarandi: „Allvíða á landinu hagar þannig til, að ekki er mjög mikil óbyggð að baki byggðar, svo að auðsætt virðist, að landnám ná þar saman. Þannig er t. d. um Snæfellsnes, Dali, Vestfjörðu, Skaga, hálendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu, Tjörnes, Melrakkasléttu, Austfjörðu og víðar. Þarna hljóta landnámin að hafa náð saman uppi á hálendinu, land verið numið milli fjalls og fjöru, einnig þar sem háfjöll eða jöklar eru skammt að baki byggðar, t. d. í Austur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum.“

Ekki þarf annað en að skoða kort af Íslandi og sjá þau landsvæði sem úrskurðir hafa fallið um þjóðlendur til að sjá í hve litlu samhengi þær eru við landnám og eignhald á landi í gegnum aldirnar.

### *Kröfugerð ríkisins skv. þjóðlendulögum og fjallsbrúnir Vestfjarða – landamerkjalýsingar skv. landamerkjalögum*

Við skoðun verður ekki séð að grundvöllur þjóðlendulaga og krafna ríkisins í Ísafjarðarsýslum byggi á traustum grunni og úrskurðir í þeim fela ekki í sér slíkar rannsóknir. Þegar kröfur ríkisins eru skoðaðar vekur athygli hve lítið er vísað til laga. Vísað er til þjóðlendulaga um að íslenska ríkið sé eigandi lands og landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarétti. Litið er til heimilda um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, og landfræðilegar aðstæður auka dómafordæma Hæstaréttar og niðurstaðna Óbyggðanefndar. Ekki er einu orði minnst á kvæði Jónsbókar um landamerki, merkjagöngur og vatnaskil til fjalla.

Með landamerkjalögum frá 1882 urðu bændur skyldir að skrá landamerkjalýsingar og afhenda sýslumanni sem hélt löggilta landamerkjabók. Til þessa fengu landeigendur nokkurra ára frest. Gæði þessara landamerkjalýsinga var mjög dregin í efa á Alþingi 1917, er nýtt frumvarp til landamerkjalaga var lagt fram og skal engan undra. Hér var um nýja framkvæmd að ræða sem líklega skorti undirbúning í ljósi þess hve mikil nýlunda hér var lögfest sem framkvæma átti á örfáum árum. Landamerkjalýsingar frá þessum tíma minnast ekki á merki jarða til fjalla (vatnaskil) og til sjávar (netlög). Líkt og fjallað var um í síðustu grein giltu ákvæði Jónsbókar frá 1282, líkt og verið hafði um aldir. Óþarfi er að skrifa upp í landamerkjalýsingar það sem segir í lögum.

Kröfur ríkisins í land ofan fjallsbrúnar í Ísafjarðarsýslum með vísan landamerkjalýsinga án tilvísunar til viðeigandi ákvæða Jónsbókar standast ekki skoðun. Þær ber vott um hve þjóðlendukröfur ríkisins byggja á veikum grunni og eru án fullnægjandi rannsóknar. Sama má segja um þjóðlendulögin sjálf.

Kröfulýsing ríkisins vísar til heimilda um landnám á Vestfjörðum í Landnámu og telur upp þá landnámsmenn og þau svæði sem þeir námu, en Óbyggðanefnd vísar til hennar í úrskurðum sínum. Þrátt fyrir það er í kröfum ríkisins ekki byggt á neinum rannsóknum á Landnámu.

Ríkið vísar í kröfum sínum mikið til þess að land sé „gróðursnautt og líklega lítt nytjað“. Ríkið vísar ekki til neinna gróðurrannsókna eða upplýsinga um nytjar máli sínu til stuðnings.

Þjóðlendulög eru málsmeðferðarlög byggð á óljósum grunni sem kveða á um að ríkið skuli efna til kerfisbundna landamerkjadeilna við bændur/landeigendur í landinu og krefjast lands í krafti óljósra landamerkjalýsinga eða annarra gamalla skjala um land. Lögin líta algerlega framhjá því að landamerkjalýsingar eru gerðar á milli landeigenda og eru samkomulag á milli þeirra um mörk aðliggjandi jarða. Landamerkjalýsingum var aldrei ætlað að verja landeigendur fyrir tilraunum ríkisvaldsins til eignaupptöku. Friðhelgi eignarréttarins í stjórnarskrá er ætlað að veita þá vörn. Samkomulag landeigenda um mörk jarða sinna í óljósum landamerkjalýsingu samkvæmt landamerkjalögum getur aldrei verið forsenda eignarhalds ríkisins. Þrátt fyrir það byggir ríkið kröfur sínar í land samkvæmt þjóðlendulögum á landamerkjalýsingum.

Þessar deilur hafa nú staðið yfir í mörg ár með tilheyrandi milljarðakostnaði fyrir skattborgarana. Óskiljanlegt er að landsbyggðarþingmenn skuli hafa samþykkt þennan hernað gegn landeigendum að ekki sé talað um stjórnmálaflokka sem stæra sig af að vera málsvarar eignarréttarins í landinu.

### *Rannsókn framkvæmd þjóðlendulaga – mestu eignaupptöku sögunnar*

Með þjóðlendulögum var lagður grunnur að mestu eignaupptöku ríkisins á landi sem um getur í Íslandssögunni. Það brýtur gegn friðhelgi eignarréttar sem varinn er í stjórnarskrá.

Fyrir setningu þjóðlendulaga fór engin lögfræðileg rannsókn fram á eignarhaldi á landi og hvaða lög giltu um afmörkun þess. Þjóðlendumál byggja á veikum grunni vegna skorts á ítarlegum rannsóknum sem enn er mikilvægt að fari fram. Mikilvægt er að rannsókn fari fram á framkvæmd þjóðlendulaga.

Hvatt var til hennar í fyrstu grein 11. mars sl. með vísan til ákvæðis landleigubálks Jónsbókar um að „Svá skulu almenningar vera sem að fornu hafa verit“ og með þessari lagareglu hafi fornfeður okkur ákveðið hvar almenningur skyldu vera og hvar ekki. Í annarri grein var það gert með vísan til þess að landmerkjalýsingar landamerkjalaga 1882 beri að lesa með hliðsjón af ákvæðum Jónsbókar um merkjagöngur og vatnaskil, þar sem segir: „Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru, er vatnföll deilast“.

Í þessari grein er fjallað um frumvarpið 1917 og nefndarálit meirihluta landbúnaðarnefndar, þar sem segir að fjöldi landamerkjalýsinga séu „úrelt skjöl, sem lítið eða ekkert sanna þá er á þarf að halda“. Líkt og rannsóknar var þörf árið 1917 á framkvæmd landamerkjalaga 1882 er í dag þörf á rannsókn á framkvæmd þjóðlendulaga nr. 58/1998, sem og áhrifum Jónsbókar á landamerkjalýsingar og gildi hennar almennt. Allar breytingar á þjóðlendulögum hafa verið ríkinu til hagsbóta, landamerkjalýsingar fyrir og eftir 1919 tala sínu máli um merkjalýsingar til fjalla. Mikil þörf er á ítarlegum óháðum rannsóknum um eignarrétt á landi.

Þjóðlendulög eru ein vanhugðustu lög síðari tíma og hin mestu ólög. Mikilvægt er að Alþingi skipi rannsóknarnefnd til að fara yfir áhrif og framkvæmd þeirra til verndar grundvallarmannréttindum, sem er eignarrétturinn og eignarréttur á landi.

**_Eyjólfur Ármannsson_**
*Höfundur er lögfræðingur LL.M. og fyrrum smali frá Hrafnabjörgum í Lokinhamradal og gætir hagsmuna jarða í Arnarfirði og Dýrafirði fyrir Óbyggðanefnd.*
*eyjolfur@yahoo.com*



## GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM


Nemar á blómaskreytingabrautinni útbúa fallegar skreytingar sem prýða Garðyrkjuskólann.

# Líf og fjör í Lotuviku á Reykjum

**Nú er nýafstaðin verkefnavika á Garðyrkjuskólanum á Reykjum.**

Nemendur fá þá verklega kennslu í ýmsum fögum og fara í heimsóknir í gróðrarstöðvar og önnur fyrirtæki sem tengjast garðyrkjunáminu, vinna verklegar æfingar og spreyta sig á ýmsum verkefnum. Í öllum hornum eru nemendahópar við störf, á námskeiðum eða í annarri fræðslu.

Hér eru nokkrar svipmyndir sem sýna brot af því sem nemendur tóku sér fyrir hendur.


Hálmur úr iðnaðarhampi sem ræktaður var á Reykjum sl. sumar, ætlaður til jarðgerðarverkefna.


Garð- og skógarplöntubrautin við plöntugreiningar og fræsöfnun á Reykjum.


Athugun á mismunandi jarðvegsblöndum með lífrænum og tilbúnum áburði og uppeldi elriplantna.


Molta úr mötuneytinu á Reykjum ásamt stoðefni er notuð í ræktunartilraunir í gróðurhúsunum.


Fuglaskoðunarferðir eru fastur liður í kennslu í dýrafræði.


Skógtækninemar fræðast um öryggisatriði í meðferð véla til grisjunar og skógarhöggs.


Skrúðgarðyrkjunemar við æfingar í verknámshúsi.


Býflugnarækt er kennd á Reykjum. Hér er verið að setja saman ramma í býflugnabú.

## Á FAGLEGUM NÓTUM


Tjaldfjós getur í raun litið út líkt og hefðbundið fjós eins og sjá má.

# Tjaldfjós með trjákurli


Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Hönnun fjósa hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum en frekar litlar breytingar hafa þó orðið á því hvernig fjósin eru byggð. Langoftast hafa fjós bæði hér á landi og víða í norðurhluta Evrópu verið annaðhvort staðsteypt eða einhvers konar form af yleiningahúsum og þá oftast annaðhvort límtrés- eða stálgrindahús.**

Fyrir nokkrum árum fór að bera á meiri fjölbreytileika við byggingu fjósa erlendis og þannig eru til í dag fjós sem eru í raun í grunninn byggð sem gróðurhús, þ.e. með glerþaki, svo dæmi sé tekið, en slík hönnun bygginga er nokkuð ódýrari en gerist og gengur um fjósbyggingar. Nýverið var svo byggt áhugavert fjós í Svíþjóð, en það er klætt með dúk og var sú lausn valin þar sem hún var mun hagkvæmari en aðrar lausnir. En það er meira en byggingin sem slík sem er áhugaverð við þetta fjós, því í fjósinu er notað trjákurl í allar stíur en ekki hálmur eins og oft er gert.


Vegna þess hve dúkurinn er léttur, er þakbyggingin einnig léttbyggð.

### *Kanadísk hönnun*

Þessi tegund bygginga er hönnuð í Kanada og er í dag notuð í raun víða sem gripahús fyrir bæði nautgripi og annað búfé og byggingarnar eru afar bjartar enda kemst dagsbirta í gegnum dúkinn sem gefur einstakt umhverfi fyrir búféð.

Þessar byggingar, sem eru auðvitað óeinangraðar, eru oft einnig án allra veggeininga þ.e. ekki með fasta útveggi heldur bara dúk alveg niður að jörð. Dúkurinn sem er á hlið fjósanna er svo upprúllanlegur og þegar og ef heitt er í veðri má opna hliðarnar alveg sem gerir nærumhverfi nautgripanna enn betra.


Í tjaldfjósum þarf að steypa álagsfleti.

### *Steypa álagsstaði*

Þó svo að þessi fjósgerð sé nánast laus við alla steypu þá sleppa bændur ekki alveg svo vel því bæði þarf að steypa sökkuleiningar sem stoðirnar festast við sem og þar sem álagssvæði gripanna eru eins og t.d. fóðurgang og mögulega gangsvæði í og við mjaltaþjóna svo dæmi sé tekið auk þess sem setja þarf steypta palla undir drykkjarsvæði svo ekki sé hætta á því að vatn sullist niður í undirlagið.

### *Trjákurl*

Trjákurl er aukaafurð sem fellur til við skógrækt og framleiðsla á því mun einungis vaxa á Íslandi á komandi árum. Þetta gæti því verið einkar áhugavert fyrir búfjáreigendur að kynna sér frekar. Þegar búnar eru til stíur fyrir trjákurlsmottur eru þær í raun gerðar eins og hálmstíur, þ.e. djúpar stíur sem kurlið er sett í og svo unnið með og bætt við jafnt og þétt þar til stían er tæmd og byrjað upp á nýtt.

Í Svíþjóð má byggja fjós án þess að vera með botn í þeim ef jarðvegurinn undir er leirskotinn og sparast því mikið magn af steypu. Rétt er að



Trjákurl þarf að meðhöndla rétt svo það henti sem undirlag fyrir nautgripi.


Það fer sérlega vel um kýr sem liggja á undirlagi sem þessu eins og sjá má.

taka fram að til þess að fá slíkt leyfi í Svíþjóð þarf þó að taka jarðvegssýni reglulega til að sýna fram á að það renni ekki vökvi frá undirburðinum og niður í jarðveginn. Reynslan sýnir þó að frárennsli frá svona trjákurlsmottu er næsta óþekkt.

*Bættu við hrossaskít*

Þegar þetta sænska fjós, sem er fyrst sinnar tegundar í Svíþjóð, var tekið í notkun var byrjað á því að keyra inn í það 800 rúmmetrum af trjákurli frá grenitrjám. Síðan var hrossaskít blandað saman við en það var gert til þess að fá gerjun í gang í trjákurlsmottunni, sem er nauðsynlegt svo hún þurrki sig sjálf vegna hitamyndunar.

*Loftun mikilvæg*

Trjákurlsmottu þarf að viðhalda vel og það er oftast gert með því að nota sérstakar loftlagnir sem eru settar í gólfið undir mottunni. Þetta þarf að gera með trjákurl vegna þeirrar gerjunar sem á sér stað og til að halda henni þurri en ekki síst til þess að halda sýrustiginu réttu.

Þegar trjákurl byrjar að gerjast og brotna niður lækkar sýrustigið í mottunni og getur orðið skeinuhætt gripunum en sé mottan loftuð vel gerist það ekki. Til þess að tryggja það er oftast dælt lofti nokkrum sinnum á dag í gegnum mottuna og fyrir vikið verður hún hæfilega þurr og hentar fyrir nautgripi. Í þessu sænska fjósi var þó farin önnur leið, enda ekki steyptur botn undir mottunni og því erfitt að vera með lagnir þar. Þess í stað er mottan herfuð tvisvar á dag og næst þá að lofta hana vel, halda rakastiginu heppilegu og sýra sem gæti myndast herfast þá líka niður.

# Hágæða púðursjampó fyrir hesta

**Stefnt er að því að haustið 2022 verði púðursjampó fyrir hesta komið á markað. Verkefnið fékk nýlega þriggja milljóna króna styrk úr Matvælasjóði.**

„Já, við ætlum okkur að þróa hágæða púðursjampó sérstaklega með þarfir íslenska hestsins í huga. Hefðbundið blautt sjampó er um 80% vatn með tilsvarandi kolefnisspori, m.a. vegna flutninga. Púðursjampó er nýtt form af sjampói og er bæði léttara og plássminna en hefðbundið sjampó og því mun sjálfbærari og umhverfisvænni kostur, auk þess sem um einkar handhæga vöru er að ræða fyrir notandann, þar sem hún er ekki plássmikil eða þung,“ segir Eydís Mary Jónsdóttir, sem fer fyrir verkefninu fyrir hönd Zeto, en það er fyrirtæki, sem framleiðir m.a. þörungaþykkni, sem svo er hægt að nýta bæði í snyrtivöru- og matvælaiðnað. /MHH




Bændablaðið
Kemur næst út
21. október

Lely Center Ísland
ZETOR
VARAHLUTIR


Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

LESENDARÝNI

# Efla þarf rannsóknir á erfðavísum sem veita þol gegn riðu í sauðfé

**Á forsíðu Bændablaðsins þann 23. september sl. var því slegið upp í fyrirsögn að Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, leggi til í grein í blaðinu að ráðist verði í víðtækan niðurskurð á sauðfé á öllum bæjum sem eru með sauðfé í Húna- og Skagahólfi. Þessi tillaga kom fram eftir að riða greindist nú í haust á Syðra-Skörðugili.**

Hér er mjög bratt farið fram svo ekki sé meira sagt. Á því svæði sem um ræðir eru líklega 15-20% af fjárstofni landsmanna eða 60-70 þúsund kindur. Áhrif á framleiðslu yrðu stórfelld, áætla má að framleiðslusamdráttur lægi á bilinu 1.500 til 1.800 tonn hið minnsta. Verði slík hugmyndafræði að veruleika yrði væntanlega einnig ráðist í niðurskurð í Tröllaskagahólfi frá Héraðsvötnum að Eyjafjarðará. Slíkt myndi valda stórfelldri röskun á sauðfjárrækt og jafnvel endalok hennar í núverandi mynd.

Slíkar aðgerðir eru bændum og fjölskyldum þeirra mikið áfall. Tilfinningalegt tjón er óbætanlegt. Þá eru bændur í tilfellum sem þessum neyddir til að ganga til samninga við atvinnuvegaráðuneytið um niðurskurð á bústofni sínum auk hefðbundins ferlis varðandi hreinsunarstarf og úttektir. Þetta þarf að gera til að bændur eigi rétt á bótum til að koma sér upp nýjum bústofni. Um þetta er ekkert val þrátt fyrir að bæturnar eins og þær eru ákveðnar með gildandi reglugerð bæti tjón bænda aldrei til fulls. Færa


Erna Bjarnadóttir.

má fyrir því gild rök að núgildandi fyrirkomulag gangi ekki nógu langt þar sem bændur fá ekki tjón sitt að fullu bætt þrátt fyrir áskilnað eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Tjón bænda er því yfirleitt gríðarlegt, bæði tilfinningalegt og fjárhagslegt. Um það vitna sögur þeirra sem hafa þurft að sæta þessum aðgerðum undanfarin ár. Þetta fyrirkomulag hefur raunar lengi verið óbreytt. Óásættanlegt er með öllu að bændur þurfi jafnvel að ráða sér lögfræðinga til að gæta hagsmuna sinna. Enginn lærdómur hefur verið dreginn af fyrri reynslu og ráðherrar látið undir höfuð leggjast að taka á málinu.

Vitað er að riða getur vel komið upp aftur eftir niðurskurð og hreinsun, jafnvel á búum sem skara fram úr í hreinlæti og snyrtimennsku. Það er því ábyrgðarhluti að hreyfa hugmyndum eins og þessum og henda á lofti án gagnrýni. Um er að ræða lífsafkomu hundruða manna, tilfinningalegt og fjárhagslegt tjón væri gríðarlegt auk mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð. Bændur hafa glímt við þennan erfiða vágest árum saman. Þrátt fyrir það hafa stjórnvöld heykst við að leggja fjármagn í rannsóknir á riðu. Líklega eru framsæknustu rannsóknirnar í dag gerðar undir forystu bónda í Skagaheiðinni í samvinnu við þýska vísindamenn. Miklar framfarir eru í erfðarannsóknum og nú hafa fundist íslenskir gripir með erfðavísum sem líklega veita þol gegn riðu í sauðfé. Þá þarf að vinna betur úr faraldsfræðilegum gögnum sem eru til staðar eftir niðurskurð þar sem riða hefur greinst á árum áður.

Stjórnvöld eiga því nú í fyrsta lagi að tryggja að bændur sem þurfa að takast á við þetta erfiða verkefni fái fullar bætur fyrir. Jafnframt á að efla rannsóknir á riðu og leit að gripum með arfgerð sem er þolin gagnvart sjúkdómnum. Nútíma erfðatækni býður þar upp á áður óþekkta möguleika. Höfnum hins vegar strax hugmyndum sem myndu í raun geta orðið banabiti sauðfjárræktar eins og við þekkjum hana í dag.

***Erna Bjarnadóttir***
*hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ.*

HAGKVÆM DEKK FYRIR
ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

LÍF & STARF

# Framtíðargreining matvæla í ferðaþjónustu

**Ráðstefna á vegum Nordic Food in Tourism var haldið á Egilsstöðum 30. september síðastliðinn en að verkefninu stóðu átta Norðurlandaþjóðir til þriggja ára en Bændasamtökin höfðu fulltrúa í sérfræðihópnum.**

Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni en markmið verkefnisins var að skoða hvernig útlendingar tala um eða skynja norrænan mat og meta áhrif loftslags- og neyslubreytinga á mat í ferðaþjónustu framtíðarinnar til að greina áskoranir og tækifæri sem Norðurlandaþjóðir standa frammi fyrir nú og til framtíðar.

Á ráðstefnunni voru fjölmörg áhugaverð erindi sem tengdust matvælum og ferðaþjónustu. Þar að auki var samtímis haldið Matarmót Matarauðs Austurlands ásamt Hacking Austurland. Á Matarmótinu gátu matvælaframleiðendur á Austurlandi kynnt sínar vörur fyrir væntanlegum kaupendum, söluaðilum og samstarfsaðilum í greininni. Einnig voru haldnir örfyrirlestrar um matvælaframleiðslu, vörur úr heimahéraði, mikilvægi afurðastöðva og tveir Danir kynntu landslagið í þessum efnum í Bornholm í Danmörku.




Á dögunum var haldin ráðstefna á Egilsstöðum í tengslum við lokaniðurstöður á þriggja ára verkefni Nordic Food in Tourism sem Bændasamtökin voru hluti af. Hér má sjá Ástu Kristínu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Ferðaklasans og Brynju Laxdal, verkefnisstjóra í verkefninu. Myndir ehg og Sara Tjörvadóttir.

### *Tækifæri tengd matvælum*

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans, sem sat í sérfræðihóp Nordic Food in Tourism, segir verkefnið hafa verið mjög gagnlegt til að máta ýmsa fleti inn í íslenskan veruleika og sjá hvernig þjóðirnar geti nýtt sér niðurstöður verkefnisins en heildarskýrsla verður gefin út í febrúar á næsta ári.

„Ísland var með formennsku árin 2019–2021 í Norrænu ráðherranefndinni og voru nokkur aðalverkefni sett á oddinn sem tengdust ferðaþjónustu eins og sjálfbær ferðaþjónusta, áhersla á mat í ferðaþjónustu, þjóðgarða og hvernig við meðhöndlum staði í eigu hins opinbera ásamt stafrænni ferðaþjónustu. Þar kemur þetta verkefni inn í Nordic Food in Tourism. Niðurstöður þess verkefnis byggir á greiningum gagna, aðferðum framtíðarfræða og viðtölum við sérfræðinga í samvinnu við fyrirtækið Kairos Future,“ segir Ásta og bætir við:

„Til að kanna hvaða áskoranir og tækifæri við stöndum frammi fyrir hérlendis varðandi mat í ferðaþjónustu voru haldnar tvær vinnustofur í febrúar og mars 2021, annars vegar með völdum sérfræðingum og fulltrúum hagaðila og hins vegar vinnustofa fyrir alla áhugasama. Þátttakendur tengdust matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu. Nordic Food in Tourism kom enn fremur að tveimur lausnamótum, Hacking Hekla á Suðurlandi og Hacking Norðurland, þar sem unnið var að lausnum sem stuðla að aukinni sjálfbærni og reyndist mikil áhersla lögð á tækifæri tengd matvælum.

Áherslur umræðna á vinnustofunum voru dregnar saman í sex flokka þar sem farið var ítarlega inn í hvern flokk og útbúnar greiningar úr hverjum og einum. Þeir voru ímynd og markaðssetning, matur í ferðaþjónustu, matarmenning og nærsamfélagsneysla, samstarfsvettvangur, menntun og þjálfun, matvælaframleiðsla, nýsköpun og vöruþróun og kerfislægur stuðningur.“ /ehg



Hafliði Halldórsson, sérfræðingur hjá Bændasamtökunum, sýnir hér nýja afurð í Vallanesi, hestabaunir sem voru afar bragðgóðar.



Hópurinn, sem samanstóð af fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum, fengu góða kynningu hjá Eymundi Magnússyni, bónda í Vallanesi, á búskapnum á bænum og fengu að smakka framleiðsluna.



Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður Vors – verndun og ræktun og bóndi í Vallanesi, ræddi málin við Oddnýju Önnu Björnsdóttur, bónda í Gautavík.



Á Randulff´s sjóhúsi á Eskifirði tóku hjónin Sævar Guðjónsson og Berglind Ingvarsdóttir á móti hópnum þar sem boðið var upp á íslenskan hákarl og brennivín ásamt fleiri afurðum úr heimabyggð.





Matarmót Matarauðs Austurlands var haldið í framhaldinu af ráðstefnu Nordic Food in Tourism þar sem matvælaframleiðendur á Austurlandi kynntu sínar vörur fyrir væntanlegum kaupendum, söluaðilum og samstarfsaðilum í greininni.

LÍF&STARF



Pálmi Viðar Snorrason, aðstoðarframkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar, tekur við fyrstu bílunum frá Kristmanni Frey Dagssyni, sölustjóra Öskju. Mynd/Bílaleiga Akureyrar

## Bílaleiga Akureyrar:

# Keyptu 70 rafbíla á einu bretti

## – Vantar fleiri hleðslustöðvar um landið

**Höldur-Bílaleiga Akureyrar festi kaup á 70 rafbílum á dögunum, en um er að ræða stærstu einstöku kaup á rafbílum hér á landi.**

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á orkuskipti í bílaflota sínum, en um 15% bílanna nú eru raf- eða tvinnbílar. Stefnt er að því að fjórðungur bílaflotans verði raf- eða tvinnbílar á næsta ári, að sögn Steingríms Birgissonar, framkvæmdastjóra félagsins.

Bílarnir eru af gerðinni Kia-Niro og er bróðurpartur þeirra, um 60 bílar, þegar komnir til landsins og komnir í útleigu. Steingrímur segir að félagið hafi smám saman verið að fjölga umhverfisvænum bílum í sínum flota og vildu gjarnan gera það hraðar. Það sem hamlar helst er að innviði skorti hér og hvar um landið, við hótel og gististaði vanti fleiri hleðslustöðvar.

Viðskiptavinir vilji gjarnan leigja rafbíla, en enn sem komið er nýtir einungis innlendi markaðurinn þá bíla. Þeir erlendu ferðamenn sem eru á ferð um landið geti ekki nýtt sér þá þar sem ekki er á vísan að róa með hleðslu á gististað. Steingrímur vonar að úr því rætist en Orkusjóður hafi auglýst styrki til gististaða sem vilja byggja upp hleðslustöðvar við fyrirtæki sín.

### *50 milljónir í hleðslustöðvar*

Steingrímur segir að vissulega sé dýrt að koma upp hleðslustöðvum. Höldur-Bílaleiga Akureyrar hefur undanfarin misseri staðið í uppbyggingu á slíkum stöðvum. Við nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík, í Skútuvogi 8, er búið að setja upp 26 stöðvar en gert ráð fyrir við uppbygginguna að hægt verði að fjölga þeim upp í 100. Við Reykjavíkurflugvöll voru settar upp 6 hleðslustöðvar og þær eru jafnmargar á Akureyri, en dreifast á þrjá staði.

„Við erum með 38 hleðslustöðvar núna og ljóst að við munum fjölga þeim umtalsvert á næstunni," segir Steingrímur. Fjárfesting við uppbygginguna nemur um 50 milljónum króna, en 6 til 8 milljóna króna styrkur fékkst úr Orkusjóði. */MÞÞ*

# Lárus Sigurður er nýr formaður Garðyrkjufélagsins

**Lárus Sigurður Lárusson var kjörinn nýr formaður Garðyrkjufélags Íslands á aðalfundi félagsins á dögunum.**

Hann tekur við af fráfarandi formanni, Ómari Valdimarssyni, sem mun áfram sitja í ritnefnd Garðyrkjuritsins.

Ný í stjórn hlutu kosningu þau Konráð Lúðvíksson og Þóra Þórðardóttir en nýir varamenn voru kjörnir þeir Gísli Tryggvason og Sigurbjörn Einarsson. Áfram sitja í stjórn félagsins þau Guðríður Helgadóttir, Eggert Aðalsteinsson og Kristján Friðbertsson. Nýr formaður félagsins starfar sem lögmaður alla jafna. Hann er einnig formaður stjórnar Menntasjóðs námsmanna og hefur sinnt ýmsum félags- og trúnaðarstörfum í gegnum tíðina. Hann er giftur Sævari Þór Jónssyni, lögmanni og MBA, og saman eiga þeir einn son.



Nýr formaður Garðyrkjufélags Íslands, Lárus Sigurður Lárusson.

Garðyrkjufélag Íslands er eitt af elstu félagasamtökum landsins, stofnað árið 1885. Félagið hefur starfað óslitið í 136 ár og á þeim tíma staðið fyrir öflugri fræðslu- og útgáfustarfsemi, þ.m.t. útgáfu Garðyrkjuritsins. Félagið starfrækir bæði bóksölu og bókasafn, sem geymir fjölda bóka sem margar hverjar eru ófáanlegar annars staðar. Þá rekur félagið einnig fræbanka sem aðgengilegur er á heimasíðu félagsins; www.gardurinn.is. */MHH*


Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

FJÓS ERU OKKAR FAG
Íslensk framleiðsla




Skágrindur - Átgrindur - Milligrindur
Við framleiðum skágrindur/átgrindur fyrir allar stærðir nautgripa ásamt fjölmörgum stærðum af milligrindum. Hægt er að nálgast upplýsingar um stærðir sem í boði eru inn á heimasíðu Landstólpa.
Nánari upplýsingar veitir sölumaður landbúnaðarsviðs í síma **480 5600** eða í netfangið **landstolpi@landstolpi.is**

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi – 480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum – 480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

RANDEX
RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ
• Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
• **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
• **Hagstætt verð**




**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

VÉLABÁSINN

# Sjö manna Toyota Proace, rúmgóður á góðu verði


Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Fyrir nokkru síðan keyrði ég á eftir Toyota Proace leigubíl sem mér virtist vera hagnýtur og plássmikill bíll og fór í Toyota til að fá að prófa og skoða bílinn nánar. Eftir rúman 300 km akstur var ég nokkuð sáttur við bílinn og tel hann vænlegan kost fyrir þá sem þurfa pláss fyrir marga farþega og mikinn farangur.**

Þegar ég settist inn í bílinn fann ég strax að ökumannssætið var að fara vel með mig og keyrði sem leið lá upp í Þjórsárdal í þeim tilgangi að finna hvernig manni líður við að sitja lengi í bílnum. Eftir því sem kílómetrarnir töldu leið mér betur og betur og greinilegt að þessi bíll er góður sem vinnubíll og í lengri ferðir, hávaðamælingin kom vel út. 1,5 lítra dísilvélin nánast hljóðlaus og bíllinn vel einangraður gagnvart umhverfishljóðum. Á 90 km hraða mældist hávaðinn inni í bíl vera 68,8 db. Fín mæling, en þess ber að geta að bíllinn var á sumardekkjum, en ekki á heilsársdekkjum eins og margir bílar sem umboðin hafa reynsluakstursbíla á.

Uppgefin eyðsla á hundraðið er á bilinu 5,6 til 6,2 á hundraðið við bestu aðstæður, en að loknum 333 km akstri sýndi aksturstölvan að ég hafði verið að eyða 6,6 lítrum á hundraðið.

Á malarvegi heyrðist lítið steinahljóð undir bílnum, fjöðrunin tók vel smærri holur og má keyra hann ansi ákveðið í beygjur á lausri möl án þess að hann missi grip á annaðhvort fram- eða afturhjól, en þegar hann missti grip voru það öll hjólin sem misstu gripið á sama tíma þannig að þyngdin virðist vera nokkuð jöfn á öll hjól.

### *Vél, skipting og verð*

Toyota Proace er framleiddur í samstarfi m.a. með Citroën og Peugeot og eru bílarnir svipaðir í framleiðslu og útliti. Hægt er að fá nokkrar mismunandi stærðir og útfærslur af Toyota Proace, en bíllinn sem var prófaður er sjö manna bíll og nefnist „family +“ (lengri gerðin), er með 1,5 l dísilvél sem skilar 130 hestöflum (mætti alveg vera kraftmeiri þegar kemur að brekkum og íslenskum mótvindi).

Bíllinn er sjálfskiptur með 8 þrepa skiptingu og kostar 6.970.000.

Mikið er lagt upp úr öryggi og er bíllinn m.a. með árekstrarviðvörunarkerfi, umferðarskiltaaðstoð, akreinalesara, sjálfvirkan hraðastilli og blindsvæðisskynjara.

Bíllinn kemur með fullbúið varadekk sem er undir bílnum að aftan. Smá ábending:

Af fenginni reynslu þá vill boltinn sem festir varadekkið ryðga fastur og hef ég snúið svona bolta í sundur við að ná varadekkinu undan, því er gott að setja vel af koppafeiti á boltann og losa reglulega.

### *Hugsaður sem fjölnota bíll*

Til að bíllinn nýtist á sem hagkvæmastan hátt er hugsað fyrir mörgu, geymsluhólf fyrir smærri hluti eru mörg bæði frammi í bíl og aftur í.

Hægt er að leggja niður sætin þannig að möguleiki er að flytja hluti sem eru allt að 3,5 metra langir. Einnig er auðvelt að taka sætin úr bílnum og val um að miðjuröð sætanna séu 3 stök sæti (hægt að leggja þau öll niður).

Rennihurðirnar á hliðunum virðast við fyrstu sýn vera mjóar og litlar, en eru í raun þægilegar að ganga um og þægilegt að opna.

Fótarými er gott í miðjusætunum, en síðra í öftustu tveim (mæli ekki með þeim fyrir mjög stóra einstaklinga í lengri ferðir).



Toyota Proace City Verso.

Myndir / HLJ



Farangursrýmið er mikið og öftustu tvö sætin er auðvelt að taka úr bílnum vilji maður enn meira rými.



Olnbogarými er gott og plássið er fínt í miðjusætunum.



Þykk járnplata er undir vélinni, en ekki plast sem er bara dæmt til að brotna í íslenskri vetrarfærð.



Fyrst fannst mér þetta auka mælaborð vera óþarft þegar ég sá það, en með öllum þessum upplýsingum sem þar er hægt að fá, þykir mér það bara gott.




Hljóðlátur á 90, ekki nema 68,8 db.



Fullbúið 16 tommu varadekk er undir bílnum að aftan.




Stend oft sjálfan mig að því að vera of nálægt næsta bíl, en þá skammaði Proace mig.

## Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.430-1.690 kg |
| Hæð | 1.880 mm |
| Breidd | 1.884 mm |
| Lengd | 4.753mm |

### *Lokaorð*

Álitlegur bíll til brúks, þægilegur í akstri og rúmgóður, sparneytinn, vel einangraður gagnvart umhverfishljóðum utan frá. Þrátt fyrir ágætis fjöðrun á malarvegum þá mundi ég velja 16 tommu felgurnar undir bílinn til að ná enn meiri fjöðrun út úr dekkjunum á vondum vegum. Fær góðan plús fyrir að vera með fullbúið 16 tommu varadekk.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Góð heilsa er mikill fjársjóður



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í nýliðnum kosningum hjó ég eftir því að einn stjórnmálaflokkurinn var með það á stefnuskrá sinni að koma á reglubundinni læknisskoðun á fólk frá vissum aldri. Fannst þessi stefna og hugmynd góð þar sem að ég er í hópi þeirra sem of sjaldan fer til læknis til að láta yfirfara og skoða sjálfan mig svipað og öll mín ökutæki árlega.**

Sennilega er þessi trassaskapur minn til kominn að ég verð aldrei veikur, en ég veit vissulega að ég má og get bætt ýmislegt til að mér líði betur eins og flestir aðrir.

### *Gott svar sem ég mátti ekki segja frá*

Fyrir nokkrum árum hitti ég fyrrverandi heimilislækninn minn, sem er kona, komin á aldur og hætt að vinna. Ég spurði hana hvernig gengi að halda heilsu á efri árum og hvort hún gæti svarað í sem fæstum orðum hvernig ætti að viðhalda góðri heilsu á efri árum? Svarið var einfalt, en hún tók það fram að ég mætti ekki hafa þetta eftir sér þar sem hún vissi að ég skrifa um forvarnir í Bændablaðið. Ég nátturlega hlusta ekkert á það og svar hennar var:

Borða hollan mat reglulega, hreyfa sig mikið, sofa vel á móti hreyfingunni og umfram allt að stunda mikið kynlíf.

### *Einfaldar stöður og hreyfingar geta skipt miklu máli*

Í yfir 15 ár hef ég átt við hálsmeiðsl að stríða, en hef lært að lifa með þessum meiðslum (sem ég varð fyrir í vinnuslysi haustið 2004). Að keyra bíl í lengri keyrslum getur verið mér erfitt og þá sérstaklega bíla sem eru lágir á veginum og ég þarf að horfa beint fram eða upp á við. Því var það að læknisráði að ég skipti úr lágum fólksbíl í jeppling svo ég myndi horfa aðeins niður á veginn í stað þess að horfa beint áfram, ekki halla sætinu aftur við akstur. Við þessa litlu breytingu gat ég setið lengur í bíl, en best finnst mér að keyra vörubíl þar sem ég horfi niður á veginn.

Einnig eru lappirnar farnar að gefa sig og fyrir mörgum árum fór annað hnéð að „pirra“ mig, en lausnin var að passa það að standa jafnt í báða fætur sem mest og þá væri maður ekki að skekkja allan skrokkinn.

Það eru til einfaldar lausnir sem maður getur fundið á veraldarvefnum við mörgum kvillum og auðvelt að nálgast leiðbeiningar um líkamsstöðu og annan kvilla, en fyrst og fremst þarf maður að vinna í hlutunum sjálfur og leita hjálpar áður en í óefni er komið.



Jón Gunnar í ræktinni á Grensás með gamla þreytta boxpúðann.




Þessi myndskýring sýnir vel hvað maður gerir sjálfum sér í símaskoðun.

### *„Prjónakonuverkir“ í hálsi og herðum er oftast manni sjálfum að kenna*

Prjónakonur fá oft verki í háls og herðar sem eru ekki ósvipaðir verkir og þeirra sem mikið eru í símanum, en sama hvar maður er þá sér maður fólk í símanum að skoða eitthvað „misviturlegt“. Of oft sér maður að viðkomandi er í kolrangri stellingu við þessa símanotkun og engin furða að viðkomandi sé illt.

Að halla höfðinu fram of mikið er álag á háls og herðar sem leiðir til verkja. Höfuðið er þyngsti hluti líkamans, en með því að venja sig á að halla ekki höfðinu of mikið fram líður manni strax betur.

### *Hrós vikunnar fær Jón Gunnar Benjamínsson*

Það vakti athygli mína fyrir nokkru síðan þegar vinur minn, Jón Gunnar Benjamínsson, sem bundinn er við hjólastól eftir slys, lýsti ferð sinni í líkamsrækt á endurhæfingardeildinni á Grensás. Jón setti inn færslu á Facebook um að „vinur hans“, boxpúðinn á Grensásdeildinni, væri orðin gamall og lúinn eftir margra ára barsmíðar og leitaði eftir einstaklingum og fyrirtækjum til að endurnýja púðann. Það liðu ekki margir klukkutímar þar til að verslunin Sportvörur, Stefán Logi Magnússon og Haraldur Dean Nelson voru búnir að redda nýjum boxpoka og eiga þeir sérstakan heiður skilinn.

Þarna sannaði máttur Facebook sín vel og gjafmildi þeirra sem brugðust við þörfinni. Höldum á lofti góðum málum, hreyfum okkur reglulega og rétt, þá líður manni betur og brosir oftar.

Lely Center Ísland
HAUGHRÆRUR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
Kemur næst út
21. október

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Auglýsingasíminn er
56-30-300

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



# Kópareykir



**Kópareykir er ríkisjörð í sunnanverðum Reykholtsdal. Sama ættin hefur setið jörðina frá 1901.**

**Býli:** Kópareykir.

**Staðsett í sveit:** Kópareykir er í Reykholtsdal, Borgarfirði.

**Ábúendur:** Hjónin Jón Eyjólfsson, bóndi, rúningskennari, slátrari og tamningamaður og Rebecca Dorn næringarfræðingur, sem kom 2008 frá Þýskalandi til Íslands, ásamt börnum sínum, Atla Reinhard (10 ára) og Eydísi Ósk (7 ára).

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Auk fólksins eru á bænum Border Collie tíkur, Bella, Lína og Lotta – og kötturinn Keli.

**Stærð jarðar?** 285 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbúskapur, hrossarækt og ferðaþjónusta.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 365 vetrarfóðrað, 42 hross, 10 hænur og haninn Manni.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vaknað frá klukkan 7.00 til 7.30, börnin í skóla, Jón í vinnu, Rebecca gerir þetta sem þarf að gera heima (til dæmis gefa, hugsa um ferðaþjónustu, temja/þjálfa hesta).

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður og hestaferðir með gesti er mjög skemmtilegt. Leiðinlegt er að sjá eftir fallegum lömbum fara í sláturhús.



Fjölskyldumynd með Hrönn og Helga, dætrum úr fyrra sambandi og barnabörnum.

Svo er girðingarvinna ekki í uppáhaldi eins og kannski sést.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Minnkandi búskapur og vaxandi ferðaþjónusta.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Gott aðgengi að endurnýjanlegri orku, hreint vatn og lítil notkun lyfja og varnarefna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Smjör, ostur, egg, ávextir og grænmeti, safi, mjólk, AB, sulta og bjór.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambalæri með ofnkartöflum, stór skál af fersku salati, rauðkál og grænar baunir.



Atli Reinhard og Eydís Ósk.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það var 2014 þegar gestahúsið okkar kom.

## MATARKRÓKURINN

# Ofnsteiktir lambaskankar með fullt af íslensku grænmeti

**Bjarni Gunnar Kristinsson**
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



**Miðjarðarhafskryddað lambakjöt, soðið í rauðvíni og tómatsósu með grænmeti, kryddi og ferskum kryddjurtum. Fullkomið með fersku lambakjöti eða í næsta kvöldmat!**

### Miðjarðarhafskryddaðir lambaskankar

**Hráefni fyrir kryddblöndu:**

- 2¼ tsk. hvítlauksduft
- 1 tsk. sæt spænsk paprika
- 1 tsk. salt
- 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
- ¾ tsk. malaður múskat

**Hráefni fyrir lamb:**

- 6 stk. lambaskankar
- 2 msk. extra virgin ólífuolía
- 1 miðlungsstór gulur laukur, gróft saxaður
- 2 sellerírif, söxuð
- 3 stórar gulrætur, afhýddar og skornar í stóra bita
- 500 g kartöfluslmælki, skrúbbaðar
- 2 bollar rauðvín, má nota óáfengt sem fæst í matvörubúðum
- 3 bollar nautasoð (vatn og kraftur)
- 1 dós afhýddir tómatar
- 2 stk. kanilstangir
- 4 ferskt timian
- 2 greinar ferskt rósmarín



*Aðferð*

Hitið ofninn í 170 gráður.

Í lítilli skál, blandið öllu hráefninu í kryddblönduna saman.

Látið lambaskankana á fat og kryddið með kryddblöndunni á öllum hliðum.

Í stórum ofnpotti, hitið 2 msk. ólífuolíu yfir miðlungsháum hita. Brúnið lambaskankana á öllum hliðum (um það bil 8 mínútur eða svo). Flytjið lambaskankana á stóra bakka. Hendið aukafitu og setjið pottinn aftur í hitann.

Bætið nú lauknum, selleríinu, gulrótunum og kartöflunum saman við. Steikið í 5-7 mínútur á meðalháu, eða þar til grænmetið fær lit. Bætið rauðvíni út í, skafið steikarskánina á botninum þannig að hún leysist upp. Eldið stuttlega þannig að vínið minnkar aðeins.

Bætið soði, tómötum, kanilstöngum, timian og rósmarín út í. Stráið smá salti og pipar yfir. Bætið lambaskönkunum aftur í pottinn; þrýstið niður undir yfirborðið. Sjóðið í 10 mínútur. Slökkvið á hitanum.

Hyljið pottinn og flytjið í 170 gráðu heitan ofninn. Eldið í ofninum í 2½ tíma (það er góð hugmynd að athuga reglulega í gegnum eldunina ef þarf að bæta aðeins meiri vökva við. Þegar skankarnir eru tilbúnir mun vökvinn hafa minnkað í um það bil ⅓ af því sem hann var í byrjun).

Á meðan lambaskankarnir eru að eldast, útbúið meðlæti, eins og nýtt grænmeti, sem er bætt í pottinn þegar eldun á eftir um klukkustund.

Berið lambaskanka heita fram með smá af grænmetinu og soðsósunni úr pottinum, sem er gott að bragðbæta og þykkja eftir smekk.



Geymsla afganga: Leyfið lambakjöti að kólna alveg áður en það er geymt.

Geymið í kæli í glerílátum með loki í 3 daga eða svo. Hitið í gegnum miðlungshita, bætið smá vökva við ef þörf krefur.

### Hnúðkál, brokkolí og radísusalat

Þessi uppskrift er byggð á íslensku uppskerunni, gott grænmeti sem hægt er að borða hrátt sem meðlæti eða sem forréttur eða millimál.

**Hráefni**

- 500 g blandað grænmeti, hnúðkál, svartar radísur og brokkolí, skorið þunnt eða rifið niður (hvaða blöndu sem er)
- salt eftir smekk um ½ tsk.
- 1½ bolli vatn
- 1 matskeið sykur
- ½ bolli hrísgrjónaedik
- 2 msk. rifin myntulauf eða saxaður kóríander (valfrjálst)

*Aðferð*

Blandið rifnu grænmetinu í stóra skál og kryddið með um ½ tsk salti. Setjið í sigti sem sett er yfir skál eða í vaskinn. Látið standa í um 30 mínútur.

Á meðan er vatni, sykri og ediki blandað saman í pott, suðan látin koma upp og tekin af hitanum. Hellið í skálina sem grænmetið var blandað í og látið kólna niður í stofuhita.

Skolið grænmetið stuttlega og kreistið það þurrt. Bætið í skálina með ediksblöndunni og hrærið saman. Geymið í kæli í eina klukkustund eða lengur. Til að bera fram, takið grænmetið úr edikbaði með skeið og raðið á fat. Skreytið með myntu eða kóríander og berið fram.

## HANNYRÐAHORNIÐ



# Húfan Mótbárur

**Fljótleg og hlý húfa úr einni hespu af dvergabandi frá Uppspuna. Nafnið MÓTBÁRUR kemur til vegna þess að kaðlarnir, sem mynda bárur, snúa gegnt hver öðrum og togast á sitt á hvað.**

**Höfundur:** Hulda Brynjólfsdóttir.
**Stærðir:** (XS-M) L-XXL)

**Efni:** Dvergaband 100 grömm / 100 metrar

40 cm hringprjónn nr. 5,5 mm Hjálparprjónn fyrir kaðlaprjón. Sokkaprjónar nr. 5,5 mm

**Útskýring á kaðlaprjóni:** Í þessari uppskrift eru kaðlarnir látnir mætast, þannig að annar kaðallinn er prjónaður til vinstri og hinn til hægri. Til að prjóna til vinstri eru 3 lykkjur settar á hjálparprjón og teknar fram fyrir stykkið. Næstu 3 lykkjur eru prjónaðar sléttar og síðan lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar.

Til að prjóna kaðal til hægri, eru lykkjurnar á hjálparprjóninum settar aftur fyrir stykkið, næstu 3 lykkjur prjónaðar sléttar og síðan lykkjurnar af hjálparprjóninum sléttar. Leiðbeiningar um kaðlaprjón má finna á slóðinni: https://www.youtube.com/watch?v=V0Gm9nTP1z4

**Uppskrift:** Fitjið upp (64) 80 lykkjur á hringprjón nr 5,5. Ef þið prjónið laust er best að nota 5,0 í báðar stærðirnar, en ef þið prjónið fast, er ágætt að nota stærri prjónastærðina.

**Prjónið á eftirfarandi hátt:**

Umferð 1 og 2: Prj. sl fram og til baka. Tengið í hring og prjónið áfram 2L brugðnar, 6L slétt; 5 umferðir. Prjónið kaðla í sléttu lykkjurnar. Kaðlarnir eru látnir snúa á móti hvorum öðrum með því að taka 3 lykkjur framfyrir stykkið annars vegar og aftur fyrir stykkið hins vegar. Þ.e.a.s. fyrst prjónið þið 2L brugðnar, Prjónið kaðal með því að taka 3L á hjálparprjón fram fyrir stykkið, prjóna næstu 3L sléttar og síðan af hjálparprjóninum. Prjónið 2L brugðnar, Prjónið næsta kaðal með því að taka 3L á hjálparprjón aftur fyrir stykkið, prjóna næstu 3L og síðan af hjálparprjóninum. Þetta er endurtekið út umferðina. Prjónið kaðla á þennan hátt með 7 umferðum á milli.

Húfan er prjónuð áfram á þennan hátt þar til hún mælist (16) 18 cm. Þá er byrjað að taka saman.

Fyrst eru brugðnu lykkjurnar prjónaðar saman brugðnar allan hringinn. Prjónið eina umferð á hefðbundinn hátt.

Prjónið næstu umferð þar sem 4. og 5. lykkja í köðlunum eru prjónaðar saman til vinstri (takið eina lykkju framaf prjóninum, prjónið næstu slétt og steyðið þeirri óprjónuðu yfir).

Prjónið eina umferð á hefðbundinn hátt.

Prjónið næstu umferð, þar sem 2. og 3. lykkja eru prjónaðar saman Prjónið eina umferð á hefðbundinn hátt.

Prjónið næstu umferð þannig að tvær lykkjur eru prjónaðar saman og tvær lykkjur saman til vinstri og ein lykkja brugðin allan hringinn.

Prjónið næstu umferð þannig að sléttu lykkjurnar eru prjónaðar saman.

Ef þörf er á kaðalsnúning í úrtökunni, prjónið þá eina umferð á hefðbundinn hátt eftir snúninginn, áður en haldið er áfram með úrtökuna.

Slítið frá, dragið þráðinn í gegnum lykkjurnar, saumið inn enda, saumið stroffið saman. Skolið og leggið til þerris.




Í Þingborg fæst tvíband og einband, sérvalin alíslensk lambsull. Tvíbandið er í uppskriftinni hér í blaðinu, einstakt band sem er frábært í jafnt vettlinga, sokka sem peysur.

www.thingborg.is
www.ullarvikan.is

ULLARVIKA 2020
South Iceland WOOLWEEK




ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Lely Center Ísland
Landbúnaðarleikföng



Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 2 | | | | | |
| | 4 | 1 | | | 8 | | | |
| | 7 | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | | 6 | 1 | |
| | | 8 | | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 9 | | | |
| | | | 6 | | | | 5 | |
| 7 | | | | 8 | 1 | | 2 | |
| | | | 5 | | 4 | | | 9 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | 7 | 2 | | 6 | 9 | |
| | | | 5 | | | | | 7 |
| | | | | | | 1 | 2 | |
| | | 3 | | | 5 | | | |
| | 5 | | | 9 | | | | |
| 7 | | 6 | | | 8 | | | 4 |
| 2 | | 9 | | | | 8 | | 1 |
| 3 | | | | | | | 5 | |
| | | | | | 3 | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 4 | | | 7 | |
| | | 1 | | | 8 | | | 4 |
| | 2 | | | | 7 | | | |
| 9 | | | | | | 6 | 8 | |
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | 5 | 4 | | | | | | 1 |
| | | | 5 | | | | 1 | |
| 6 | | | 1 | | | 3 | | |
